BLAÐ HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Sámur

1. tbl. 49. árg. júní 2018 · verð 999.- kr.

Brit

Fyrir kröfuharða hunda

Brit PREMIUM

Brit care
PREVENTION BY NUTRITION

CARNILOVE into the Wild

www.petmax.is

STJÓRN HRFÍ

Formaður:
Herdís Hallmarsdóttir

Varaformaður:
Daníel Örn Hinriksson

Stjórn:
Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Pétur Alan Guðmundsson
Þorsteinn Thorsteinson

Vara stjórn:
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Viktoría Jensdóttir

Ábyrgðarmenn:
Guðný Isaksen
Herdís Hallmarsdóttir

Ritstjóri:
Klara Símonardóttir

Ritnefnd:
Alexandra Björg Eyþórsdóttir
Anja Björg Kristinsdóttir
Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Ásta María Karlsdóttir
Bjarnheiður Erlendsdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Heiðrún Finnsdóttir
Inga Björk Gunnarsdóttir
Jóhanna Reykjalín
Svava Björk Ásgeirsdóttir

Prófarkalestur:
Klara Símonardóttir

Auglýsingar:
hrfi@hrfi.is

Umbrot:
Linda Björk Jónsdóttir

Prentun:
Prentmet

Útgefandi:
Hundaræktarfélag Íslands
Síðumúla 15
108 Reykjavík
Sími: 588-5255
Vefsíða: www.hrfi.is
Netfang: hrfi@hrfi.is
ISSN 1027-4235
Sámur 1. tbl 49. árg 2018

Sámur kemur út tvisvar sinnum á ári í 2800 eintaka upplagi. Blaðið er fyrst og fremst sent skuldlausum félögum HRFÍ. Auk þess fá erlend hundaræktarfélög, fjölmiðlar, sjúkrastofnanir og bókasöfn blaðið sent til sín. Tímaritið er einnig selt í lausasölu. Aðsent efni í blaðið er á ábyrgð höfundar og þarf ekki að lýsa skoðun ritnefndar eða stefnu félagsins. Eftirprentun er bönnuð nema að fengnu leyfi höfundar.

Forsíðumynd Sáms að þessu sinni er af ISCH Midnight Sun, ræktuð Elínborg Birna Sturlaugsdottir, eig. Róbert Daníel Jónsson. Róbert Daníel tók myndina í Vatnsdalshólum.

FRÁ RITSTJÓRA

Í öllum keppnum felst samkeppni. Samkeppni hefur oft á sér neikvæðan stimpil vegna þeirrar neikvæðu hegðunar sem henni fylgir stundum en hún getur einnig verið og ætti að sjálfsögðu helst alltaf að vera uppbyggjandi. Hundasportið er uppfullt af tilfinningum enda erum við að keppa með heimilishundana okkar í hinum ýmsu greinum og getur það verið virkilega svekkjandi þegar dómarinn sér ekki það sem við sjáum í dýrinu. Þá reynir á sjálfsstjórnina í því að stoppa pirringinn og svekkelsið og tilhneiginguna að kenna öðrum um að ekki gekk eins vel og við bjuggumst við (dómara eða öðrum keppendum) og reyna frekar að sjá hvar við getum gert betur. Hvernig getum við nýtt keppnina til þess að bæta okkur sjálf og hundinn okkar. Getum við æft meira? Hreyft meira? Snyrt betur? Sýnt eða þjálfað betur? Í stað þess að horfa með neikvæðum augum á hundana sem urðu fyrir ofan okkar eigin hund er mjög sterkur leikur að horfa á þá með jákvæðu gleraugunum, hvernig stóðu þeir sig í dag, hvað gerði leiðandi/sýnandi hundsins vel. Með því að nýta jákvæðnina eru meiri líkur á því að við náum að gera gott úr degi sem gæti verið betri og getum byggt upp betri árangur í framtíðinni. Fyrir fáeinum árum var ég spurð af hverju ég talaði svona vel um tík í minni tegund sem var ítrekað í efstu sætunum í tegundinni og oft „fyrir mér og mínum“. Svarið kom spyrjandanum nokkuð á óvart en ég benti á að tíkin væri óneitanlega góð og að það gerði mína hunda ekki betri á neinn hátt að skíta hana út. Það er auðvelt að detta í neikvæðni og miklu auðveldara að gera lítið úr hinum í stað þess að skoða hvar maður geti sjálfur gert betur en með jákvæðu viðhorfi má nýta samkeppni til uppbyggingar í stað niðurrifs.

Nú er komið að síðasta tölublaði mínu sem ritstjóri Sáms. Tíminn hefur einkennst af miklum lærdómi og mikilli vinnu en nú er komið að breytingum. Það sem mig langar að skilja eftir með lesendum blaðsins er ótakmarkað þakklæti til allra sem koma að vinnu við blaðið. Ekki væri möguleiki á að gefa út félagsblað sem er þar að auki eina hundablaðið á Íslandi án þess að til komi ómæld vinna ritnefndar blaðsins og Lindu sem sér um umbrot og útlit blaðsins.

Takk fyrir

Klara Símonardóttir, ritstjóri.

EFNISYFIRLIT

TEGUNDARKYNNING: BORDER COLLIE 4
PUNKTAR FYRIR SÝNENDUR 6
WESTMINSTER KENNEL CLUB HUNDASÝNING Í NEW YORK 8
KONUR Í VEIÐI 10
DOCK DIVING – SARAH ANTON Í KANADA 12
SÝNINGAR OG RÆKTUN, BANDARÍKIN VS. ÍSLAND. 16
SEGULÓMTÆKI TIL ÍSLANDS 19
CRUFT 2018 20
HUNDAR TIL SJÓS! 22
NORDIC WINNER 2017 26
LEIÐSÖGU- OG HJÁLPARHUNDAR 27
STEFANÍA SIGURÐARDÓTTIR -STEFSSTELLS RÆKTUN. 28
STIGAHÆSTI HUNDUR ÁRSINS Á SÝNINGUM 32
STIGAHÆSTU RÆKTENDUR ÁRSINS 33
STIGAHÆSTI UNGI SÝNANDI ÁRSINS Í YNGRI FLOKKI 34
STIGAHÆSTI UNGI SÝNANDI ÁRSINS Í ELDRI FLOKKI 35
STIGAHÆSTI HUNDURINN Í HLÝÐNI OG STIGAHÆSTI HUNDURINN Í SPORI 36
STIGAHÆSTU HUNDAR Í HUNDAFIMI 37
NÝIR MEISTARAR 38
HUNDASÝNING: WINTER WONDERLAND, NÓVEMBER 2017 40
BIS VIÐTAL - ISCH ISJCH RW-17 ARKENSTONE DRIVING MISS DAISY – „BLÍÐA“ 45
HUNDATENGT STARF: STÖRF Á SKRIFSTOFU HRFÍ 46
NÝR HEIÐURSFÉLAGI: LILJA DÓRA HALLDÓRSDÓTTIR 47
HUNDASÝNING: NORÐURLJÓSASÝNING, MARS 2018 48
BIS VIÐTAL - BIS MBISS AMCH CANCH ISCH MASKARADE'S A LEGEND IN MY OWN TIME – „LEGEND“55

TEGUNDARKYNNING:

BORDER COLLIE

Border collie er fjárhundur sem á uppruna að rekja til Bretlands og Skotlands. Hann er einstaklega góður fjárhundur og fjölhæfur vinnuhundur. Sama hvað lagt er fyrir hann; hlýðni, spor, hundafimi, flyball, rally. Einnig er hann frábær leitarhundur hvort sem er í víðavangsleit eða snjóflóðaleit og að sjálfsögðu frábær fjölskylduhundur, enda talin ein gáfaðasta hundategund í heimi.

Hér á eftir kemur lausleg þýðing á tegundarlýsingunni sem gefin er upp hjá FCI:

TEXTI: GUÐRÚN S. SIGURÐARDÓTTIR
TENGILIÐUR BORDER COLLIE.

Border collie er meðal stór hundur, kjörhæð hunda er 53cm á herðakamb en tíka aðeins lægri.

Hann er mjög meðfærilegur, þolgóður og vinnusamur fjárhundur, ákafur og vakandi, móttækilegur og gáfaður. Hvorki taugaveiklaður né árásargjarn.

Almennt útlit: Góð hlutföll, jafnar útlínur sem sýna gæði, tígulleika og fullkomið jafnvægi ásamt nægri fyllingu til að gefa þol til kynna. Allar tilhneigingar sem benda til grófleika eða veikleika eru óæskilegar.

Mikilvæg hlutföll: Höfuðkúpa og trýni u.þ.b. jafn löng. Búkurinn á að vera aðeins lengri en axlarhæðin.

Höfuð og hauskúpa: Kúpan er frekar breið, hnakkinn lítið áberandi. Kinnar hvorki bústnar né kringlóttar. Vöðvinn sem mjókkar niður að nefinu er hæfilega stuttur og sterkur. Stoppið er greinilegt.

Nefið: Það skal vera svart nema á brúnum hundum en á þeim má það vera brúnt. Á kolgráum ætti nefið að vera dökkkolgrátt. Nasir eru vel þroskaðar.

Augu: Það er langt á milli þeirra, egglaga, miðlungsstór, brún nema á kolgráum hundum sem mega hafa annað eða bæði eða hluta af öðru eða báðum augum dökkblágrá. Svipur mildur, ákafur, vakandi og gáfulegur. Yrjóttir hundar mega hafa annað eða bæði eða hluta af öðru eða báðum augum blá.

Eyru: Meðalstór með góðu bili. Hálf upprétt eða upprétt. Næm í notkun.

Munnur: Tennur og kjálkar sterk með fullkomið skærabit. Örlítið yfirbit. Jaxlar beinir.

Háls: Góð lengd, sterkir vöðvar, dálítið bogin og breikkar niður að öxlum.

Framhluti: Framfætur eru samsíða þegar þeir eru skoðaðir framan frá. Kjúkan hallast dálítið skoðuð frá hlið. Beinin eru sterk en ekki þung. Axlirnar liggja vel aftur, olnbogar nálægt líkamanum.

Búkur: Stæltur, rifbein fjaðrandi. Bringan hvelfd og frekar breið, lendar hvelfdar og kraftalegar en ekki samandregnar. Búkurinn örlítið lengri en hæð á herðar.

Afturhluti: Breiður, kraftalegur frá hlið (hallast þokkafullur að skottinu) Skottið aflíðandi frá lend. Lærin eru löng og hvelfd, kraftaleg með vel beygðum hnjáliðum og sterkir, greinilegir hæklar. Frá hækli og niður eru afturfætur beinaberir og samsíða þegar skoðað er aftan frá.

Fætur: Egglaga, þófar, djúpir og sterkir.

Tær bognar og þétt saman. Klær stuttar og sterkar.

Skott: Miðlungs langt, brjóskið nær niður að hælbeini, liggur lágt, vel loðið og beygist neðst upp í krók og fullkomnar tígulegt yfirbragð og jafnvægi hundsins. Skottið má lyftast þegar hann er spenntur en það liggur aldrei yfir bakið.

Göngulag og hreyfingar: Frjálst mjúkt og líflegt með lítilli fótlyftu sem gefur til kynna hæfileika til að hreyfa sig hratt og laumulega.

Feldur: Tvær feldgerðir 1) meðallöng hár 2) snöggur feldur. Í báðum tilfellum eru yfirhárin þétt með miðlungs áferð, undirhárin eru mjúk og þétt og verja vel fyrir veðri. Miðlungs feldur, hefur tilbrigði, langhærður feldur myndast á makka, afturenda og skotti. Á andliti, eyrum og framlöppum (að undanskildum hárbrúski aftan á löpp) á löppum frá hækli að jörð eiga hárin að vera stutt og mjúk.

Litur: Allir litir leyfilegir. Hvítt má þó aldrei vera yfirgnæfandi.

Hundar skulu hafa tvö eðlileg eistu sem eiga að vera komin niður í punginn.

Gallar: Öll frávik frá ofangreindu skal líta á sem galla. Meta skal gallana í nákvæmu hlutfalli við það hve áberandi þeir eru, hve mikil áhrif þau hafa á heilsu og velferð hundsins sem og getu hans til að sinna þeirri vinnu sem hann er ræktaður til.

Gallar sem valda því að hundur sé dæmdur úr keppni: Árásargirni eða yfirdrifin feimni. Allir hundar sem sýna greinileg líkamleg einkenni og/eða afbrigðilega hegðun skal dæma úr keppni.

Border collie er einstaklega góður fjölskyldu hundur, góður með börnum og fljótur að læra. Hann vill ekkert frekar en að þóknast eigandanum í hverju og einu, hvort sem það er að sækja inniskóna, leika nýjar kúnstir, kúra, nú eða spila fótbolta eða leika með frisbee og bara hvað eina sem hugurinn girnist.

Boder collie er frekar heilsuhraust tegund, það þarf að mjaðmamynda og augnskoða ræktunardýr auk þess sem hægt er að DNA prófa fyrir nokkrum arfgengum sjúkdómum sem þó hafa ekki verið að koma upp hér á landi.

Það er ekki mikil feldhirða en þó meiri á loðna afbrigðinu sem þarfnast reglulegrar burstunar.

Þjálfun fjárhunda er að sjálfsögðu misjöfn og hver hefur sitt lag. Þrátt fyrir það gengur þetta allt að vissu leiti út á það sama, að vinna með eðli hundsins, og styrkja hann í að vinna eins og eðli tegundarinnar segir til um. Innbyggt í eðli border collie er að safna fénu saman og halda því að smalanum. Grunnatriði í smölun eins og allri annarri vinnuþjálfun er að hundurinn sé taminn og hlýði. Helstu skipanir sem gott er að hafa eru gott innkall og að geta stoppað hundinn og helst fengið hann til að sitja/liggja þar sem hann er. Sem sagt fjarlægðar stjórnun, hundurinn á ekki að koma til eigandans og setjast þar heldur að stoppa þar sem hann er staddur og sitja/liggja/stoppa þar uns næsta skipun kemur.

Sé border collie með góðan vinnuáhuga og gott eðli er fljótgert að þjálfa upp nothæfan fjárhund ef grunnhlýðni er til staðar. Allt sem þarf er fjárhelt hólf, nothæfar kindur og að sjálfsögðu að fara með hundinn að æfa sig.

FCI er með reglur um eðlispróf og fjárhundapróf fyrir tegundina. Eðlisprófið skiptist í tvo hluta, í fyrri hlutanum er skapgerð og viðmót hundsins metið sem og tenging hans við stjórnandann, eingöngu má fara í seinni hlutann ef hundurinn stenst fyrri partinn. Í seinni hlutanum er smalaeðlið metið, hvort hundurinn hegðar sér eins og tegundin segir til um í návígi við kindur, hundurinn þarf ekki að hafa reynslu af smölun til þess að taka þetta próf.

Fjárhundaprófið er aftur fyrir meira tamda hunda þá þarf hundurinn að taka fé út úr rétt, fylgja smalanum með það ákveðna leið, reka féð frá smalanum eftir ákveðinni braut og sækja það með réttu úthlaupi, koma með það til smalans og reka inn í rétt.

PUNKTAR FYRIR SÝNENDUR

(sem nýtast líka fyrir flesta aðra keppnisviðburði innan félagsins)

- Brostu – jafnvel þegar þú vinnur ekki
- Óskaðu öðrum sýnendum til hamingju þegar þeim gengur vel
- Vertu kurteis
- Vertu almennileg/ur
- Ekki ræða við dómarann, svaraðu bara því sem hann/hún spyr þig um, hafir þú spurningar skaltu beina þeim til hringstjórans
- Þú færð það sem þú færð og uppnám gagnast ekkert – jafnvel þó þú hafir „átt“ að sigra á ekki að pakka kurteisinni niður og storma út
- Tryggðu að hundurinn þinn fái vatn og næringu á sýningarstað
- ALDREI má taka pirring út á hundinum, hann var ekki einn inni í hring
- Ekki neita að taka við rósettum eða borðum – ef þú vilt ekki eiga þetta skaltu skila því aftur til hringstjóra eftir að tegundin er búin (eða í miðasölu)
- Þakkið starfsfólkinu – ef enginn væri að vinna á sýningunum væru engar sýningar
- Ekki troðast nánast ofan á aðra sýnendur við hringinn, það er nóg pláss fyrir alla
- Ekki fara á Facebook og tala illa um dómara/sýninguna/sýningastjórn/aðra sýnendur/smábarn í lausagöngu, beindu gagnrýni beint til þeirra sem geta gert eitthvað í málunum
- Fylgstu með hvað þú ert að gera inni í hring svo þú sért ekki kominn í hálsmálið á næsta fyrir framan, það skemmir fyrir öllum og það taka allir eftir því – líka dómarinn
- Komdu vel fram við þá sem mæta til að hjálpa þér eða styðja við bakið á þér, ef þú hreytir í fólkið þitt eru allar líkur á því að það mæti ekki oftar
- Umfram allt – skemmtu þér! Hver sem útkoman er ferð þú heim með besta hundinn. Þú ert mætt/ur til að sýna bestu hliðar hundsins (og þín!)
- Sýningar veita frábært tækifæri til að hitta gamla vini en líka til að eignast nýja vini – ef þú sérð einhvern í vandræðum bjóddu fram aðstoð, þó það sé ekki meira en bara smá pepp áður en viðkomandi fer inn í hring
- Vertu hvetjandi og þá er sérstaklega nauðsynlegt að hvetja áfram nýja sýnendur og unga sýnendur. Allir eiga sína slæmu daga og hundarnir líka, ef það kemur fyrir þig skaltu ekki örvænta, það er alltaf önnur sýning framundan
- Ekki taka kast ef þú missir af hringnum þínum en það er á þína ábyrgð að fylgast með því hvort dómarinn fer hratt eða hægt yfir. Þú berð ábyrgð á því að vera á réttum stað á réttum tíma
- Gættu að hreinlætinu – skildu svæðið eftir eins og þú komst að því eða í betra ásigkomulagi

ROYAL CANIN®

WESTMINSTER KENNEL CLUB

HUNDASÝNING Í NEW YORK

Newfoundland hundur í uppstillingu í Madison Square Garden

Ein af þessum gömlu hundasýningum sem margir þekkja er **Westminster Dog Show** sem haldin er í Bandaríkjunum og það síðan 1877. Sýningin er í fjólubláum og gylltum litum sem einkenna Westminster. Í dag er hún haldinn á sýningarsvæði á Manhattan Pier 92/94 en úrslit eru í Madison Square Garden Manhattan í New York í febrúarmánuði ár hvert.

TEXTI OG MYNDIR: LÁRA BIRGISDÓTTIR

2018 sigraði Flynn af tegund bichon frise, ræktunarnafnið hans er GSHp CH Belle Creek's All I Care About Is Love.

Sýnandi hans var Bill McFadden sem er atvinnusýnandi. Bill McFadden hefur áður landað Best in show á Westminster 2003 en þá var hann með kerry blue terrier. Þetta var síðasta sýning bichon frise hundsins Flynns en núna fer hann til eigenda síns. Bill McFadden segir Flynn frábæran ljúfan hund sem eigi í honum hjartað og hann á eftir að sakna hans. Bill átti alls ekki von á að fara alla leið í Best In Show, en hann fór með það að markmiði að gera eins vel og hægt var með þessum fallega hundi og vonaði að geta sýnt hann vel, það heldur betur skilaði sér og varð hann lang bestur, sigurvegari sigurvegarana!

Best in Show dómarinn, Betty Anne Stenmark sagði í ávarpi áður en hún krýndi sigurvegarann „valið stendur um að velja besta hundinn eftir staðli hvers hundakyns, en ekki hver er krúttlegastur" eflaust nefndi hún þetta eftir að sussex spaniel hundurinn Bean krúttaði yfir sig með að setjast og lyfta framfótum upp til dómarans, við þetta ætlaði höllin að rifna af fögnuði.

Í úrslitum voru glæsilegir fulltrúar annarra tegunda, reserve best in show sem er veitt fyrir annan besta hundinn var Ty sem er giant schnauzer. Ty er stigahæsti hundurinn í Bandaríkjunum 2017.

Aðrir í best in show úslitum voru border collie hundurinn Slick. Borzo tíkin Lucy, pug hundurinn Biggie, sussex spaniel hundurinn Bean og norfolk terrier hundurinn Winston. Þessir hundar voru svo fallegir og vel upp stilltir að unun var á að horfa. Giant schnauzer og border collie voru svo flott sýndir að ekki var hægt annað en segja WOW.

Eftir sigur á Westminster þá á margt eftir að gerast hjá Flynn, fara sigurför um New York borg strax eldsnemma daginn eftir sýningu. Byrjað á að fara upp í Empire State bygginguna í myndatökur, Flynn fer svo í viðtöl hjá fjölmörgum sjónvarpsstöðvum, borðar steik á dýrindis veitingastað sem heitir Sardi's og hringir inn bjöllunni á Wall Street.

Til að fá að sýna hund á Westminster þarf hundurinn að vera meistari eða með meistarastig (major win). Skráning lokar eftir 2800 hunda. Top 5 hundarnir í sinni tegund fá boðskort frá Westminster hundaræktarfélaginu.

Fyrir nokkrum árum var byrjað að vera með hlýðni og hundafimi og nýtur það vinsælda, eins er kynningardagur hundakynjanna sem er vinsælt þá sérstaklega fyrir fólk og fjölskyldur til að kynna sér tegundirnar og fá að klappa hundunum sem var haldið á laugardegi fyrir sýningu. Hundarnir eru dæmdir á mánudegi og þriðjudegi á Westminster.

Flynn
(GSHp CH Belle Creek's All I Care About Is Love).
Eigendur: Patina og Bruce Odette, Linsay Van Keuren, Lorrie Chrlton, L Letsche DVM.
Ræktendur: L Van Keuren og G Blue, LL Carlton og LA Letsche DVM.

Ungur sýnandi að sýna american shepherd

Standard poodle snyrtur fyrir hringinn

Besti hundur tegundar í nova scotia duck tolling retriever

Westminster er ekki vörusýning, aðeins nokkrir vörubásar eru á sýningu á Pier 92/94

Deildarsýningar eru haldnar fyrir Westminster á hótelum, oftast fyrir smærri hunda. í ár voru sýningar á hótel Pennsylvanía og á New Yorker hótelinu sem er á Manhattan. Flest hótel taka hunda og hafa aðstöðu sérstaklega fyrir hundana. OG Já það má sýna á hótelteppinu og enginn dó eða kvartaði!!

Við Pennsylvania hótelið eru rútur allan daginn til að fara á sýninguna á Pier 92/94 og er það ókeypis í boði Westminster hundaræktarfélagsins, sem var mjög þægilegt að nota.

New York er frábær borg og margt að sjá, það er undarlegt að sjá alla þessa hunda um allt á Manhattan en jafnframt eitthvað svo ævintýralegt, Ameríkanar eru frjálsir í skoðun og áður en maður veit af þá veit maður allt um þá þegar spjallað er við þá. Eins þegar horft var á úrslit í MSG þá var almenningur ófeiminn að láta heyra í sér hver væri vinsæll af hundunum með hrópum og köllum. Einn áhorfandi hrópaði látlaust þegar hundurinn hans var sýndur, Siba, Siba svo hátt að það yfirgnæfði, Siba var shar pei tík sem hann átti, það fór ekki á milli mála að tíkin var hans.

Mæli með að allavega fara einu sinni á þessa flottu sýningu í New York. Sýningakerfið er annað en í Evrópu og á Norðurlöndum, tíkur og rakkar fara inn saman sem kallast Best of Breed class. Allir hundar sem sýndir eru yfir daginn eru á básum svipað og á Crufts. Þar eru flestir með borð og blásara að undirbúa sig fyrir að fara í hring, mjög áhugavert að sjá undirbúning við að snyrta hundana, alltaf eitthvað nýtt og áhugavert að sjá. Margir eru atvinnu sýnendur að verki við að ná

Í stóra hringnum

fram besta í hundinum. En líka ræktendur og sýnendur sem eru í þessu hundastússi af ástríðu!

Westminster 2019 verður 11. og 12. febrúar, mæli með að byrja að plana ferð á Westminster hundasýninguna in New York.

KONUR Í VEIÐI

Veiðisportið hefur ávallt verið talin nokkuð karllæg íþrótt enda eru töluvert fleiri karlmenn sem stunda áhugamálið en konur. Þrátt fyrir það hafa karlarnir alltaf tekið á móti konunum sem og öllum öðrum nýliðum með opnum örmum. **Konur hafa sýnt og sannað að þetta er vissulega íþrótt sem allir hundaeigendur geta stundað - karlar sem konur. Kynin koma saman í veiði með það að markmiði að veiða, njóta útiveru og náttúrunnar og leyfa hundinum að stunda það sem hann var þróaður til þess að gera.** Sámur spjallaði við nokkrar fræknar veiðikonur bæði úr retrieverdeildinni og fuglahundadeild, þær Margréti Pétursdóttur, Fanneyju Harðardóttur, Sigríði Aðalsteinsdóttur, Díönu Sigurfinnsdóttur, Guðbjörgu Guðmundsdóttur, Ingibjörgu Friðriksdóttur, Svövu Guðjónsdóttur, Örnu Ólafsdóttur, Unni Unnsteinsdóttur, Kristínu Jónasdóttur, Sigrúnu Guðlaugardóttur og Þórgunni Eyfjörð sem stunda þetta stórskemmtilega áhugamál að staðaldri og fékk þeirra sýn á sportið.

TEXTI: HAFDÍS JÓNA ÞÓRARINSDÓTTIR
MYNDIR: KRISTÍN JÓNA SÍMONARDÓTTIR, INGIBJÖRG FRIÐRIKSDÓTTIR OG PÉTUR ALAN GUÐMUNDSSON

Ýmsar deildir innan Hundaræktarfélagsins, eins og fuglahundadeild, vorstehdeild og retrieverdeild, standa fyrir ýmiss konar veiðiprófum sem og æfingum sem félagsmenn geta sótt. Hlutfallslegur munur kynjanna hefur alltaf verið tiltölulega mikill og karlar verið í miklum meirihluta en undanfarin ár hafa þó fleiri og fleiri konur verið að bætast í hópinn sem er skemmtileg og jákvæð þróun. Á móti virðist hlutfall karla vera að aukast meðal þeirra sem stunda ræktunarsýningar félagsins sem er gaman að sjá. Það er óvíst hvers vegna svo fáar konur sækja í veiðisportið en þetta er vissulega tímafrekt áhugamál þar sem mikil þjálfun er að baki árangri í veiði. Díana Sigurfinnsdóttir telur vandamálið jafnvel liggja í fullkomnunaráráttunni sem einkennir gjarnan konur. „Við konur þekkjum það einnig að vilja alltaf gera allt upp á 110% og hræðumst það að gera mistök eða að eitthvað gangi ekki upp. Samt sem áður verða konur að taka af skarið og kýla á þetta, hvort sem það gangi upp eða ekki."

Lykilatriðið er að koma, hafa gaman af og veita hundinum þá virðingu að gera það sem hann var hannaður til að gera og leyfa honum að njóta þess. En þær nefndu það allar að það sem þær sækjast einna helst í er að njóta útiverunnar, félagsskapsins og fylgjast með hundunum vinna sína vinnu. Guðbjörg nefndi að reynsluboltarnir hafi ávallt verið boðnir og búnir að aðstoða þá sem kæmu nýir inn í sportið. ,,Ég er svo heppin að eiga mjög góða vini sem hafa nennt að taka nýgræðing með sér á veiðar og leyft mér að nýta mér þeirra veiðihunda við veiðar." Alltaf bætast fleiri og fleiri konur í hópinn, sem er mjög jákvæð þróun, en fleiri kvenfyrirmyndir vantar. Kynin spegla sig að hluta til í sínu eigin kyni. Því þurfa fleiri konur að halda

áfram að mæta í próf og vera fyrirmyndir fyrir aðrar konur sem eru að stíga sín fyrstu skref í veiði. Þar að auki gætu þær konur sem eru að þjálfa sína hunda og mæta í próf ef til vill boðið upp á hittinga og verið í samskiptum á samfélagsmiðlum. Margrét Pétursdóttir telur einnig að fjölgun kvendómara geti hvatt skráningu kvenna til muna.

Retrieverdeildin býður upp á fjölda veiðiprófa frá vori og fram á haust. Prófdómarar eru bæði íslenskir og erlendir en gaman er að nefna að Margrét Pétursdóttir, eini íslenski kvenprófdómarinn, mun dæma í ágúst næstkomandi. Nýlega hóf deildin að bjóða upp á vinnupróf sem gætu ef til vill hentað betur þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í veiðiprófum þar sem það fyrirkomulag er líkara æfingum en unnið er með gervibráð eða „dummy'. Þessi vinnupróf gætu verið góð hvatning fyrir alla nýliða til að mæta og prófa þetta skemmtilega sport í góðum félagsskap. Svava Guðjónsdóttir byrjaði að mæta í próf fyrir um það bil átta árum og hefur verið dugleg að mæta síðan því hún telur það vera forréttindi að fá að vinna með hundinum. ,,Ég er í þessu fyrst og fremst vegna þess að mér finnst gaman að vinna með hundum. Það er alveg dásamlegt að fylgjast með þeim vinna vinnuna sem þeir eru ræktaðir fyrir, hvernig þeir staðsetja bráð sem fellur og nota nefið og vindinn til að finna fallna bráð. Með þessari þjálfun myndast góð tengsl á milli manns og hunds."

Veiðipróf standandi fuglahunda samanstanda af sækiprófum og heiðarprófum. Aðsókn kvenna í prófin fjölgar á hverju ári og þá sérstaklega í sækiprófin. Einnig var fjöldi kvenna meiri en nokkurn tímann áður á meginlandshundaprófi síðastliðið vor. Öll prófin eru þó jafn skemmtileg þar sem hundurinn fær að vinna vinnuna sína með besta félaga sínum og færir samvinnan milli hunds og manns þetta á allt annað plan, þó það sé einungis verið að líkja eftir veiði í veiðiprófunum. Unnur Unnsteinsdóttir nefndi að þrátt fyrir að konur séu ekki fjölmennar í veiði og á prófum í dag þá fer þeim fjölgandi og eru þær duglegar að hópa sig saman sem gerir þjálfunina enn fjölbreyttari og skemmtilegri. Einnig er gaman að segja frá því að Unnur var nýlega samþykkt inn í fuglahundadómaranám, fyrst kvenna á Íslandi!

Það er gaman að sjá aukningu í þátttöku kvenna í veiðiprófum enda er þetta skemmtileg íþrótt sem sameinar íslenska náttúru, hreyfingu og samveru með besta félaganum. Andinn og félagsskapurinn á prófum og við þjálfun er dásamlegur sem gerir þetta sport svo frábært. Allir reynsluboltarnir eru ávallt til í að miðla upplýsingum og útskýra ef þörf er á. Þegar kröftugir hópar kvenna koma saman í þeim tilgangi að þjálfa hundana sína og stunda veiðisportið næst ómetanleg stemning og samheldni. Margrét nefndi einnig að það sé nauðsynlegt að konur fái kennslu og leiðbeiningu eins og aðrir byrjendur, þá eru þeim allir vegir færir. Það er í höndum kvennanna sjálfra að styðja sig og styrkja til þess að efla veiðisportið á Íslandi. Það breytir þessu enginn nema konur sjálfar.

Innilegar þakkir til allra flottu veiðikvennanna sem komu að þessari grein.

DOCK DIVING
– SARAH ANTON Í KANADA

Dock Diving er ekki enn farið að ryðja sér til rúms á Íslandi en það kemur eflaust fljótlega að því. Af öllu hundasporti er þessi íþrótt sú sem er vex hvað hraðast þessa dagana.
Sarah Anton býr í Kanada og var meira en til í að svala forvitni Sáms um þetta skemmtilega sport.

HÖFUNDUR: SVAVA BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR
MYNDIR: SARAH ANTON

HVAÐ ER *„DOCK DIVING“* OG FYRIR HVAÐ STENDUR ÞAÐ?

„Í stuttu máli er þetta íþrótt fyrir hunda sem felur í sér að þeir stökkva af einskonar bryggju út í vatnslaug. Síðan er mælt hversu langt þeir stökkva út í vatnið. Það eru nokkur samtök sem eru að vinna með þetta og hafa þau sína eigin flokka í dock diving keppni, t.d. Novice dog, Senior dog, Master og Top dog svo dæmi séu tekin. Hversu langt hundurinn stekkur ákvarðar í hvaða flokk þeir eru settir. Til dæmis stekkur hundurinn minn, hann Ferris, 6 – 7 metra og gerði það allt síðasta ár og er því kominn með titil í flokknum „Senior Dog“.

HVERJIR GETA TEKIÐ ÞÁTT Í ÍÞRÓTTINNI? ERU ALLAR TEGUNDIR VELKOMNAR OG Á ÖLLUM ALDRI?

„Það geta allir tekið þátt í þessu en hundurinn verður að vera 6 mánaða eða eldri til þess að mega keppa“.

HVERNIG FER ÞJÁLFUNIN FRAM ? ÞARF HUNDURINN AÐ HAFA EINHVERJA SÉRSTAKA EIGINLEIKA EÐA GETU TIL ÞESS AÐ VERA DOCK DIVING HUNDUR?

„Hundurinn þarf að elska leikföng (high toy drive), geta synt og elskað vatn. Þjálfunin getur átt sér stað í hvaða hundalaug sem er. Ég vinn líka með leikeðlið á föstu landi og eins æfi ég mikið sækiþjálfun með hundunum mínum. Flestir nota uppáhalds leikfang hundsins í þessa þjálfun, það verður að geta flotið á vatni, og því er hent í laugina og hundurinn eltir það í laugina og sækir það. Það er sérstakur

rampur fyrir hundinn upp á bakkann aftur þegar hann er búinn að sækja. Til þess að geta átt möguleika á því að verða góður í þessu sporti þarf hundurinn að hafa mjög sterkt vinnueðli, vera áræðinn, elska að fá verkefni og að vera í líkamlega góðu formi og sterkur."

HVAÐ ER MIKILVÆGAST VIÐ ÞJÁLFUNINA?
"Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir að hundurinn kunni grunnatriði í hlýðni og eigi traust samband við þjálfara sinn. Best er að byrja á að þjálfa sund, svo sækiþjálfun og að síðustu þjálfa áhuga hundsins á leikföngum".

HVERNIG MYNDIR ÞÚ MÆLA MEÐ AÐ FÓLK HEFJI ÞJÁLFUN Í SPORTINU?
„Það er nauðsynlegt að fólk hafi aðstöðu í viðurkenndri laug. Byrja á því að æfa hundinn í að elta dót ofan í laugina af rampinum. Þegar hundurinn er orðinn öruggur á rampinum án þess að hika þá færið þið ykkur að bryggjunni. Nauðsynlegt er að byrja ekki of aftarlega, kannski 1-2 metrum frá enda bryggjunnar og hendið dótinu í laugina, hvetjið hundinn til að elta dótið í vatnið. Þegar hundurinn er orðinn öruggur í þessu getið þið fært ykkur aftar".

EF FÓLK HEFUR EKKI SÉRSTAKA LAUG TIL AÐ ÞJÁLFA Í, HVAR MYNDIR ÞÚ RÁÐLEGGJA FÓLKI AÐ ÆFA SIG?
„Það eru í raun engar aðstæður til sem eru sambærilegar við þessar sérstöku laugar. Bryggja við tjörn gæti gengið en það er mjög mikilvægt að hafa yfirborð á bryggjunni sem er stamt fyrir hundinn, hann má alls ekki renna. Aðstæður þurfa að vera öruggar fyrir hunda og menn. Að notast við venjulega sundlaug fyrir manneskjur gæti verið spurning, en ég spyr mig aftur um öryggi hundanna. Það verður að vera undirlag þar sem hundurinn rennur alls ekki".

HVAÐ ER ÞAÐ SEM ÞARF AÐ PASSA VEL UPP Á VARÐANDI ÖRYGGI HUNDANNA? ER SPORTIÐ AÐ EINHVERJU LEYTI HÆTTULEGT FYRIR HUNDANA?
„Það þarf að ganga úr skugga um að hundurinn sé það hraustur að hann höndli það andlega krefjandi álag sem þessu fylgir. Hundarnir þurfa að vera í góðu formi og mjög sterkir. Þetta er krefjandi sport, allt frá því að hlaupa niður bryggjuna, stökkva og svo sundið sjálft. Til þess að koma í veg fyrir meiðsli er mjög mikilvægt að halda hundinum í góðu formi. Hundurinn minn borðar meira á keppnistímabilinu vegna þess að hann er að hreyfa sig svo rosalega mikið og getur orðið grannur á þessum tíma. Annað sem þarf að hafa í huga varðandi öryggi er vatnseitrun. Það getur verið mjög hættulegt ástand og þeir sem stunda sportið ættu að kynna sér vel einkennin".

Þegar Sarah er beðin um að segja okkur frá bakgrunni sínum í hundum segir hún að hún hafi alltaf elskað að þjálfa hunda, alveg frá því að hún var barn. Hún ólst

upp með lhasa apso hundi sem fjölskylda hennar átti og hún vann með honum í hlýðniþjálfun og kenndi honum fjöldamörg trix. Þegar hún fullorðnaðist einbeitti hún sér enn meira að þjálfun og gekk til liðs við góðan þjálfunarskóla. Hún var mikið að einbeita sér að hlýðniþjálfun. Fyrsti hundurinn sem hún byrjaði að vinna með var rottweiler sem var munaðarleysingi sem hún tók að sér, svo eignaðist hún golden retriever sem hún vann mikið með í hlýðni. Eftir þá reynslu langaði hana í hund með sterkara vinnueðli og fleiri eiginleika, og þá kynntist hún tegundinni australian shepherd sem hún ræktar í dag undir ræktunarnafninu Morning Dove.

„Aussie er hin fullkomna tegund fyrir mig! Ég elska hvað þeir eru vinnufúsir og auðþjálfanlegir. Síðan ég fékk aussie hef ég þjálfað þá til sýninga, hlýðni, hundafimi og dock diving. Ég hef einnig keppt með hundunum mínum í þessu öllu saman. Dock diving í Kanada er árstíðabundið sport svo að það er bara sumarsportið okkar. Þetta er stutt en mjög skemmtilegt tímabil!

HVERS VEGNA FINNST ÞÉR AUSTRALIAN SHEPHERD HENTA SVONA VEL Í ÞETTA SPORT ?

„Þeir elska að þjóna eiganda sínum. Þeir hafa líka svo sterkt vinnueðli sem er svo frábært í þessu sporti. Þeir eru líka líkamlega hraustir og vel til þess fallnir að stunda allskonar hundasport, þeir ráða vel við líkamlega þjálfun“.

Sarah byrjaði í dock diving fyrir fjórum árum síðan með tíkina sína. Hún elskaði það í fyrstu en núna hefur hún ákveðið að henni finnist bara ekki gaman að stökkva. Svo að núna sér hún aðallega um að vera í klappliðinu fyrir Ferris bróður sinn.

„Það er þannig með þetta sport að ef hundurinn vill ekki stökkva þá geturðu reynt allskonar aðferðir við að reyna að hvetja hann og fá hann til þess að stökkva á jákvæðan hátt, en ef þeir vilja alls ekki stökkva hvað sem reynt er þá er í rauninni ekkert sem þú getur gert. Hundurinn verður að vilja það sjálfur“.

Þegar Sarah er spurð um það hvernig hún haldi hundunum sínum í formi og hvort hún sé með sérstakt fóður fyrir hundana sína segir hún að lykilatriðið sé að hundarnir fái hollt og gott fóður sem veitir þeim næga orku til þess að keppa. Persónulega gefi hún hundunum sínum hráfóður og gefur þeim fiskiolíu, þara og bætiefni fyrir liði. En hvernig er þjálfuninni háttað hjá henni og hundunum?

„Varðandi þjálfun þá erum við dugleg að mæta í tíma fyrir hunda þar sem við notum FitPaws búnaðinn og gerum allskonar æfingar til þess að vinna með styrkleika og jafnvægi. Við erum mikið í göngutúrum fyrir þol og styrktar þjálfun og það finnst okkur skemmtilegt. Einnig mætum við í sjúkraþjálfun á milli móta til þess að ganga úr skugga um að hundarnir séu í toppstandi. Ég fer líka stundum með þá til kírópraktors af og til yfir tímabilið ef þörf krefur“.

Eins og áður hefur komið fram er Dock Diving skemmtilegt og ört vaxandi hundasport í Kanada og Bandaríkjunum. Í Kanada eru félög mjög opin fyrir nýjum meðlimum og gera mikið úr því að öllum líði vel, það finnst Söruh skipta miklu máli í svona félagasamtökum. Þær helgar sem hún sé á mótum sé nóg um að vera alla helgina og mikil gleði og gaman.

Við þökkum Söruh Anton kærlega fyrir frábærar upplýsingar um þessa spennandi nýjung í hundasportinu og vonum að það líði ekki á löngu þar til hundar á Íslandi geti farið að æfa íþróttina.

Frekari upplýsingar um Dock Diving má finna á vefsíðunni:
www.caninewatersportscanada.com

LEIÐRÉTTING

Í síðasta blaði varð ruglingur á úrslitum hvolpa þar sem shih tzu hvolpurinn sem varð besti hvolpur sýningar var sagður pug en nokkur munur er á tegundum.
Við biðjum eiganda hvolpsins velvirðingar og birtum hér réttar upplýsingar.

SEPTEMBER 2017
Besti hvolpur sýningar 6-9 mánaða
1. sæti Pom4you Double O' Seven, IS23217/17
Shih tzu
Eigandi: Sigurlaug Sverrisdóttir
Ræktandi: Sigurlaug Sverrisdóttir

BOZITA

ROBUR

engineered by nature

MADE IN SWEDEN

Korn- og hveitilausar uppskriftir
Inniheldur ekkert hveitiglútein

Náttúruleg fóðurvirkni
Án ónauðsynlegra aukaefna

Hágæða prótein
Allt að 84% dýraprótein

FRÍ HEIMKEYRSLA*

Allilja ehf / www.robur.is / s.822-6181 / robur@robur.is

*vegna staðsetningar keyrum við aðeins heima að dyrum á höfuðborgarsvæðinu, suðurnesjum og suðurlandi. 50% afsláttur af póstsendingum ?t? land.

Isledox Longfellow Serenade „Rider“
Reserve best in show í Alaska

Belle Sun's Moon Shadow „Shadow“ Best puppy, reserve winners bitch á Havanese national-i

LaRen Royal Heir Jareaux „Chaz“ (Papillon) og Foxlore Xmas Kane Jareaux „Kane“ (Pembroke welsh corgi) vinna báðir sína tegundahópa sama dag, góður dagur fyrir ræktanda!

SÝNINGAR OG RÆKTUN, BANDARÍKIN VS. ÍSLAND

Hundamenningin er mismunandi milli landa. Ef við lítum á Bandaríkin þá er viðhorf almennings til hunda öðruvísi en hér. Allt er öðruvísi uppsett þó grunnhugmyndin sé sú sama, jú halda utan um skráningu á hreinræktuðum hundum, nota þá í vinnu, sýningar og fleira. Ég ákvað að bera saman sýningarheim Bandaríkjanna og þann sem við þekkjum á Íslandi ásamt því að skoða hvernig ferlið í kringum ræktun er.

TEXTI: ERNA SIGRÍÐUR ÓMARSDÓTTIR

Í Bandaríkjunum er Ameríska hundaræktarfélagið (The American Kennel Club, AKC), félagið sér um ættbækur, ræktunarstaðla og þess háttar störf á meðan undirfélög innan AKC sjá um sýningarnar, hlýðni, veiðipróf og aðra viðburði, til dæmis Seattle Kennel Club. Þau félög sjá eingöngu um viðburði.

Sýningahelgar í Bandaríkjunum eru yfirleitt 2-4 dagar og eru þá allar tegundir sýndar alla daga eins og á tvöföldu útisýningarnar hérna heima. Einnig eru sérsýningar oft settar við þessar helgar til að auka skráningar og þá getur sýningarhelgi endað þannig að það séu margar sérsýningar á til dæmis miðvikudegi og margar ef ekki allar haldnar á sama stað og sýningarnar dagana eftir.

Það tíðkast mikið í Bandaríkjunum að nota atvinnusýnendur *(e. professional handlers)* en einnig sýna eigendur og ræktendur sjálfir. Atvinnusýnendur þurfa að fara í gegnum ákveðið ferli til að fá samþykki og er hægt að fá viðurkenningu frá tveimur stofnunum, annars vegar *AKC Professinal Handlers* eða *Professinal Handlers' Association*. Þessar tvær stofnanir gera mismunandi kröfur þegar farið er í gegnum ferlið að fá viðurkenningu og einnig eru ekki sömu kröfur hvernig bílar eða húsbílar þurfa að vera uppsettir eða loftræstir og þess háttar.

AKC byrjaði fyrir ekkert svo löngu að gefa stig fyrir hunda sem væru sýndir af eigendum sínum í sér keppni *„Owner-handled“*. Þá fer besti *„Owner-handled“* hundurinn inn í sinn tegundahóp þar sem keppt er við aðra *„Owner-handled“* hunda sem fara svo í sér *„Best in show“* keppni. Oft eru nokkrir eigendur og ræktendur skráðir á hund en svo er fólk sem er þekkt sem styrktaraðilar hunda. Þeir eiga hundinn að hluta til, borga auglýsingar og

hluta að skráningargjöldum og gjöldum tengdum ferðum. Sýnendur sem eru með þannig hunda ferðast oft milli ríkja og borga og *„elta“* ákveðna dómara sem hundinum hefur gengið vel hjá til að safna stigum. Á þessum ferðalögum fer sýnandinn mögulega með bara þennan eina hund eða þá einn til tvo auka hunda sem þeir sýna líka.

Sýningar í Bandaríkjunum eru ýmist utandyra eða innandyra og fer snyrtiaðstaða eftir því. Úti leggur fólk bílum, húsbílum, hjólhýsum eða því farartæki sem það mætir á ásamt tjöldum *(e. canopy)* sem og borðum, blásurum og er snyrtidót sett undir og svo grindur fyrir hundana. Farartæki og grindur eru settar upp úti en oft er snyrti aðstaðan inni en ekki þó alltaf. Þar fær fólk úthlutað *„hólfi“* sem það hefur fyrir sitt dót og sitt *„set-up“*. Yfirleitt eru feldhundar baðaðir á sýningardegi að minnsta kosti að hluta til og því er algengt að atvinnu sýnendurnir séu með 1-3 aðstoðarmenn, fer eftir fjölda hunda sem sá sýnandi er með að meðaltali.

Hér heima eru skrifaðir dómar á sýningum og að minnsta kosti tveir starfsmenn í hring, ritari og hringstjóri, ásamt dómara og miðað við ca. 4 mínútur á hund, þó að sumir dómarar séu fljótari en aðrir. Í Bandaríkjunum er hins vegar einn starfsmaður ásamt dómara inn í hring og engar umsagnir skrifaðar, dómari fyllir sjálfur út í úrslitaform sem hringstjóri gerir líka. Sýningarnúmer eru ekki send heim heldur sækja sýnendur númer hundanna sinna við hringinn fyrir dóm þar sem hringstjóri afhendir þeim númer og fá rakkar númer með oddatölu og tíkur sléttatölur. Í Bandaríkjunum er reiknað með ca. 2 mínútum á hund og eru sýningar fyrir allar tegundir *(e. all breed dog show)* eða þá sérsýningar. Þar er síðan keppt í sjö tegundahópum ólíkt þeim 10 sem eru hjá FCI og keppa þeir sigurvegarar um sætin Best in show og reserve best in show.

Sýningaflokkakerfið er töluvert örðuvísi en hér heima en þar geta hvolpar til dæmis fengið stig til meistara. Þar eru flokkarnir 6-9 mánaða, 9-12 mánaða, 12-15 mánaða, 15-18 mánaða, Novice, Amateur-Owner-Handler (sýnandi þarf að vera skráður eigandi hunds og ekki vera eða hafa verið skráður sem atvinnu sýnandi), Bred By Exhibitor (ræktandi sýnandi hundsins), American-Bred og Open. Í þessa flokka

Inn í sýningarhring

Grindur sem hundarnir eru hafðir í hluta úr degi. Hver hundur er svo hreyfður eftir sínum þörfum.

fara hundar sem eru ekki nú þegar meistarar. Hundar fá ekki meistaraefni eins og hér heima heldur bara sæta röðun, en dómari getur haldið eftir verðlaunum ef hann telur hundinn ekki verðugan þeirra. Besti rakki/tík í hverjum flokki kemur síðan inn og keppir um *„Winners Dog/Bitch“* sem fær síðan þau stig sem eru í boði. *„Winners Dog“* og *„Winners Bitch“* koma svo inn og keppa við meistarana í *„Best of breed“* keppninni, annað þeirra fær titilinn *„Best of winners“*. Til þess að verða ameríkskur meistari þarf 2 *„major“* og 15 stig. Major getur verið þriggja, fjögurra eða fimm stiga, og fer eftir skráningu hvort það sé major í boði eða ekki, stig í boði eru oft mismunandi milli ríkja eftir hversu margir eru skráir í því ríki. Hundur getur því klárað ameríska meistaratitil á einni helgi og þess vegna beint úr hvolpaflokki. Þegar þeir eru orðnir meistarar og komnir í *„Best of breed“* keppnina keppa þeir um stig upp í *„Grand champion“* titil sem skiptist í bronze, silver, gold og platinum eftir fjölda stiga og major-a. Í *„Best of breed“* keppni er raðað í eftirfarandi sæti: Best of breed, Best of winner (sem er þá winners bitch eða winners dog), Best of opposite sex, Select dog og Select bitch, á sérsýningum og national sýningum er svo líka oftast veitt Award of merit.

Síða 1 af skráningarpappírum

Síða 2 af skráningarpappírum

RÆKTUN

Þegar ræktun er borin saman í Bandaríkjunum og hér á Íslandi er ýmislegt ólíkt. Hér á landi þarf að fylgja ýmsum reglum og foreldrar þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði fyrir pörun og vera með gild vottorð. Hins vegar eru ekki samskonar reglur í Bandaríkjunum, þar setja tegundaklúbbar *(e. parent clubs)* viðmið og meðmæli og þeirra meðlimir gætu þurft að fylgja þeim viðmiðum til þess að vera í náðinni hjá sínum klúbb. Þessi viðmið er hægt að finna á heimasíðum tegundaklúbbanna.

AKC er með svo kallað *„Breeder of merit“* prógram hjá sér þar sem þeir ræktendur sem hafa unnið að baki brotnu fyrir sína tegund fá viðurkenningu en horft er í að ræktendur hafi unnið gott starf þegar kemur að heilsufarsvandamálum, skapgerð og heilsufarsprófum ásamt því að hugsa vel um og finna góð heimili fyrir hvolpa. Þetta er til þess að ræktendur geti sýnt fram á metnað sinn og vinnu við að varðveita einkenni sinnar tegundar og að rækta heilbrigða hunda.

The Breeder of merit prógramið er opið öllum ræktendum hreinræktaðra hunda og býður upp á ákveðin fríðindi, til dæmis getur ræktandi fengið ættbækur sem sýna að ræktandinn sé Breeder of merit, fær betri auglýsingu hjá AKC og fleira. Til þess að taka þátt þarf að uppfylla ákveðin skilyrði, meðal annars hafa verið virkur á AKC viðburðum í að minnsta kosti 5 ár, ræktað eða verið meðræktandi að minnsta kosti fjórum hundum sem hafa hlotið titla og fleira. Síðan er boðið upp á nokkur stig og bætist í kröfurnar fyrir hvert stig.

Skráningapappírar eru töluvert öðruvísi en við þekkjum. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig umsókn um skráningu á hvolpi lítur út, þar eru upplýsingar um foreldra, val um hvernig skráningu þú vilt, kortaupplýsingar settar inn, ættbókarnafn og svo framvegis. Það sem má einnig sjá er að á þessu blaði sem ætlað er papillon hvolpi koma valmöguleikar um liti neðst á blaðinu og þar setur þú inn tölurnar fyrir þann lit sem hundurinn er ásamt því að velja við hliðina á litamerkingar ef það á við, en það á ekki við í papillon og því ekkert að velja um þar. Á bakhliðinni þarf svo undirskriftir sem staðfesta hver/hverjir eru ræktendur af gotinu og ef aðrir eiga hundinn en það þarf nýi eigandinn einnig að staðfesta. Hér heima er þetta öðruvísi, hér þarf að fylla út pörunarvottorð sem er undirritað af eigendum rakkans og tíkarinnar, fylltur út hvolpalisti sem er undirritaður af ræktanda en eigendur þurfa ekki að skrifa undir hann. Einnig þarf að skila inn undirrituðu örmerkjablaði frá dýralækni.

Það má því segja að þessir hlutir séu töluvert ólíkir þó þeir séu þeir sömu. Sýningarheimurinn er sérstaklega ólíkur, við höfum 4 helgar og er þetta aðallega áhugamál á meðan þetta eru nánast allar helgar úti og þar er þetta meiri atvinnuheimur, báðir með sína kosti og galla.

PÖSSUM HUNDINN ÞINN
EINS LENGI OG ÞÉR HENTAR!

- Hlýleg og góð þjónusta
- Sér inni- og útistía
- Náttúrulegt umhverfi í sveit
- Staðsett 4 km. frá Selfossi

HUNDAGÆSLUHEIMILIÐ
ARNARSTÖÐUM

SÍMI 482 1030 og 482 1031 GSM 894 0485 og 864 1943
www.simnet.is/hundahotel

SEGULÓMTÆKI TIL ÍSLANDS

Segulómtæki fyrir gæludýr er ekki algengt á dýralæknastofum í heiminum en nú er komið til landsins slíkt tæki. Dýralæknarnir á Dýraspítalanum í Garðabæ stigu þetta stóra skref og eru núna að þjálfa starfsfólk í að taka myndir.

TEXTI: INGA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

Segulómtæki (MRI- magnetic resonance imaging) kostar margar milljónir og að auki fylgir kostnaður því að koma tækinu fyrir því það þarf sér húsnæði. Mikla sérhæfingu þarf til að nota tækið en úrlestur myndanna fer ekki fram hjá dýralæknunum í Garðabæ heldur eru myndirnar sendar á tölvutæku formi til sérstakra röntgendýralækna erlendis og svarið frá þeim kemur innan sólarhrings.

Tækið er ekki komið í fulla notkun en með vorinu verður komin full notkun á tækið. Þó eru nokkur gæludýr sem hafa fengið að njóta kosta þess í sjúkdómsgreiningu.

TÆKNIN

Mjög flókna tölvuúrvinnslu þarf til að gera mynd af þeim mjúkvef líkamans sem er verið að rannsaka. Myndin verður til með því að líkamshlutinn er settur í miðju segulsviðs. Segulsviðið, sem og útvarpsbylgjur, hafa áhrif á snúningsöxul vetnisróteinda í líkamanum. Samspilið á milli segulsviðs og útvarpsbylgja gera það að verkum að útvarpsbylgjur kastast til baka frá vefjum líkamans og til verður mynd. Stundum þarf að gefa skuggaefni í æð til að myndin verði skýrari.

Ekki er notuð röntgengeislun í þessari aðferð og er því greining með MRI talin skaðlausari en röntgenmyndataka.

Til að tryggja skýra mynd þarf að svæfa dýrin því þau þurfa að liggja kyrr í 30 – 45 mínútur og stundum lengur. Mikill hávaði er í tækinu sem myndi hræða ódeyfð dýr.

MRI er eina tæknin sem gerir dýralæknum kleift að rannsaka bein og mjúkvefi saman, en það er hvorki hægt með röntgen né sónar.

TILGANGUR

Tæknin býður upp á góða aðgreiningu á mismunandi vefjum líkamans og það getur hjálpað til við að greina hvar vandinn liggur nákvæmlega – er vandamálið í liðbandi, sin eða brjóski?

Helsta notkun tækisins er að gera segulómanir á liðum, höfði, heila, nefholi, innra eyra og hrygg. Það er sérstaklega hentugt til greiningar á taugatengdum vanda, til dæmis er hægt að greina hvort um er að ræða æxli, sýkingu, bólgur, blæðingu eða blóðþurrð í heila og brjósklos, þrengingu í mænugöngum, taugaklemmu eða æxli í mænu.

Í tækinu sem komið er til landsins getur reynst vandkvæðum bundið að mynda hrygg á stærri hundum eða hundum yfir 35 kg en það er þó alls ekki algilt.

Greining í tækinu er frekar dýr þannig að þessi tækni er eingöngu notuð þegar aðrar greiningaraðferðir munu ekki gagnast. Tryggingafélögin taka ekki þátt í að greiða fyrir greiningu í MRI.

Sámur óskar dýralæknunum til hamingju með tækið og fagnar þessari mikilvægu viðbót til að auðvelda sjúkdómsgreiningu gæludýranna okkar.

HEIMILDIR:

http://www.rontgen.is/index.php/segulomskodhanir-mri-2
https://www.donningtongrove.com/small-animal.html?pgid=259
https://animalwellnessmagazine.com/does-he-need-an-mri/
Dýralæknarnir á Dýraspítalanum í Garðabæ

Crufts 2018

Helgina 8-11. mars sl. var Crufts hundasýningin haldin en hún er ein sú stærsta í heiminum. Yfir 21.000 hundar eru skráðir til leiks og um 160.000 manns mæta á sýninguna. Crufts er fastur liður í hundalífi margra Íslendinga enda stutt að skjótast til Birmingham. Vegna innflutningsmála á Íslandi er ekki auðvelt fyrir Íslendinga að mæta með eigin hunda á Crufts en í ár var þó einn hundur skráður á íslenskan eiganda en þar var um að ræða gullfallegan ungan australian shepherd hvolp sem náði þeim frábæra árangri að verða besti hvolpur tegundar.

TEXTI: KLARA SÍMONARDÓTTIR

Þrír íslenskt ræktaðir shih tzu hundar voru skráðir til leiks og náðu þeir allir sætum í sínum flokkum sem er einstakur árangur en ræktandi þeirra náði í fyrra þeim áfanga að hafa ræktað besta rakka tegundar á Crufts. Íslensk boxer tík náði svo sæti sínum flokki í harðri samkeppni.

Íslendingar áttu fulltrúa í fleiri tegundum en íslenskt ræktaðir affenpincher, afghan hound og st. bernharðshundar tóku þátt, þeir komust ekki að þessu sinni í sæti í sínum flokkum enda er samkeppnin á Crufts vægast sagt mikil en það að koma hundi á Crufts er mikill árangur. Samkeppnin er gríðarlega mikil og í mörgum tegundum eru mörg hundruð hundar skráðir til keppni. Þeim mun fleiri góðir íslenskt ræktaðir hundar sem sjást á Crufts þeim mun meira opnast augu fyrir því erlendis að hægt sé að fá hágæða hunda frá Íslandi. Nokkuð var svo um hunda af íslenskum ættum á Crufts og náðu nokkrir góðum árangri þ.m.t. því að verða besti hundur tegundar. Einnig heyrðist af amk. einum íslenskum sýnanda á Crufts fyrir utan fulltrúa Íslands í keppni ungra sýnenda en þar var Vaka Víðisdóttir okkur til mikils sóma.

Að komast út í fjóra heila daga á sýningu frá morgni til kvölds er ómetanlegt. Sýningin hefst á morgnana kl. 9 í flestum tegundum en vegna mikils fjölda þarf að hefja dóm í fáeinum tegundum kl 8 eða 8:30. Á hverjum degi í 4 daga eru um 50 dómhringir í gangi allan daginn, á sama tíma eru hinar ýmsu keppnir í gangi og í úrslitahringnum er í gangi dagskrá frá morgni til kvölds. Úrslit fara fram í hundafimi, hlýðni, flyball og hreinlega í flestu því sem hægt er að keppa með hunda í. Seint fara fram úrslit í tegundahópum en dagskráin er brotin upp með kynningum og heiðrunum. Á sama tíma og hinar ýmsu keppnir eru í gangi og ræktunardómar eru á svæðinu óteljandi sölubásar þar sem hægt er að finna allt mögulegt og ómögulegt og hægt að gera mjög góð kaup á ýmsum hundavörum. Tegundabásar eru svo vel skreyttir og mannaðir og hægt að kynnast það ýmsum tegundum sem við höfum aldrei séð á Íslandi.

Meðal þess sem undirritaðri fannst áhugaverðast að sjá í úrslitum var flyball en sjaldan hefur sést jafn mikill hraði eins og í þessu sporti og hvet ég áhugasama til að skoða myndbönd á youtube af þessu sporti en líklega er bara tímaspursmál hvenær það berst hingað. Hundafimiúrslitin eru alltaf skemmtileg, kynnar halda áhorfendum á tánum í gegnum alla brautina og fagnaðarlætin eru ótrúleg þegar hundur klárar braut á góðum tíma. Keppt var um besta hvolp ársins en þar fengu hvolpar á ákveðnum sýningum á árinu 2017 keppnisrétt ef þeir stóðu sig vel og mættu þeir svo allir saman á Crufts, allt frá 9 mánaða upp í 2 ára og voru margir gríðarlega efnilegir.

Á Crufts er haldin keppni tegunda í útrýmingarhættu. Þar eru bestu hundum tegundar í viðkvæmustu tegundum Bretlands boðið til keppni þar sem athygli er vakin á tegundinni og því hversu lítið má út af bera til þess að tapa tegundinni hreinlega til frambúðar. Á listann fara tegundir þar sem færri en 300 hvolpar eru skráðir á ári, otterhound var sú tegund sem var með fæstar skráningar eða aðeins 24 hvolpa á árinu 2017, því næst voru skye terrier og glen of imaal terrier með 40 og 48 skráða hvolpa.

Á sunnudagskvöldum eru svo aðal úrslitin haldin, þar hófust þau á úrslitakeppni í hundafimi, en á eftir þeim var liður sem kallast *„Kennel Club Friends for Life“* en þar

GBCh Artelino Moomins Adventure „Dennis“, eigandi Carly Turner, ræktandi Anja Björg Kristinsdóttir. Dennis náði í ár 3. sætinu í sínum flokki en varð besti rakki tegundar í fyrra.

Bjarkeyjar Blue Lagoon náði 5. sætinu í stórum ungliðaflokki en hún náði einnig þeim frábæra árangri fyrr á árinu að vinna sér inn keppnisrétt í hvolpur ársins keppninni sem fer fram á Crufts. Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir, eigendur: Inga Björk Gunnarsdóttir og Barbara Morison.

Besti hvolpur tegundar í australian shepherd varð Nordic Light Des Costys Du Tomberg, ræktandi: Iris & Vincent Sablery, eigandi: Herdís Hallmarsdóttir

Dagarnir voru nokkuð langir en hundarnir sýndu flestir mikla yfirvegun og augljóst var að þeir höfðu hlotið góða umhverfisþjálfun enda velkomnir um allt

Hægt var að kynna sér hinar ýmsu tegundir og mikill metnaður var lagður í að skreyta tegundabásana með þema tengdu viðkomandi hundategund

Gríðarlegt magn sölubása var á svæðinu og mikið af fólki

eru heiðraðir hundar sem hafa á einhvern hátt breytt lífi eigenda sinna með ómældu hugrekki, stuðningi eða félagsskap. Þeir fimm hundar sem komast í úrslit eru kynntir með myndböndum þar sem saga hundanna og eigenda þeirra er sögð. Í ár voru það Vanessa og hundurinn hennar Jack sem voru heiðruð. Jack hefur verið Vanessu til aðstoðar í baráttu hennar við át- og kvíðaraskanir en Vanessa tók við Jack eftir mikið heimilisflakk og hefur hún unnið mikið í því að bæta hin ýmsu hegðunarvandamál sem hann átti við að stríða. Má því segja að þau Jack og Vanessa hafi bjargað hvoru öðru.

Á sunnudagskvöldinu var veiðihundasýning en veiðihundagrúppan var sýnd á sunnudeginum. Mjög áhugavert var að sjá hversu mikla stjórn þjálfarinn Philippa Williams hafði á hundunum en hún er þekkt í Bretlandi fyrir þjálfun veiðihunda. Á milli úrslita í tegundahópnum og keppninnar um besta hund sýningar fór fram sýning Mary Ray á hundadansi en hún hefur í 20 ár verið fremst í því sporti *(e. Heelwork to music)*. Hún hefur ár eftir ár verið með frábærar sýningar á Crufts en í ár var síðasta sýningin hennar. Í þessu sporti er unnið með hlýðni við tónlist og er hreint ótrúlegt að sjá hvað hún fær hundana til að framkvæma.

Í lok kvölds var svo komið að því að sjá hver færi með sigurinn af hólmi og fengi titilinn besti hundur sýningar af þessum rúmlega 21.000 hundum sem

Sölu og kynningarbásar voru ótrúlega fjölbreyttir og augljóslega lagður mikill metnaður í að ná sem mestri athygli. Hér var búið að setja saman mannhæðarháan cavalier til þess að grípa athygli

mættu til leiks. Sigurvegari kvöldsins var whippet tíkin Tease *(Ch Colloonley Tartan Tease JW WW-17)* en hún varð besti hundur tegundar af 430 whippet hundum á föstudeginum og vann *„Hound“* tegundahópinn. Annar besti hundur sýningar var pointer tíkin Chilli *(Sh Ch Kanix Chilli)* en hún varð besti hundur tegundar af rúmlega 500 pointer hundum skráðum á sunnudeginum og vann svo *„Gundog“* tegundahópinn. Hún sýndi sig eins og draumur og var ekki hægt að sjá á henni þreytumerki eftir langan dag.

Búið er að gefa út dagskrá fyrir Crufts 2019 og fer sýningin fram 7-10. mars. Hægt er að sjá röðun tegundahópa á heimasíðu Crufts www.crufts.org.uk

Meðal kynningarbása voru samtök hjálparhunda sem kynntu starf sitt og hvöttu fólk til að vinna með hundana sína

Tryggur var góður á vaktinni um borð í Onnu Borg, mynd í eigu Magnúsar Gunnarssonar

HUNDAR TIL SJÓS

REGLUGERÐ UM VARNIR GEGN HUNDAÆÐI (RABIES):

„5. gr.

„Eigendur hunda, sem hafðir eru um borð í íslenskum skipum; skulu hafa til þess sérstakt leyfi skipstjóra og lögreglustjóra á stað þeim, þar sem skipið er skrásett.

Um leið og lögreglustjóri gefur út leyfi til þess að hafa hund um borð í tilteknu skipi, skal rita á leyfið heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur auðkenni skipshundsins. Hundinum skal framvísað þegar leyfið er gefið út og jafnframt viðhlítandi merkisól. Leyfið gildir lengst í þrjú ár í senn og rétt er að krefjast gjalds fyrir hverju sinni. Afrit skal varðveitt hjá lögregluembætti því er gefur leyfið út:

Allir skipshundar skulu að staðaldri bera hálsband, er gefi til kynna nafn hundsins. skipsins og skrásetningarnúmer þess.

Umráðamaður skal hafa tiltæka í skipinu heimild lögreglustjóra.

Nú er skipshundur fluttur á nýtt skip og skal þá lögreglustjóri gefa út nýtt leyfi á sama hátt og að framan greinir.

Ef skipshundur drepst eða er lógað skal það tilkynnt viðkomandi lögreglustjóraembætti.

6. gr.

Strax og erlend skip koma til landsins skal tollgæslan ganga úr skugga um hjá yfirmönnum skipsins, hvort um borð í skipinu séu nokkur dýr. Ef svo reynist, er skipstjóra skylt að hlutast til um að dýrin séu geymd í læstu herbergi á skipinu, á meðan á dvöl þess stendur. Áður en skipið siglir frá landinu, skal tollgæslan ganga úr skugga um það, hvort dýrin séu enn í vörslu um borð. Sé svo ekki, skal skipstjóri gera fullnægjandi grein fyrir afdrifum þeirra.

Óheimilt er að hafa hunda eða ketti um borð í íslenskum skipum þegar þau sigla til útlanda. Ef bann þetta er ekki virt skal fara með dýr á íslenskum skipum í sama hátt og um: erlend skip sé að ræða, þegar skipið kemur aftur til Íslands. Gildir það ákvæði uns sex mánuðir eru liðnir frá síðustu för skipsins til erlendra hafna.

Óheimilt er að fara með íslensk dýr um borð í erlend skip hér við land, ef í skipinu eru geymd erlend dýr. Sama máli gegnir um íslensk skip, hafi þau verið í millilandasiglingum einhvern tíma næstliðna sex mánuði.

Ef skipsdýr sleppa í land úr skipum þeim er að framan greinir, skulu þau ófriðhelg og skulu löggæslumenn hlutast til um að lóga þeim án tafar.

Nú ganga hvítabirnir eða önnur framandi rándýr á land og skulu þau þá ófriðhelg.

Sýslumenn á viðkomandi stöðum skulu hlutast til um að dýr þessi verði unnin eða handsömuð, svo skjótt sem aðstæður leyfa. “

Athyglisvert er að hundar og hvítabirnir skulu settir undir sömu grein og sama meðferð eigi við um þá báða.
Virðist sem litið sé á hunda og hvítabirni að jöfnu sem stórhættuleg óargadýr!

Freyja gætti vel að hvolpunum sínum, mynd í eigu Tryggva Bjarnasonar stýrimanns

Freyja með hvolpana sína, mynd í eigu Tryggva Bjarnasonar stýrimanns

TEXTI: BJARNHEIÐUR ERLENDSDÓTTIR

VARÐSKIPSHUNDURINN FREYJA:

Freyja var sennilega einn af þekktari skipshundunum en hún var um borð í varðskipinu Óðni árin 1961-1968. Móðir hennar var þó ekki síður þekkt en Freyja innan Landhelgisgæslunnar.

Það var árið 1961 sem stýrimaður á vs Gauta, Kristján Sveinsson fékk Trýnu að gjöf frá lækninum vestur á Súðavík en hann átti nokkra hvolpa og var Trýna ein af þeim. Nafnið á Trýnu kom þannig til að hún var með hvíta rák á trýninu og þannig kom nafngiftin til. Ekki var Trýna lengi á Gauti því eftir nokkurra mánaða dvöl tók skipherrann á Þórarinn Björnsson á vs Þór við henni.

Það var svo dag einn þegar skipið var staðsett á Siglufirði að hún hitti ástina í fyrsta skipti. Hundur sem hafði hlaupið yfir fjallið alla leið frá Sauðanesi út af Dalvík og alla leið til Siglufjarðar og er það löng leið. Undir komu þrír hvolpar og var Freyja ein af þeim. Freyja var síðan gefin um borð í vs Óðin og er því saga vs Óðins og Freyju samtvinnaðar til margra ára.

Árið 1963 áttu tveir merkilegir hlutir sér stað. Annars vegar þá eignaðist Freyja sína fyrstu hvolpa og hins vegar var þarna í fyrsta skipti sem þyrla lenti á íslensku varðskipi.

Ástæða þess að Freyja varð hvolpafull var að eitt sinn fór Óðinn að Gjögri og áttu skipsmenn erindagjörðir þar í land og tóku þeir tíkina með sér. Eiríkur Kristófersson skipherra hefur haft einhverjar grunsemdir um ástand Freyju því hann bað skipverja sérstaklega um að passa vel upp á hana og verja hana fyrir ástföngnum rökkum. Ekki fór þó betur en það að Freyja varð hvolpafull í þessari ferð. Einn af þessum hvolpum hennar varð síðan það frægur að verða forsetahundur á Bessastöðum.

Það taldist til skylduverka háseta á vs Óðni að verja Freyju fyrir rökkum þegar skipið var í landi en ekki tókst þó betur til en svo að Freyja eignaðist hátt í tuttugu hvolpa í nokkrum gotum og fékk þar náttúran að hafa sinn gang.

Freyja þótti vera nokkuð geltin og ekki líkaði öllum skipverjum vel við hana en flestir höfðu þó gaman að uppátækjum hennar. Hún hafði góðan vara á sér ef henni fannst einhver hafa gert eitthvað á sinn hlut og gerði hún upp á milli manna. Sérstaklega var kært á milli Freyju og Egils Pálssonar bátmanns, Georgs Jónssonar vélstjóra og Adolfs Hansen bryta.

Freyju var meinilla við það að ókunnugir kæmu til að skoða hvolpana hennar þegar þeir voru litlir og átti hún það til að glefsa bæði í börn og fullorðna ef svo bar undir. Eftir að það hafði gerst ítrekað var gripið til þess ráðs að setja upp aðvörunarskilti við bæli hvolpanna og fólk beðið um að nálgast þá ekki nema í fylgd skipverja.

Óskar Jónasson kafari var eitt sinn á leið á hjólinu sínu að varðskýli sem staðsett er við Ingólfsgarð þegar Freyja kom hlaupandi á móti honum. Óskari brá við og missti stjórn á hjólinu sem við það lenti á Freyju greyinu. Ekki varð henni þó meint af en eftir það þá varð hún alltaf æst þegar Óskar kom á hjólinu og gerði atlögu að honum og hjólinu með gelti og látum.

Þegar veður var mjög slæmt þá faldi Freyja sig í skipinu aftur í skut eða neðan þilja, einnig þegar stöðva þurfti skip sem voru við ólöglegar veiðar innan fiskveiðilögsögunnar. Þá var viðvörunarbjöllum varðskipsins hringt fimm sinnum og við það skelfdist Freyja mjög. En hræddust var Freyja greyið við hávaðann úr fallbyssunum þegar skotið var úr þeim.

Að vera skipshundur á varðskipi þótti mikil virðingarstaða fyrir hunda og sést það vel í eftirfarandi frásögn þegar átti að sækja ráðherra og þingmann til Raufarhafnar sem komust ekki ferða sinna vegan veðurs. Freyja var ekki komin að skipi þegar leggja átti úr höfn svo farið var að svipast um eftir henni. Kom þá í ljós að hún var á bryggjunni föst við rakka og ekki vildu þeir skilja hana eftir á bryggjunni. Ráðherrum og þingmönnum þótti broslegt að hundur gæti heft brottför stórs varðskips og ákveðið var að bíða með að leysa landfestar þar til athöfnum hundanna lauk.

Annar er sá hvolpur Freyju sem vert er að minnast á en það er hann Spori. Hann var frekar seinn til gangs þar sem hann fæddist með sex tær á báðum afturlöppum og var þar af leiðandi lengst í umsjá hennar. Hann fitnaði mjög umfram systkini sín þar sem hann lá frekar í bælinu en að hreyfa sig um skipið. Það má eiginlega segja að um tíma hafi verið tveir skipshundar á Óðni. Spori var síðan sendur til Jóhannesar vitavarðar á Hornbjargsvita þegar fóstri hans Hafþór Jónsson háseti og síðar stýrimaður fór í skóla um haustið. Spori lét mjög illa við geiturnar og fór að leggja lag sit við refina á svæðinu svo eftir veturinn var hann sendur aftur um borð í Óðin.

Freyja var mikils metin af flestum um borð og var hún mjög húsbóndaholl, fannst þeim hún hafa mörg persónueinkenni sem margt fólk hefur, hún gat verið langrækin ásamt því að vera mjög staðföst en samt sem áður viðkvæm.

Árið 1968 fylgdi Freyja fóstra sínum Agli Pálssyni yfir á vs Ægi en hún var síðan fljótlega eftir það svæfð svefninum langa. Mörgum bæði ungum sem öldnum finnst mjög merkilegt að hundur hafi verið um borð í varðskipi og finnst gaman að heyra sögur af Freyju skipshundi.

SKIPSHUNDURINN BÁRA:

„Sá skipstjóri sem er vinsælastur á Sigurði, ber nafnið Bára." Bára var átta ára gömul tík sem var upphaflega um borð í Örfirsey en fór síðar með eiganda sínum um borð í Sigurð. Bára þótti með eindæmum vel uppalinn og taminn hundur en var þó mikill sælkeri. Uppáhaldið hennar voru sykurmolar og töldu skipverjar að hún borðaði um helming alls molasykurs sem kom um borð í Sigurð. Hún var þó ekki þjófóttur hundur því aldrei stal hún

Skipshundurinn Skotti um borð í Hlýra VE 172, mynd í eigu Tryggva Sigurðssonar

sykurmolum heldur beið prúð eftir því að einhver rétti að henni molann en fyrst þurfti hún að sýna það hvað hún var hlíðin með því að leggjast niður og vera kyrr eða ganga um skipsgólfið á afturfótunum og gekk það vel þótt veltingur væri á skipinu.

Bára hafði hlutverk um borð og var það að sjá um að ræsa fyrsta vélstjóra um klukkan sex. Hún svaf yfirleitt fyrir framan dyrnar að klefanum hjá honum á nóttunni. Hún átti þó til að vakna klukkan fimm og príla upp í brú og bíða eftir því að vakthafandi vélstjóri sagði „Nú má ræsa“ og þaut hún þá niður stigana og þar sem hún var fær um að opna klefadyr, ef þær opnuðust frá henni, vafðist það ekki fyrir henni og stökk hún síðan upp á kojubríkina og vakti vélstjórann. Ef klefadyr opnuðust að henni þá vældi hún þar til einhver opnaði fyrir henni.

Bára var síðan fínn varðhundur þegar Sigurður var í höfn. Ef einhver ókunnugur lét sjá sig við eða um borð í skipinu þá gelti hún og sýndi beittar tennurnar þannig að ekki þorðu nú allir um borð í Sigurð, alla vega ekki óboðnir.

SKIPSHUNDURINN STRÆKUR:

Í desember árið 1964 kom síldarbáturinn Reykjaborg RE-25 nýr til landsins og hélt fljótlega til síldveiða. Síðan gerðist það í júní 1965 að allir síldarbátar fara í land vegna verkfalls sem kom til vegna markaðsverðs á síld. Verkfallið var kallað því skemmtilega nafni *„Skipstjórastrækur.“* Reykjaborgin hélt til Raufarhafnar í strækinu og var það þá sem lítill hvolpur kom um borð og var hann nefndur eftir verkfallinu og hlaut hann því nafnið Strækur.

Strækur var talinn að mestu leiti af íslensku kyni en þó eitthvað lítils háttar blandaður af öðru óþekktu kyni. Hann þótti hið mesta gæðablóð og hrifust flestir mjög af honum. Í landlegum var hann til skiptis hjá hinum ýmsu skipverjum, hásetum og vélstjóra. Þarfir sínar gerði hann á síldarnótina og hvergi annars staðar. Það var eins og hann vissi að nótinni yrði kastað í sjóinn og þar með færi fráleggið.

Eitt var það sem Strækur þoldi ekki en það voru löggur og tollarar þ.e. þeir sem voru í einkennisbúningum og með einkennishúfur. Þegar hann sá slíka embættismenn þá æstist hann allur upp og gelti mikið að þeim og ef hann var í bíl með einhverjum skipverjum og keyrði fram hjá lögreglumönnum á götunni þá varð hann alveg trylltur.

Strækur var vel sigldur og þegar á árunum 1969-1973 að síldveiðar voru stundaðar í Norðursjónum þá var oft komið við í löndum eins og Færeyjum, Danmörk, Þýskalandi, Noregs, Skotlandi, Hjaltlandseyjum og Orkneyjum.

Það gerðist eitt sinn þegar komið var til Hirtsals í Danmörk að Strækur týndist í landlegu. Ekki fannst hann og farið var aftur til veiða. Þegar báturinn kom aftur viku síðar til að landa þá mætti eigandi hans, Haraldur Ágústsson sem var að koma aftur um borð eftir frí, Stræk við hótelið í Hirtsals og hafði Strækur greinilega vitað að eigandinn var að koma og beðið eftir honum.

Aftur týndist Strækur en nú í Bremerhafen í Þýskalandi og kom lögreglan þar honum aftur um borð og ekki fylgir sögunni hve lengi hann týndist né hvað bar á daga hans á meðan, Strækur einn vissi það.

Á þessum árum var ekki verið að hugsa um það þótt skipshundar færu í land erlendis og ekki gerðar athugasemdir við það við tollskoðun hér né erlendis og ekki var nein sóttkvíin heldur.

Strækur var til sjós til margra ára eða þar til Reykjaborgin var seld árið 1977 til annarra eigenda og fór hann þá sennilega í fóstur til konu að nafni Helga sem bjó á bænum Engi í Grafarvogi á Reykjanesi og bar þar beinin.

Strækur, mynd í eigu Jóns Páls Ásgeirssonar

Strækur, mynd í eigu Jóns Páls Ásgeirssonar

SKIPSHUNDUR Í VANDA:

Í Tímanum 26. maí 1971 segir frá skipshundi á færeyska togaranum Fjalshamar. Sá hundur hafði gleymst í Keflavík þegar togarinn hélt frá bryggju og uppgötvaðist það ekki fyrr en skipið var statt rétt út af Stafnnesi. Það var óðara snúið við en ekki fór betur en svo að skipið sigldi á fullri ferð upp á milli blindskerja sem voru í kafi á flóðinu og beint upp á Bæjarhúseyri sem er í um 200 metra fjarlægð frá Sandgerði og þar stóð þetta 300 tonna skip á þurru. Vildi skipstjórinn lítið tjá sig um erindið upp á eyrina og vildi í fyrstu enga hjálp þiggja. Kom síðan upp úr kafinu að erindið var ekki til Sandgerðis heldur til Keflavíkur til að sækja skipshundinn sem orðið hafði þar eftir.

Af hundinum er það að segja að drengir nokkrir höfðu fundið greyið ýlfrandi og vælandi í fjörunni og fóru þeir með hann á lögreglustöðina. Einn drengjanna hafði verið um borð í Fjalshamri deginum áður og þekkti hann þar skipshundinn af skipinu færeyska sem var farið frá Keflavík. Lögreglan var beðin um að koma hundinum til skips aftur. Yfirlögregluþjóninum varð þá að orði *„að hann gæti vel skilið að Færeyingarnir sneru við til að ná í hundinn sinn að hundurinn væri reglulega fallegur og geðslegt dýr.“*

Að sögn lögreglunnar um það að ef ekki hefði tekist að koma skipshundinum til réttra eigenda þá hefði þurft að aflífa hann sökum þess að hundahald var bannað á þessum tíma í Keflavík.

Lögreglan í Keflavík hafði lent í þessu áður en beið því miður ekki nógu lengi eftir því að skip sneri til baka og var þá búið að lóga þeim hundi og þótti bæði skipverjum og lögreglu það afar leitt og ætlaði lögreglan ekki að lenda í því aftur heldur bíða lengur eftir því að skipverjar sneru við til að sækja hundinn sinn.

Allt er gott sem endar vel. Fjalshamar var síðan dreginn út á kvöldflóðinu af Goðanum sem dró togarann til Reykjavíkur með stýrið eitthvað laskað. Fjalshamar hafði verið á grálúðuveiðum fyrir austan- og norðanverðu landinu sem gengu treglega en eitthvað gekk þó skár fyrir norð- vestan.

PÓLSKI SKIPSHUNDURINN:

Hér er ein lítil saga um skipshund sem fór vel, alltént fyrir hundinn og áhöfnina. Hún fjallar um hvar lögregla var kölluð út til að binda enda á bæjarför skipshunds af pólska togaranum Combra. Togarinn lá við Miðbakka og hafði skipshundinum verið hleypt í land í trássi við lög en lögin eru, eins og alkunna er, til að koma í veg fyrir að hundaæði breiðist hér út. Lögreglan gómaði hundinn og skilaði honum aftur um borð gegn loforði skipstjóra um að hleypa honum ekki í land aftur.

SKIPSHUNDUR TIL SJÓS Í LAGATEXTA:

Skipshundur kemur fyrir í textanum *„Sjómaður upp á hár“* en það fór næstum því illa fyrir því greyi.

„Hann sigldi yfir höfin blá
með sælubros á vör
og brá sér ei við neitt
það men vita.
Nema ef vera skyldi
þegar skipshundurinn Þór
var næstum drukknaður
í eigin svita.“

HEIMILDIR:

Morgunblaðið 67. tölublað, föstudagur 26. mars 1976, s. 17.
Morgunblaðið 203. tölublað, föstudagur 8. September 1995, s. 11.
Varðskipið Óðinn, björgun og barátta í 50 ár. Rvk. Víkin 2010, s. 87-90.
Skriflegar heimildir af Stræk, Jón Páll Ásgeirsson.
Vefslóð: https://www.reglugerd.is/media/vidhengi/2901980.doc
Vefslóð: https://www.mbl.is/greinasafn/grein/221175/
Vefslóð: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=263341&lang=fo
Vefslóð: http://ohs.is/wp-content/uploads/2013/11/Eniga-meniga-me%C3%B0-hlj%C3%B3mum2.pdf

NORDIC WINNER 2017

Ár hvert er haldin Norðurlandasýning sem fór að þessu sinni fram í Helsinki, Finnlandi helgina 8.-10. desember. Ísland á þar ávallt fulltrúa í keppni ungra sýnenda. Þær, sem mynduðu lið HRFÍ í ár, voru Berglind Gunnarsdóttir, Elena Mist Theodórsdóttir, Ingunn Birta Ómarsdóttir og Vaka Víðisdóttir. Þjálfari þeirra var Auður Sif Sigurgeirsdóttir. Í Norðurlandakeppni ungra sýnenda eru samankomnir fjórir sýnendur ásamt þjálfara frá hverju Norðurlandi eða Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Keppt er bæði í einstaklingskeppni sem og liðakeppni og var dómarinn að þessu sinni Jason Lynn frá Bretlandi. Allir keppendur fá úthlutaða ókunnuga hunda sem þeir fá að hitta klukkutíma fyrir keppni en allir fá að velja sér þrjár tegundir sem þeir myndu helst kjósa að sýna í keppninni

TEXTI: HAFDÍS JÓNA ÞÓRARINSDÓTTIR

Föstudagsmorguninn 8. desember hélt íslenska landsliðið ásamt þjálfara og fylgdarmönnum út til Helsinki. Við komu til Helsinki var farið upp á hótel og kom liðið sér vel fyrir áður en haldið var í leiðangur um fallegu borgina sem var skreytt jólaljósum á hverju horni. Um kvöldið var haldinn kvöldmatur fyrir alla keppendur og þjálfara. Þar fengu keppendur tækifæri til að kynnast keppendum frá öðrum liðum, borða saman kvöldverð og deila gjöfum. Keppendur fengu einnig að vita hvaða tegund þau myndu keppa með.

Loksins var komið að stóra deginum. Mætt var eldsnemma á sýningasvæðið svo stelpurnar gætu hitt hundana sína. Berglind fékk samoyed tík, Elena var með silky terrier rakka, Ingunn með tíbet spaníel rakka og Vaka með ástralskan fjárhunds rakka. Stelpunum tókst öllum vel að ná til hundanna sem voru allir frábærir og voru þær allar virkilega heppnar með sína hunda sem voru af góðum gæðum.

Þær sýndu allar hundana sína af mikilli natni og stóðu sig með stöku prýði sem og með skiptihundana sína. Þeim voru gefin stig eftir hæfni þeirra en samanlögð stig þeirra gildu í liðakeppninni. Seinna um daginn fóru þær svo í stóra hringinn þar sem íslenska klappliðið stóð svo sannarlega fyrir sínu og tók vel á móti þeim, veifandi íslenskum fánum. Fyrst var sett í sæti í liðakeppninni en þar uppskáru stelpurnar svo sannarlega því sem þær sáðu, því þær náðu fyrsta sætinu í liðakeppninni sem er í fyrsta skipti sem Ísland hefur náð þeim árangri á Nordic Winner! Að því loknu var komið að einstaklingskeppninni en þar voru þær Berglind, Elena Mist og Ingunn Birta valdar áfram í tíu keppenda úrslit! Berglind var svo valin áfram í 6 keppenda úrslit og fengu þá allir keppendur skiptihund af tegundinni lapponian herder og stóð hún sig frábærlega þrátt fyrir að hafa aldrei sýnt hund af þeirri tegund. Berglind gerði svo lítið fyrir sér og sigraði einstaklingskeppnina og er það einnig í fyrsta sinn sem Íslendingur sigrar einstaklingskeppnina á Nordic Winner!

Fagnað var góðum árangri yfir notalegum kvöldverði á hótelinu áður en þreyttir fætur héldu upp á herbergi í hvíld fyrir ferðalag heim morguninn eftir. Ferðin gekk einstaklega vel og var andi liðsins frábær.

Við óskum öllum stelpunum innilega til hamingju með árangurinn og voru þær landinu og félaginu svo sannarlega til mikils sóma. Einnig sendir Ungmennadeildin og HRFÍ sérstakar þakkir til Auðar Sifjar sem hefur verið deildinni sem stoð og stytta frá stofnun hennar. Auður hefur farið sem þjálfari liðsins frá því að Ísland byrjaði að taka þátt á Nordic Winner og var þetta hennar tólfta ferð og hefur alltaf gengið vel.

"Ég var mjög ánægður að hafa verið boðið til Helsinki að dæma Nordic Winner keppni ungra sýnanda. Gæði sýnandanna voru mjög há en það voru nokkrir sterkir

keppinautar fyrir efstu þrjú sætin. Ég hafði enga hugmynd um hvaða lið myndi sigra liðakeppnina eftir að öll stigin voru lögð saman en þegar ég sá íslensku stelpurnar saman sem lið þá var svo auðvelt að sjá að þær voru sigurvegararnir. Þær sýndu allar hundana sína á fagmannlegan en einfaldan hátt sem heillaði mig. Þær höfðu „góðar hendur" eins og sumir myndu orða það og unnu vel með hundunum sínum og skiptihundum. Þær báru af á þann hátt að hundarnir sem þær sýndu stóðu ávallt upp úr í þeirra höndum. Sigurvegarinn í einstaklingskeppninni greip augað frá upphafi með yfirveguðu og blíðu samskiptum sínum við hundinn. Hún var sá sýnandi sem ég myndi treysta hundunum mínum fyrir, en það er einmitt það sem ég leita af þegar ég í keppnum sem þessari. Ég óska öllum sigurvegurum mínum innilega til hamingju og þá einkum íslenska liðinu." – Jason Lynn

"Liðsheildin var frábær og stelpurnar lögðu sig allar fram í keppninni en einnig á öllum æfingum fyrir keppnina. Ég lagði áherslu á að þær æfðu sig líka með hunda sem þær þekktu ekki vel og væru jafnvel áskorun á ákveðinn hátt. Þetta gafst vel og þær voru tilbúnar að takast á við allar áskoranir sem mögulega gátu komið upp í keppninni.

Þessar stelpur hafa verið duglegar að taka að sér að sýna hunda fyrir aðra og búa að þeirri reynslu. Þær eru allar frábærir sýnendur með mikinn metnað og það sást vel í keppninni. Dómarinn leitaði eftir sýnendum sem hugsuðu um hundana fyrst og fremst og einbeittu sér að því að sýna þá. Íslensku stelpurnar eru allar þannig sýnendur enda tókust þær á við verkefnið af miklum metnaði, gleði og yfirvegun og voru að mínu mati algjörlega framúrskarandi.

Það skemmtilegasta við þetta er að hugsa til þess að á Íslandi eru aðeins fjórar til fimm sýningar á ári en á hinum Norðurlöndunum gefst ungum sýnendum tækifæri á að fara á sýningar nánast um hverja helgi. Þar af leiðandi hafa íslenskir keppendur oft minni reynslu inni í sjálfum sýningarhringnum en það sem við höfum, að ég held, fram yfir hinar þjóðirnar er gríðarlega sterk liðsheild og mikill metnaður er lagður í að þjálfa vel. Við erum heppnar að búa allar á sama svæðinu þannig að auðvelt er fyrir alla að mæta á æfingar.

Upplifun mín sem þjálfara var einstök. Þegar þulurinn las upp nafn sigurvegarans í liðakeppninni missti ég úr slag og augun fylltust af tárum enda langþráður draumur loksins orðinn að veruleika. Svo sigraði Berglind einstaklingskeppnina tóku tilfinningarnar öll völd og við Berglind féllumst í faðma og hágrétum eins og lítil börn! Ég gæti ekki verið stoltari af stelpunum!" – Auður Sif Sigurgeirsdóttir

LEIÐSÖGU- OG HJÁLPARHUNDAR

Leiðsögu- og hjálparhundar eru hugtök sem bæði koma fram í íslenskum lögum. Hugtök yfir tvær tegundir þjónustuhunda með ólíka skilgreiningu og megin markmið. Eins liggur misjöfn þjálfun á bak við fullþjálfaða hunda.

TEXTI: SIGRÚN GUÐLAUGARDÓTTIR

Leiðsöguhundar eru þeir hundar sem aðstoða blinda og sjóndapra í daglegum athöfnum og eru þeir þjónustuhundar sem við þekkjum helst í íslensku samfélagi. Hérlendis eru þeir hundar eign Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Miðstöðin ber ábyrgð á hundunum, þjálfun, úthlutun og fylgja þeim eftir og aðstoða notendur þeirra. Leiðsöguhundur er flokkaður sem hjálpartæki og njóta vissra lagalegra réttinda varðandi aðgengi að byggingum og samgöngum til að gera þeim kleift að sinna sínu starfi. Réttindi sem náðust eftir áralanga baráttu og ber að fagna þeim árangri.

Á Íslandi eru einnig til hjálparhundar. Þeir hundar hafa enn ekki fengið formlega skilgreiningu hérlendis en almennt má segja að hjálparhundar aðstoði eigendur sína við ákveðin verkefni og hafa þannig jákvæð áhrif á lífsgæði þeirra með því að veita þeim aukið frelsi og sjálfstæði.

Verkefni hjálparhunda eru mjög fjölbreytt og má segja að sífellt sé verið að finna nýjar leiðir til að nýta þjónustu þeirra. Hérlendis eru þekktastir hjálparhundar sem hafa verið þjálfaðir til að aðstoða hreyfihamlaða einstaklinga við daglegar athafnir s.s. að sækja hluti sem eru utan seilingar, opna og loka hurðum, draga hjólastól, kveikja og slökkva ljós og margt fleira. Hérlendis eru einnig hundar sem eru þjálfaðir til að gefa eiganda sínum (eða öðrum) merki um yfirvofandi flogakast eða breytingu á blóðsykri. Þá geta þeir einnig sótt hjálp fyrir eiganda sinn sem er í hættu og þarf aðstoð.

Hjálparhundar eru ekki skilgreindir sem hjálpartæki líkt og leiðsöguhundar og eru því ekki niðurgreiddir af sjúkratryggingum. En á bak við fullþjálfaðan hjálparhund felst gríðarleg vinna og er því kostnaður við hann mjög hár og ekki á færi allra að kaupa.

Hjálparhundar Íslands er nýstofnað félag sem ætlað er halda utan um málefni hjálparhunda og eigenda þeirra hérlendis líkt og þekkist erlendis. Helstu markmið félagsins er að stuðla að bættu umhverfi hjálparhunda hér á landi svo þeir geti sinnt verkefnum sínum á þann hátt að það þjóni eigendum þeirra og um leið að hugað sé að velferð þeirra. Til að svo sé þarf að vera til formlegri skilgreiningu á hvað hjálparhundur er, koma á stöðlum og samþykktum um hvernig og hverjir skulu þjálfa og votta slíka hunda. Síðast en ekki síst er markmið félagsins að stuðla að auknum lagalegum réttindum hjálparhunda hér á landi varðandi aðgengi að byggingum og samgöngum líkt og leiðsöguhundar blindra hafa.

Áhugasamir geta fylgst með félaginu á facebook síðu þess:
https://www.facebook.com/hjalparhundar/

Stefsstells -Krómabörn.

STEFANÍA SIGURÐARDÓTTIR
-STEFSSTELLS RÆKTUN

Stefanía Sigurðardóttir heillaðist mjög ung af íslenska fjárhundinum og hefur haldið tryggð við hann síðan. Hún hefur helgað líf sitt þessari tegund og hefur uppskorið frábæra einstaklinga. Hér heima þekkja allir Stefsstells Skrúð sem hefur verið mjög sigursæll á sýningum HRFÍ og erlendis ber helst að nefna INTCH Gold Grand CH. Stefsstells Ingaló Ísabellu sem er að gera garðinn frægan í Bandaríkjunum.

Það kemur enginn að tómum kofanum hjá Stefaníu varðandi ættir og gerð íslenska fjárhundsins. Hún hefur sínar skoðanir á ræktun og gefur engan afslátt hvað það varðar. Stefanía fylgir hjartanu sem var snemma fyllt af áhuga og vitneskju frá Sigríði Pétursdóttur á Ólafsvöllum.

Stefanía Sigurðardóttir. Ljósm. Liselotte Ekberg.

TEXTI: INGA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

HVENÆR OG HVERNIG VAKNAÐI ÁHUGI ÞINN Á HUNDUM OG HUNDARÆKTUN OG AF HVERJU HEILLAST ÞÚ AF ÞINNI TEGUND?
Íslensku hundarnir hafa verið mínir vinir svo langt ég man, þeir voru fátíðir á bæjum og skemmtilegustu hundarnir. Ég kynntist þeim þegar ég fór á mínum bernskuárum á bæi með pabba mínum heitnum sem var prestur. Á kirkjustaðnum Ólafsvöllum bjuggu vinir fjölskyldunnar sem ræktuðu íslenska hunda. Svona byrjaði þetta, ég einfaldlega elskaði þessa hunda og tengdi vel við þá. Ég var barn fullt af áhuga og Sigríður talaði alltaf við mig eins og fullorðna manneskju. Það var ekki algengt á þeim tíma. Hún treysti mér og kyssti mig alltaf á ennið, á sama stað og amma. Þær þekktu mig og ég varð mjög háð þessum tveimur konum. Ég var mjög áhugasöm um að læra af Sigríði.

HVERNIG VARÐ RÆKTUNARNAFN ÞITT TIL?
Það er samsett úr nafninu mínu sem ég stytti oft í Stef. fyrir Stefaníu og stelpan var oft kölluð Stella. Stefin eiga hver sína sögu. Stells eru stellur og stella þýðir stjarna svo

þetta eru stjörnurnar mínar, Stefsstells.

Ég hef ræktað undir Stefsstells ræktunarnafninu síðan árið 2001. Ég setti mér það markmið að rækta eina tegund og verða best í henni og tel að ferill minn hafi verið farsæll því það eru fjölmargir góðir hundar frá mér hér á landi sem og víðsvegar um heiminn.

HVERJIR HAFA HAFT MEST ÁHRIF Á ÞIG OG AÐSTOÐAÐ ÞIG MEST Í HUNDARÆKTUNINNI?

Frú Sigríður Pétursdóttir á Ólafsvöllum kenndi mér á tegundina. Hún leiddi mig einnig í mörg sambönd þar sem ég hef fengið innblástur í gegnum árin frá ræktendum og dómurum sem eru komnir langt með sínar tegundir.

Á HVAÐ LEGGUR ÞÚ MESTA ÁHERSLU Í RÆKTUNINNI?

Falleg dýr, góða eiginleika og að þeir séu vel greindir og að mínu mati vel gerðir fulltrúar íslenska fjárhundsins.

HVAÐA EINKENNI HEFUR ÞÉR FUNDIST ERFIÐAST AÐ RÆKTA Í TEGUNDINNI?

Í stofninum almennt er lítil kynfesta og á það sér eðlilega skýringu þar sem ræktunarsagan er afar stutt. Það er mitt að vinna í því og staðan mín núna er að festa inni góð gæði og góð gen. Arfurinn minn er í fullan arm með kynslóða vinnu í mínum línum og það er gaman að rækta fallega hunda. Draumurinn minn er að fallegur íslenskur hundur sé kynsterkur.

HVAÐ HEFUR ÞÚ RÆKTAÐ MARGA ÍSLENSKA OG ALÞJÓÐLEGA MEISTARA?

Ég hef ræktað þrjá íslenska meistara, ISCh, einn ISVetCh, fjóra SECh, þrjá Int. Ch., þar af einn í Þýskalandi og annan í Finnlandi. Í Bandaríkjunum eru BIS CAN./AM.Ch. Stefsstells Sær Seifur og AKC mest vinnandi íslenskur fjárhundur BIS INTCh Gold Grand Ch. Stefsstells Ingaló Ísabella.

Þeir hundar frá mér sem hafa orðið besti hundur sýningar eru Stefsstells Sær Seifur, Stefsstells Kolmars Krómi, Stefsstells Skrúður og Stefsstells Ingaló Ísabella.

Stefsstells Ingaló Ísabella varð meistari aðeins níu mánaða og hefur þrisvar fengið boð á Westminster aðeins þriggja ára gömul og einnig boð á Crufts. Hún varð BOB á Westminster í fyrra, árið 2017, og BOS á Westminster 2018. Faðir hennar er ISCh Heiðarhofs Kolmar og móðir hennar er Öskudóttirin mín, Stefsstells Salka Spesía.

ISCh Stefsstells Kolmars Krómi.

Þessari upptalningu lýk ég með að nefna heimsmeistarann minn, WW15 Stefsstells Prins Líni, en hann varð BOB í Mílanó árið 2015 á heimssýningu! Hann hefur lítið verið sýndur en mikið unnið með hann þar sem eigandi hans er hundaþjálfari í Frakklandi. Faðir hans er Stefsstells Stefnir og móðir, BIS BISS ISCh Eir frá Keldnakoti.

Þessi hópur hunda er fæddur á Stefsstells á árunum 2006 – 2015. Meistarinn Stefsstells Lord Leikur í Svíþjóð er sá yngsti.

HVAÐA HUNDUR EÐA HUNDAR ÚR ÞINNI RÆKTUN FINNST ÞÉR BERA AF ÖÐRUM?

Systkinin INTCH Gold Grand CH. Stefsstells Ingaló Ísabella og BIS ISCh Stefsstells Kolmars Krómi og ung afkvæmi Króma eru sérlega lofandi, þar af Stefsstells Sigur hjá Sigurði syni mínum í Svíþjóð.

Ég er afar ánægð með stofntík mína í ræktun, en Stefsstells Aska Spesía IS06054/01 átti 22 afkvæmi, er orðin amma þeirra ofangreindu, en móðir míns hæst dæmda Stefsstells hunds á Íslandi BIS ISVW-16 ISCh ISVetCh RW-13 OB-1 Stefsstells Skrúðs.

Íslenski fjárhundurinn í öllu sínu veldi. Stefsstells Stefnir að reka forystuhrút úr túninu á Tóftum. Þennan hund lánaði Stefanía í ýmis verkefni enda var hann frábær fjárhundur.

INTCH Gold Grand CH. Stefsstells Ingaló Ísabella, BOB 2017 á Westminster og BOS á sömu stórsýningu árið 2018. Ljósm. Amber J.A.

Sigurður Edgar með Króma í dóm hjá Þorsteini Thorsteinson á alþjóðlegri sumarsýningu HRFÍ 24. júlí 2016 þar sem hann varð besti hundur og BOS. Krómi varð stigahæsti karlhundur DÍF -2016.

ISVW-16 ISCh ISVetCh RW-13 OB-1 Stefsstells Skrúður. Ljósm. Dorthe FR.

Árið 2016 stendur upp úr hér heima þegar tveir Stefsstells hundar unnu BIS á því herrans sýningaári. Á alþjóðlegri sýningu HRFÍ þann 28. febrúar 2016 varð Krómi minn meistari, nýorðinn tveggja ára, varð besti hundur tegundar og kláraði daginn sem besti hundur sýningar. Dómari var Leif Ragnar Hjörth. Þann daginn átti ég einnig BIS ræktunarhóp, samsettan af fimm hundum og þar af fjórum BOB hundum. Í hópnum voru Krómi og Skrúður, tveggja ára og tíu ára, algjörlega ógleymanlegt hvað þetta var gaman fyrir mig og mikil viðurkenning.

Þann 12. nóvember 2016 á Alþjóðlegri sýningu HRFÍ varð Stefsstells Skrúður besti hundur sýningar og einnig besti öldungur sýningar. Dómari var Svend Lövenkjaer. Skrúður var stigahæsti öldungur ársins, yfir allar tegundir, árið 2016. Talandi um mælanlegan árangur þá telst þetta FULLT HÚS! Svo byrjaði árið 2017 á BOB Ísabellu á Westminster.

HVAÐA HUNDUR EÐA HUNDAR HAFA, AÐ ÞÍNU ÁLITI, HAFT MEST ÁHRIF Á STOFNINN HÉR Á ÍSLANDI?

Við fengum úrvals hunda upp þegar Sigríður notaði Stássa frá Götu á Kötlu IS01129/86, dóttur Pílu og Prins frá Ólafsvöllum, til dæmis Trygg minn frá Ólafsvöllum IS02451/92, faðir Ýrar Akks, sem gaf áfram einn vinsælasta lit tegundarinnar síðari ára. En ljósgráguli liturinn kom þarna sterkur í flest þessara systkina, Trygg, Spora Sám, Ylfu, Sölku Völku og fleirum. Sigríður endurtók þessa pörun. Stássi frá Götu IS01217/87 var ljósgrágulur, kolóttur með gæða feld, síðhærður. Gaman er að segja frá því að seinna, eða árið 2004, eignaðist ég BIS BISS ISCh Eir frá Keldnakoti, afastelpu Tryggs, sem hélt þessum aðalsmerkjum á lofti.

Annar tímamótahundur sem gaf vel í stofninn er Prins IS02818/93 og var í eigu Helgu Gústavsdóttur í Miðengi, undan

Raisu í Hlíð og Kolfinni mínum, bróður Kötlu. Prins var dökkgrágulur, kolóttur með fallegar merkingar, einnig mikill lubbi. Hann er svo aftur afi Stefsstells Ösku Spesíu minnar. Við pöruðum Prins og Ösku frá Þorvaldsstöðum, sem var í eigu Örnu Rúnarsdóttur, og var það eftir að ég hafði afrekað að koma hundunum á Þorvaldsstöðum í Breiðdal aftur í ættbók HRFÍ. Það er efni í aðra heila grein í Sám og stórmerkileg saga.

Úlfur frá Keldnakoti IS04824/98 er sá sem ég nefni síðastan, snilldar vel ræktaður hundur út af Baldri frá Ólafsvöllum syni Íslands-Garða Tinna. Hann var gulur og hvítur, fallegur snögghæður hundur og merkilegt hvað hann gaf sína styrkleika áfram. Hann er til dæmis faðir Fjalla Gera sem margir þekkja sem Kát á Ólafsvöllum. Úlfur lifir enn í Stefsstells Sunnu á Ólafsvöllum.

EFTIR HVERJU FERÐU AÐALLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁKVEÐUR AÐ PARA SAMAN HUND OG TÍK? SKIPTA ÆTTIRNAR MESTU MÁLI, ÚTLIT HUNDANNA, HEILBRIGÐI, GEÐSLAG EÐA ….?
Það skiptir mig mestu máli að plúsarnir pólist saman – og að ég sé sátt. Eins og ég sagði áður þá rækta ég aðeins undan topp dýrum og leitast ekki eftir að uppfylla neinar eyður í því sambandi. Góð samsvörun er mikilvæg, og að ég hafi sannfæringu fyrir parinu og þeim samsetningum sem liggja þar að baki. Hver pörun er liður sem skiptir máli í framhaldinu, og það er grafalvarlegur hlutur.

HVERNIG VELUR ÞÚ HVOLP TIL ÁFRAMHALDANDI RÆKTUNAR?
Hvolpar eru ekki valdir til áframhaldandi ræktunar, við getum valið framúrskarandi hvolp og við getum haft vonir um að hann muni þróast vel en ég er hins vegar alfarið á móti því að lofa að einhver hvolpur sé ræktunardýr.

ÁTTU EINHVER GÓÐ RÁÐ TIL ANNARRA RÆKTENDA?
Að þekkja dýrin sín út og inn, elska hlutverkið og vera öruggur í því sem maður er að gera. Allir þurfa að gera sínar tilraunir, en leita til reynslumeiri ræktanda er svarið. Virða þekkingu og reynslu!

HVERNIG HEFUR ÞÉR TEKIST AÐ SAMRÆMA HUNDAHALDIÐ DAGLEGU LÍFI Í ÞÉTTBÝLINU?
Mér finnst með ólíkindum að árið 2018 þurfi enn að berjast fyrir þeim lífsstíl að fá að eiga hund eða hunda í þéttbýli. Samþykki og skilningur í þéttbýli er aftanívagn fordóma eldri kynslóða í dag. Það vitum við öll! Hundur á að fá að fara með sínum eiganda hvert sem er, það er hinn eðlilegasti hlutur í mínum huga. Hundaleyfisskatt á að afnema til sveitarfélaga, ég skil ekki hvaða tilgangi þetta þjónar lengur. Leyfi og hæfilegt leyfisgjald er næg trygging og það sem skiptir alla máli.

Fyrir skömmu sagði yngri dóttir mín að nú mætti fara með hunda í strætó – „Svo þá get ég farið með Selfoss strætó og Pallý mína með mér til Margrétar vinkonu á Stokkseyri mamma!“ Nei hugsaði ég, það þarf að slökkva í voninni. –„Nei elskan, þetta er aðeins tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar.“ En bætti við – „mikið verður það gaman!“

ERTU ÁNÆGÐ MEÐ ÞRÓUN RÆKTUNAR Á ÞINNI TEGUND EÐA FINNST ÞÉR AÐ RÆKTENDUR MÆTTU HUGA BETUR AÐ EINHVERJUM ATRIÐUM VARÐANDI HANA?
Mér finnst vera aukning í að búa til hvolpa, og bilið eykst í gæðum hjá þeim sem rækta tegundina. Auðvitað er það áhyggjuefni.

ÁTTU EINHVERJAR ÓUPPFYLLTAR ÓSKIR UM FRAMTÍÐ RÆKTUNAR ÞINNAR EÐA TEGUNDARINNAR Í HEILD?
Ég vil sjá gæðastyrk í týpunni. Ég vil sjá þá fleiri og til framtíðar. Að fólk muni þekkja réttan íslenskan fjárhund, lundina, ástina og tryggðina í þessum besta vinnufélaga sem hægt er að óska sér. Ég vil sjá virðingu við þessa tegund og að hún fái notið sín. Íslenski hundurinn er svo mannelskur og fallegur að hann er auðveldlega misskilinn í heild sinni sem dýrðarinnar *pet*, eða gæludýr. Þarna þurfa ræktendur að taka stefnu, finnst mér, í að virða tegundina. Vinna með hundinn og valda því að rækta rétta eiginleika.

Þegar þú sérð íslenskan fjárhund þá átt þú að sjá styrkleika í vinalegum en jafnframt sterklegum vinnuhundi, hreyfingar, sjálfstæði og stolt frá nös og niður í tá. Kröftugur á velli, vel vakandi og svo greindarlegur að hann les hugsanir þínar. Það er íslenskur fjárhundur.

ER EITTHVAÐ SEM ÞÚ MYNDIR VILJA HAFA GERT ÖÐRUVÍSI ÞEGAR ÞÚ LÍTUR TIL BAKA? HEFUR ÞÚ Á EINHVERN HÁTT BREYST FRÁ ÞVÍ ÞÚ BYRJAÐIR AÐ RÆKTA HUNDA?
Líf mitt hefur svo lengi bara snúist um hunda, og allar mínar helstu ákvarðanir bundnar þessari ástríðu og lífsstíl.

INTCH Gold Grand CH. Stefsstells Ingaló Ísabella besti hundur tegundar á Westminster 2017. Ljósm. Teddy Lei.

Ég er til dæmis mjög stolt af að hafa deilt árangri og sigrum ræktunar minnar með börnunum mínum og verið einstæð móðir þeirra síðastliðin 10 ár. Við erum í þessu saman auk góðra vina sem skilja mig og finnst ég ekkert skrítin, enda löngu hætt að vanda mig við annað en að vera ég sjálf.

Ég trúi á Guð og ég er sannfærð um að allt gerist á réttum tíma. Þegar ég lít til baka er ég þakklát að hafa fengið minn tíma með því fólki sem ég elska, átt Sigríði mína að í öll þessi ár og fylgt félagi mínu í öllum þeim vexti sem einu sinni engan óraði fyrir, fengið alla þessa menntun og tækifæri. Það er glugginn minn.

Hundaræktarfélagið er mitt heim, þar fæ ég alltaf hlýjar móttökur og hef kynnst mörgu góðu fólki í starfi í gegnum árin. Íslenska deildin (DÍF) er elsta ræktunardeild félagsins og þar var mikið og metnaðarfullt starf. Ég var ekki nema 13 ára komin í varastjórn DÍF, þá funduðum við í Dugguvoginum. Svo lærði ég erfðafræði og ræktun smærri stofna með helstu sérfræðingum sem Sigríður og Guðrún Guðjohnsen voru með.
Um tvítugt var ég farin erlendis á ráðstefnur, námskeið og sýningar og að mynda sterk tengsl í Svíþjóð, já þetta er heilmikil mótun.

Ekki má sleppa að nefna sýningarnar og Emelíu Sigursteinsdóttur heitinnar sem dreif okkur öll áfram. Verkefnin eru svo mörg sem mér þykir vænt um, ræktunarsamböndin og traustið. Takk!

STIGAHÆSTI HUNDUR ÁRSINS Á SÝNINGUM

CIE ISSHCH NLM RW-14-15-16-17 RED HOT CHILI VAN TUM-TUM'S VRIENDJES „CHILI"

Eigandi: Karen Ösp Guðbjartsdóttir

Ég sá þessa tegund á Crufts 2011 og varð strax ástfangin. Þessir dillandi skottrassar náðu að heilla mig upp úr skónum á núll komma einni. Eftir að ég kom heim frá Crufts þá mundi ég ómögulega hvað þessi tegund hét og við systir mín lögðum höfuðin í bleyti þangað til það loksins kom. Petit basset griffon vendéen (pbgv) var það!

Hundar sem eru upprunnir frá Frakklandi og eru notaðir í að spora við veiðar, sérstaklega góðir að þefa upp elgi. Tegundin er jú þrjósk og þarfnast uppeldis og mikillar vinnu. Eftir að hafa lesið mér til um tegundina, fylgst með myndum og skemmtilegum sögum í „pbgv- grúbbum" á Facebook, ákvað ég að þetta væri tegund sem mig langaði til að eignast. Við systir mín, Ásta María, fórum að skoða ræktendur á netinu og lögðumst í smá rannsóknarvinnu. Það var ekki fyrr en 2012, sem ein góð íslensk vinkona okkar sem býr erlendis, sagði okkur frá ungum og metnaðarfullum ræktanda í Hollandi sem væri með virkilega fallega hunda. Eftir að hafa skoðað heimasíðuna hennar og línurnar sem hún var með, var ég ákveðin að fá hund frá henni.

Seint á árinu 2012 setti mig í samband við hana í gegnum Facebook, kynnti mig og sagði aðeins frá mér og spurði hvort hún ætti hvolp fyrir mig sem hún væri tilbúin að senda til Íslands. Nokkrum dögum síðar fékk ég svar frá henni þar sem hún sagðist eiga von á goti í janúar 2013. Hún sagði mér að hún væri með marga á biðlista og ekki miklar líkur á að ég fengi hvolp úr þessu goti. Hún vildi líka ekki senda hvað sem er til Íslands, þar sem ég væri að fá fyrsta hund sinnar tegundar til landsins og vildi (að sjálfsögðu) að það yrði gott eintak. Í febrúar 2013, vaknaði ég upp við mjög svo skemmtileg skilaboð. Hún var að bjóða mér æðislegan rauðan rakka. Hún sagðist hafa verið svo heppin að fá tvo mjög góða rakka í gotinu sem hún ætlaði að halda eftir en ákvað síðan að bjóða mér annan þeirra þar sem hún vissi hversu áhugasöm ég væri. Foreldrar hvolpanna voru bæði mjög falleg og skapgóð og pabbinn einn sigursælasti pbgv í heiminum (Soletrader Bjorn Borg). Ég var full tilhlökkunar og það var ekki aftur snúið.

Chili varð 5 ára í janúar 2018 og er að mér finnst, á sínum besta aldri núna. Ég hef mætt með hann á hverja einustu sýningu hér á Íslandi síðan hann kom til landsins. Ég sá strax að þessi hundur hefði marga kosti til að verða flottur sýningarhundur en vissi að hann þyrfti nokkur ár til að þroskast og verða enn flottari. Þessir hundar eru strýhærðir og enn þann dag í dag er ég að læra meira og betur að vinna með feldinn. Síðan Chili kom til landsins hef ég alltaf fengið mikla hjálp frá Ástu systur við reitingar, til að hann sé alltaf í réttu ásigkomulagi á sýningum. En núna sé ég að mestu um það sjálf að halda feldinum góðum og krefst það töluverðar vinnu. Þennan feld þarf að snyrta mjög reglulega, allan ársins hring til að halda honum góðum.

Chili hefur alltaf verið ótrúlega skemmtilegur hundur með mikinn karakter og æðislegt að vinna með honum og kenna honum nýja hluti. Sem ungum hundi gekk honum vel á sýningum. Hann fékk alltaf excellent með meistaraefni, nema einu sinni þegar hann var á mestu gelgjunni. Þá fékk hann excellent og ekkert meira, en dómarinn sagði að með meiri tíma og þroska yrði hann virkilega fallegur. Eftir að hafa komist áfram úr tegund í fyrstu skiptin, þá var hann yfirleitt að fá 2.-3.sætið í tegundahópnum sem ég var að sjálfsögðu bara mjög ánægð með. En með tímanum, þá fóru grúbbu-sigrarnir að detta í hús hver á fætur öðrum. Með þeim þá komumst við í Best in show-hringinn sem er auðvitað draumurinn. Ég held að það hafi ekki verið fyrr en í sjötta skiptið í BIS-hringnum sem við fengum loks sæti og mikið rosalega varð ég glöð! Þá varð hann í 4.sæti. En þetta var greinilega bara byrjunin á einhverju enn meiru.

Eftir þetta þá hefur honum gengið alveg rosalega vel og farið í sæti í best in show, núna 6 sýningar í röð; Fjórða, annað, fjórða, annað og svo loks tók hann þetta allt á september sýningunni og varð best in show! Einu sinni áður hef ég sýnt papillon úr ræktun frá mömmu minni og systur, alla leið sem best in show- en þetta var einhvern veginn öðruvísi. Síðan á seinustu sýningu ársins í nóvember varð hann aftur í öðru sæti. Í lok þeirrar

sýningar var hann heiðraður sem stigahæsti hundur ársins og setti einnig stigamet. Ég get ekki lýst þessari tilfinningu. Þetta var hundurinn minn sem var að ná þessum stórkostlega árangri og öll vinnan sem ég hef lagt í hann var að skila sér nákvæmlega þarna.

Fyrir utan sýningarnar elskum við að bralla hluti saman. Við höfum farið saman á sporanámskeið og Nose-work, þar sem hann nýtur sín í botn og fær að nota nebbann. Einnig höfum við sótt hvolpa-, hlýðni- og clickernámskeið. Mér finnst mjög skemmtilegt að sjá hann vinna og er alltaf að komast að því betur og betur hversu magnaður hann er. Allt árið um kring erum við mjög dugleg að fara saman í lausagöngur með öðrum hundum, þar sem Chili fær að hlaupa frá sér allt vit, auk þess að fá að þefa þar sem hann vill. Það er alveg uppáhaldið hans. Þefskynið er mjög sterkt hjá þessum hundum og er nauðsynlegt að leyfa þeim að nota það vel. Í lausagöngum á hann það reyndar til að hlaupa uppi einhverja slóð sem hundur, kanína eða jafnvel manneskja hefur labbað og gleymir sér í gleðinni. Þegar hann uppgötvar að hann sé kominn ansi langt frá mömmu sinni snýr hann við og kemur rakleitt til baka. Ég keypti þó lítið GPS-tæki til að setja á ólina hans þannig að ég geti fylgst með í símanum hvar hann er hverju sinni í þau skipti sem hann hleypur í burtu. Við pössum okkur þó að fara alltaf á mjög öruggan stað þar sem svæðið er mjög opið og engin bílaumferð. Þegar við komumst ekki í lausagöngu reynum við að fara í taumgöngu eða hjólatúr. Það tók smá tíma að fá hann til að hlaupa á réttum hraða með hjólinu en þegar það kom fór það heldur betur að skila sér. Ég mæli eindregið með hjólatúrum til að vinna með góðar hreyfingar á hundum. En við erum ekkert alltaf svona aktív samt. Suma daga elskum við bara að kúra saman uppi í rúmi og hafa það kósý.

Mér finnst ég hafa dottið í lukkupottinn að hafa eignast þennan æðislega hund. Hann er virkilega skemmtilegur, þrjóskur, þrælgáfaður og hefur kennt mér heilmargt. Hann elskar að leika sér með dót, gera heilaleikfimi og er mjög þakklátur fyrir alla þá vinnu sem hann fær. Þeir sem þekkja Chili vita að það er alltaf stuð þar sem hann er. Hann er minn allra besti vinur og ég verð ævinlega þakklát ræktanda hans, Gwen Huikeshoven, fyrir að hafa sent þennan gullmola til mín. Einnig vil ég þakka öllu frábæra fólkinu í kringum mig fyrir allan stuðninginn og hjálpina. Þið eruð ómetanleg!

STIGAHÆSTU RÆKTENDUR ÁRSINS

HEIMSENDARÆKTUN

Á marssýningu HRFÍ voru heiðraðir stigahæstu ræktendur félagsins á sýningum. Stigahæstu ræktendur ársins 2017 urðu Björn Ólafsson og Lára Birgisdóttir sem rækta undir ræktunarnafninu Heimsenda. Er þetta í þriðja sinn sem þau Björn og Lára hljóta þessa heiðrun frá félaginu. Þau hafa ræktað hunda síðan 1995 eða í 23 ár og m.a. lagt grunninn að ræktun á border collie, australian shepherd og nova scotia duck tolling retriever innan félagsins. Einnig hafa þau ræktað briard.

Heimsendaræktun hefur átt góðu gengi að fagna á sýningum félagsins og hafa þau ræktað 29 íslenska meistara og 9 alþjóðlega meistara ásamt einum norskum meistara. Þau hafa margoft hlotið verðlaun fyrir afkvæma og ræktunarhópa á sýningum félagsins í gegnum árin ásamt því að hafa átt besta hund sýningar á deildarsýningu fjár- og hjarðhundadeildar, 2. besta hund sýningar á alþjóðlegri sýningu HRFÍ og á síðasta ári varð svo nova scotia duck tolling retriever hundur þeirra besti ungliði sýningar. Heimsendaræktun hefur flutt út ræktunarhunda til Noregs, Portúgals, Svíþjóðar og til Bandaríkjanna og voru þau fyrstu íslensku ræktendurnir sem sýndu hund á Crufts úr sinni ræktun.

Þau segja árangurinn skilast af því að hafa fengið frábær ræktunardýr og frábæra eigendur hér heima sem og erlendis og að Heimsendahundarnir séu þekktir sem einstaklega góðir fjölskylduhundar enda ræktaðir með vinnueiginleika í huga í gæðastýrðri ræktun.

"Ræktun okkar hefur alltaf haft það að leiðarljósi að rækta eftir tegundarstaðli og ekki að kljúfa hundakynin upp í vinnulínur eða sýningarhunda. Margir frábærir hundar eru frá Heimsenda sem eru í fjárrekstri og nokkrir bændur eru með 3. kynslóð ræktaða af Heimsendaræktun. Til gamans er að líta yfir farin veg þá t.d í border collie á 23 árum hafa fæðst 45 hvolpar, af þeim hafa 10 hundar drepist vegna slysa (þá oftast keyrt yfir þá). Annars hafa þessir hundar náð lífaldri allt að 15 árum. Af þessum 35 sem lifðu hafa 11 orðið íslenskir meistarar og 5 alþjóðlegir.

Þegar við horfum til baka þá stendur upp úr að fylgja nýjum eigendum út í lífið með hvolpana sína og sjá þá dafna í leik og starfi."

Hundakveðja Björn og Lára Heimsendaræktun.

STIGAHÆSTI UNGI SÝNANDI ÁRSINS Í YNGRI FLOKKI

HRÖNN VALGEIRSDÓTTIR

HVENÆR OG HVERNIG BYRJAÐIR ÞÚ Í UNGUM SÝNENDUM?
Ég byrjaði um leið og ég fékk aldur til eða þegar ég var 10 ára. Ég byrjaði reyndar aðeins fyrr því ég tók þátt í sýningunni Barn og hundur þegar ég var 7 ára, í júlí 2013.

Þorbjörg Ásta frænka mín og amma Gauja (Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir) voru alltaf að sýna hunda, þannig kynntist ég sportinu og fékk áhuga á því.

ERU EINHVER SÉRSTÖK AUGNABLIK SEM HAFA STAÐIÐ UPP ÚR Í FERLINUM ÞÍNUM?
Já, það er ein keppni sem stendur upp úr. Það var febrúarsýningin 2016, ég var að sýna íslenskan fjárhund, hana Skrumbu (Arnarstaða Skrumba) og dómarinn var Marc Linnér. Einhverra hluta vegna var sýningin extra skemmtileg og allt gekk svo vel en ég vann þessa sýningu.

HVAÐ ER ÞAÐ SEM HEILLAR ÞIG VIÐ ÞETTA SPORT OG HVAÐ ER ÞAÐ SEM ÞÉR ÞYKIR SKEMMTILEGAST?
Það sem heillar mig við sportið er samveran með hundum og hversu krefjandi þetta getur verið. Mér þykir skemmtilegast að kynnast nýjum hundum og læra á þá, því enginn hundur er eins sem gerir þetta svo krefjandi. Hundar eru svo mismunandi, suma hunda er auðveldara að sýna en aðra því þeir hafa gaman af því að vera inni í hring en öðrum þykir það ekki alveg eins gaman og þá getur verið erfitt að ná fram gleði í hundinum. Þegar maður nær hundinum á sitt band verður þetta rosalega skemmtilegt.

HVAÐ FINNST ÞÉR MIKILVÆGT AÐ GÓÐUR SÝNANDI BÚI YFIR?
Það er mikilvægt að ná góðu sambandi við hundinn og að vera þolinmóður. Mér finnst skemmtilegra þegar sýnendur brosa og eru glaðir. Þá er mikilvægt að vera snyrtilegur til fara.

HVAÐ LEGGUR ÞÚ ÁHERSLU Á Í HRINGNUM OG ÞEGAR ÞÚ ÆFIR HUNDANA?
Það skiptir miklu máli að taka vel eftir öllu í hringnum, ég fylgist vel með hinum sýnendunum til að sjá hvernig þeir sýna hundana sína ef ég fæ skiptihund. Ég passa alltaf að vera tilbúin með minn hund þegar kemur að mér í hring. Svo passa ég alltaf að vera með gott nammi fyrir hundinn.

Þegar ég æfi mig með hundana þá reyni ég að kynnast hundinum eins vel og ég get og fæ hann til að treysta mér og vera vinur minn.

HVERNIG BYGGIR ÞÚ UPP SAMBAND ÞITT VIÐ HUNDINN SEM ÞÚ SÝNIR Í UNGUM SÝNENDUM?
Ég geri það sama og ég geri þegar ég æfi mig með hundinn, ég læri á hann og læt hann treysta mér. Stundum fæ ég hund sem fylgir táknum og þá læri ég táknin og nýti mér þau á sýningum.

ERU EINHVER SKEMMTILEG FRAMTÍÐARPLÖN SEM ÞÚ STEFNIR Á Í HUNDASPORTINU?
Já mig dreymir um að keppa á sýningum í útlöndum og ég vona að ég fái einhvern tímann tækifæri til að keppa fyrir hönd Íslands.

Þegar ég verð eldri langar mig að vinna sem hundaþjálfari og halda námskeið fyrir sýnendur.

EITTHVAÐ ANNAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI?
Mig langar að óska stelpunum sem kepptu úti á Nordic Winner sýningunni í desember innilega til hamingju með sigurinn, þær voru rosa flottar!

STIGAHÆSTI UNGI SÝNANDI ÁRSINS Í ELDRI FLOKKI

VAKA VÍÐISDÓTTIR

HVENÆR OG HVERNIG BYRJAÐIR ÞÚ Í UNGUM SÝNENDUM?

Ég byrjaði í ungum sýnendum snemma árs 2014 þegar ég var 11 ára gömul. Ég hafði verið að mæta á sýningarþjálfanir með mömmu minni þar sem hún var að fara að sýna fyrstu Briard tíkina okkar. Ég frétti síðan fljótlega af Ungmennadeild Hrfí og ákvað ég að prufa að mæta á þjálfanir hjá þeim og eftir það var eiginlega bara ekkert aftur snúið þar sem ég féll algjörlega fyrir þessu sporti.

ERU EINHVER SÉRSTÖK AUGNABLIK SEM HAFA STAÐIÐ UPP ÚR Í FERLINUM ÞÍNUM?

Árið 2017 var viðburðaríkt og skemmtilegt ár fyrir mig og minn sýningarferil. Þann 9. desember kepptum við Berglind Gunnarsdóttir, Elena Mist Theodórsdóttir og Ingunn Birta Ómarsdóttir í Norðurlandakeppni ungra sýnenda og okkur til mikillar gleði sigruðum við liðakeppnina og Berglind einstaklingskeppnina. Við erum allar í skýjunum með árangurinn og var það mögnuð tilfinning að vera fyrsta íslenska landsliðið til að sigra þessa keppni.

En það sem toppaði klárlega árið var að enda sem stigahæsti sýnandi ársins og er ég afar þakklát fyrir það að fá að keppa fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu keppni ungra sýnenda á stórsýningunni Crufts, þar sem það hefur verið langþráður draumur.

HVAÐ ER ÞAÐ SEM HEILLAR ÞIG VIÐ ÞETTA SPORT OG HVAÐ ER ÞAÐ SEM ÞÉR ÞYKIR SKEMMTILEGAST?

Það sem heillar mig mest við þetta sport er að fá að vinna með öllum yndislegu hundunum bæði inni í hring og fyrir utan. Ekki má gleyma félagsskapnum og frábæru hunda vinunum sem ég hef eignast.

HVAÐ FINNST ÞÉR MIKILVÆGT AÐ GÓÐUR SÝNANDI HAFI?

Góður sýnandi þarf fyrst og fremst að hafa metnað fyrir sportinu og muna það að hundurinn er alltaf númer 1,2 og 3. Einnig þarf að muna að hafa gaman, njóta og samgleðjast með öðrum.

HVAÐ LEGGUR ÞÚ ÁHERSLU Á Í HRINGNUM OG ÞEGAR ÞÚ ÆFIR HUNDANA?

Mér finnst allra mikilvægast að hundarnir fái að njóta sín og hafi gaman, bæði á þjálfunum og í sýningarhringnum og er einnig mikilvægt fyrir sýnendur að byggja upp samband og traust við hundinn sinn því það skilar sér alltaf á sýningunum.

HEFURÐU KEPPT Á ERLENDRI SÝNINGU, HVERNIG VAR SÚ UPPLIFUN OG HVAÐ LÆRÐIRÐU AF ÞVÍ?

Ég hef ekki keppt nema tvisvar á sýningum erlendis og voru það Nordic Winner/ Norðurlandakeppni ungra sýnenda, þær voru árið 2016 í Herning, Danmörku og 2017 í Helsinki, Finlandi. Bæði skiptin hef ég ferðast með þremur öðrum frábærum stelpum úr landslið ungra sýnenda og þjálfara okkar henni Auði Sif Sigurgeirsdóttir. Þessar ferðir voru báðar alveg æðislega skemmtilegar og lærði ég ýmislegt t.d það að vinna með alveg ókunnugum hundum og keppa með nýjum ungmennum frá ýmsum öðrum löndum. Að keppa erlendis er ótrúlega skemmtileg upplifun fyrir ungan sýnenda eins og mig og get ég hreinlega ekki beðið eftir minni næstu sýningu erlendis.

HVERNIG BYGGIR ÞÚ UPP SAMBAND ÞITT VIÐ HUNDINN SEM ÞÚ SÝNIR Í UNGUM SÝNENDUM?

Mér finnst samband hunds og sýnanda vera eitt af því mikilvægasta til þess að njóta sín í hringnum sem leiðir oft til velgengni í keppnum. Ég er svo heppin með það að vera með yndislegasta hund sem ég gæti hugsað mér í ungum hana Víkur American Beauty „Izzy“, hún er með besta skapið fyrir unga og elskar að vera í hringnum.

Ég reyni að hitta hana eins oft og ég get til þess að æfa fyrir sýningar en mér finnst rosalega mikilvægt að festa sig ekki bara í því og hitti ég hana því líka til þess að fara í göngutúra, fjallgöngur og bara til þess að leika.

ERU EINHVER SKEMMTILEG FRAMTÍÐARPLÖN SEM ÞÚ STEFNIR Á Í HUNDASPORTINU? GÆTI ÞÁ TENGST UNGUM SÝNENDUM OG KEPPNIR ÁR ERLENDRI GRUNDU EÐA FARA ÚT SEM 'KENNELHJÁLP' HJÁ RÆKTANDA.

Það sem er næst á dagskrá hjá mér er Crufts 2018, þar sem ég er að fara að keppa í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda. Ég hef farið á þessa mögnuðu sýningu 3 ár í röð en er ég að fara sem keppandi í fyrsta sinn og er ég alveg gríðarlega spennt fyrir því.

EITTHVAÐ ANNAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI?

Ég vil fá að nýta tækifærið og þakka öllu því yndislega fólki sem hefur stutt við mig og hjálpað mér í gegnum árin og á þessum sýningarferil mínum, þið vitið hver þið eruð, ég er ævinlega þakklát fyrir ykkur og ykkar stuðning.

STIGAHÆSTI HUNDURINN Í HLÝÐNI

OB-II OB-I VONZIU'S ASYNJA

&

STIGAHÆSTI HUNDURINN Í SPORI

FORYNJU ASKA

EIGANDI: HILDUR SIF PÁLSDÓTTIR
MYND: SIGRÍÐUR HELGA PÁLSDÓTTIR

Ég heiti Hildur S. Pálsdóttir og eignaðist minn fyrsta hund árið 2012, schäferhundinn Kolgrímu Genius Of All Time Hólm. Fljótlega eftir það féll ég fyrir því að vinna með hundinn minn, enda vinnutegund og þá var ekki aftur snúið. Ég fór fljótlega að huga að innflutningi og komst í kynni við frábært fólk í Bretlandi sem seldi mér hana Vonziu's Asynju sem fæddist í desember 2013. Fór ég út full tilhlökkunar að sækja hana í maí 2014, þá 5 mánaða gamla.

Eftir að Ynja kom úr einangrun sýndi hún strax að hún væri virkilega efnileg í vinnu. Hún hafði virkilega mikinn áhuga á hlýðni þjálfun og dembdum við okkur útí það. Mér finnst líka gaman að mæta með hana á sýningar og hefur henni alltaf gengið mjög vel í þeirri deildinni líka, en aðal áherslan með hana hefur alltaf verið vinna.

Í september 2014 lukum við Ynja bronsprófi hjá Vinnuhundadeild HRFÍ og er hún enn þann daginn í dag stigahæsti schäferhundur sem klárar það próf. Síðan þá hefur Ynja hlotið hlýðni I og hlýðni II meistaratitla, ásamt því að vera fyrsti hundur Íslands til að hljóta Gullmerki í Hlýðni og þá ekki orðin tveggja ára gömul. Í fyrra byrjuðum við á hlýðni III, en er hún fyrsti hundur landsins bæði sem þreytir það próf og hlýtur í því fyrstu einkunn. Fyrir utan hlýðnina hefur hún lokið bæði C-prófi í snjóflóðaleit og víðavangsleit hjá Björgunnarhundasveit Íslands og klárað sporapróf á vegum Vinnuhundadeildar HRFÍ.

Sumarið 2016 fékk ég ræktunarnafnið mitt , Forynju, samþykkt og fór ég strax að spá í því hvað ég ætti að para hana Ynju mína við. En ég vildi blanda saman áhuga mínum á vinnu og sýningum. Ákvað ég eftir mikla umhugsun að para hana við meistarann Juwika Fitness, en hann var bæði stigahæsti hundur Schäferdeildarinnar það árið og hafði ég séð hann í vinnu og þótti hann mjög flottur á því sviði, en þá aðallega í spori.

21. janúar 2017 fæddist svo mitt fyrsta got undan Ynju og Fitness og fékk ég þar tíkina mína hana Forynju Ösku. En sýndi hún strax í hvolpakassanum að hún væri örugg, dugleg og vinnusöm og ekki fannst mér útlitið á henni skemma fyrir.

Aska byrjaði á hvolpanámskeiði 4 mánaða gömul hjá Hundalíf og var strax mjög efnileg og gaman að vinna með henni. Svo með vorinu byrjuðum við í sporaþjálfun og er hún einn allra efnilegasti sporahundur sem ég hef kynnst, þó ég segi sjálf frá.

Aska lauk hlýðni brons prófið á vegum Vinnuhundadeildar HRFÍ aðeins 8 mánaða gömul, hún var stigahæsti schäfer ársins 2017 sem lauk bronsprófi og annar stigahæsti hundur yfir allar tegundir, aðeins 1 stigi á eftir þeim hæsta. Tvemur vikum seinna fórum við í sporapróf þar sem við hlutum 100 stig af 100 mögulegum og varð hún stigahæsti hundur ársins yfir allar tegundir í spori I. Hún fetar því í fótspor foreldra sinna sem voru bæði stigahæstu hundar ársins, Fitness í spori II og Ynja í hlýðni III. Hlakka ég mikið til framhaldsins með hana Ösku mína, en það er ofboðslega gaman að vera að stíga mín fyrstu skref í ræktun og svona vel lukkast til.

STIGAHÆSTU HUNDAR Í HUNDAFIMI

STIGAHÆSTI HUNDURINN Í LITLUM

Stjörnugeisla Prinsess Tara eða Tara Dúlla er stigahæsti litli hundurinn 2017 með 52 stig ásamt því vera stigahæsti öldungur 2017. Eigandi hennar og þjálfari er Maríanna Magnúsdóttir en Tara er hennar fyrsti hundur. Tara er Silky terrier og er fædd 2007. Tara byrjaði í hundafimi með systur Maríönnu með unglindadeild HRFÍ en byrjaði í hundafimi af fullum krafti í febrúar 2015. Þrátt fyrri að hafa byrjað ferilinn sem öldungur er Tara búin með AG I, AG II, JU I, JUII og bronsmerki íþróttadeildar.

Hún hefur einnig tekið ýmis námskeið og keppt í fleiri hundaíþróttum eins og nosework, spori og hlýðni. Hún er einnig rauða kross hundur.

Hún er opin karakter, ljúf og góð en er þó hefðardama eins og hundi á hennar aldri sæmir. Hún er mjög viljug og fljót að læra nýja hluti.

STIGAHÆSTI HUNDURINN Í MIÐLUNGSSTÓRUM

Mabel Joy's Firefly (Tuva) er bæði stigahæsti miðlungsstóri hundurinn og stigahæsti hundurinn yfir allar stærðir 2017, með 60 stig. Eigandi og þjálfari hennar er Halldóra Lind Guðlaugsdóttir. Tuva er shetland sheepdog, fædd í Noregi árið 2010 og var hægri hönd Halldóru þegar hún stundaði hundaþjálfaranám þar. Tuva kom til landsins 2 ára gömul en byrjaði ekki að æfa hundafimi fyrr en 4 ára. Hún er með bronsmerki í hundafimi ásamt því að hafa lokið AG I, JU I og JU II. Tuva elskar fólk, er mjög opin og ófeimin, drífandi og á auðvelt með að læra nýja hluti.

STIGAHÆSTU HUNDARNIR Í STÓRUM

Tveir hundar deila sætinu um stigahæsta stóra hundinn 2017, en þau voru bæði með 50 stig.

Hvergilands Dynur er ástralskur fjárhundur sem varð tveggja ára 2017. Hann byrjaði að æfa hundafimi 2016 með eiganda sinum Kaisu Jónasson og dóttur hennar Ronju. Hann hefur mjög gaman af hundafimi og bara af öllu þar sem hann má vera með fólkinu sínu og vinna, þ.á.m. að smala. Hann elskar að hitta aðra hunda og er yfirleitt vinur allra. Dynur er kominn með bronsmerki í hundafimi og fór úr AG I í AG II í seinustu keppni ársins.

Winnow Sleeping Beauty „Nala" er fædd árið 2012 hún hefur æft hundafimi síðan 2013 með Stefaníu Björgvins en hún er eigandi hennar.

Nala er af tegundinni Standard Poodle, hún elskar alla hreyfingu en fyrir utan hundafimina þá æfir hún beituhlaup, hlýðni og svo er hún heimsóknarvinur hjá rauða krossinum og fer reglulega upp á líknardeildina í Kóparvogi.

Nala er með bronsmerki í hundafimi og hefur lokið AGI, AGII og JUI, JUII og vinnur nú að því að klára AGIII og JUIII.

NÝIR MEISTARAR

C.I.B.

LITTLE LION DOG
C.I.B. NLM ISCh ISJCh RW-16 Jadechar Divine Ice Maiden
Eigandi: Erla Sigurkarlsdóttir
Ræktendur: Mrs M and Miss J Pascoe

TÍBET SPANIEL
ISCh ISJCh Tíbráar Tinda Karuna
Eigandi: Bjarnheiður Erlendsdóttir
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

DOBERMANN
ISCh RW-17 Grace
Eigandi: Andrea Stefánsdóttir
Ræktandi: Anton Kristinn Þórarinsson

ISCh

CAVALIER KING CHARLES SPANIEL
ISCh RW-15 Hrísnes Sonja
Eigandi: Þuríður Hilmarsdóttir
Ræktandi: Þuríður Hilmarsdóttir

PUG
ISCh Gimili Artful Dodger
Eigandi: Erna Margrét Magnúsdóttir
Ræktendur: Mr J, Mrs P & Mr M Anderson

TÍBET SPANIEL
ISCh ISJCh NLM Tíbráar Tinda Mudita
Eigandi/ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

BEDLINGTON TERRIER
ISCh USCh First Class Brown Is The New Blue
Eigandi: Vigdís Elma Cates
Ræktandi: Kathryn M Schubert & Jacquelyn J Fogel

ENSKUR BULLDOG
ISCh Bullmont Classic Candy
Eigandi: Ásgerður Þóra Ásgeirsdóttir
Ræktandi: Miss N. Beaumont

SIBERIAN HUSKY
ISCh AMCh CANCh Maskarade's A Legend In My Own Time
Eigendur: Anthony & Adele Keyfel, & Tiffanie E. Coe
Ræktendur: Anthony & Adele Keyfel, & Gary & Cindy Carnes

ISSHCH

GOLDEN RETRIEVER
ISShCh RW-16 Immaginarium Kir Royal
Eigandi: Roberto Cracolici
Ræktandi: Karolina Dominika Borys

LABRADOR RETRIEVER
ISShCh Sólstorms What´s this life for
Eigandi: Þóra Þórsdóttir
Ræktendur: Sólrún Dröfn Helgadóttir &
Árnmar J. Guðmundsson

ENSKUR COCKER SPANIEL
ISShCh ISJCh Leirdals Rimar
Eigandi: Íris María Eyjólfsdóttir
Ræktandi: Þórdís María Hafsteinsdóttir

ISJCh

DANDIE DINMONT TERRIER
ISJCh RW-17 Hvergilands Benjamin Bennett
Eigandi: Guðfinna Kristinsdóttir
Ræktandi: Mekkín Gísladóttir

CHOW CHOW
ISJCh RW-17 Tiffany
Eigandi: Erna Margrét Magnúsdóttir
Ræktandi: María Anna Guðmundsdóttir

AUSTRALIAN SHEPHERD
ISJCh Östra Greda Dragon Piper
Eigendur: Svava Björk Ásgeirsdóttir,
Kristmundur Anton Jónasson og Hafdís Jóna Þórarinsdóttir
Ræktandi: Gísli Ómarsson

ÍSLENSKUR FJÁRHUNDUR
ISJCh Stemma Rektorsdóttir frá Ólafsvöllum
Eigandi: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir
Ræktendur: Mette Pedersen & Georg Kjartansson

NLM

DVERGSCHNAUZER, PIPAR & SALT
NLW Svartwalds One of A Kind
Eigandi: Þórey S. Þórisdóttir
Ræktandi: María Björg Tamimi

LITTLE LION DOG
NLM ISCh ISJCh RW-16 Jadechar Divine Ice Maiden
Eigandi: Erla Sigurkarlsdóttir
Ræktendur: Mrs M and Miss J Pascoe

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 1. SÆTI
ISCh ISJCh RW-17 Arkenstone Driving Miss Daisy, IS21434/16
Irish soft coated wheaten terrier
Eigandi: Helga Kristín Gunnarsdóttir
Ræktandi: Hilda Björk Friðriksdóttir

WINTER WONDERLAND

Úrslit Winter-Wonderland sýninga HRFÍ 24.-26. nóvember 2017. Alls voru skráðir til þátttöku 161 hvolpur af 44 hundategundum og 670 hundar eldri en 9 mánaða af 95 hundategundum.

Dómarar sýningarinnar voru Frank Kane (Bretland), Gerard Jipping (Holland), Marija Kavcic (Slóvenía), Marie Thorpe (Írland) og Nils Molin (Svíþjóð) sem dæmdu í fimm sýningarhringjum samtímis.

TEXTI: HAFDÍS JÓNA ÞÓRARINSDÓTTIR
LJÓSMYNDIR: ÓLÖF GYÐA RISTEN

FRANK KANE – UNGIR SÝNENDUR

Frank Kane dæmdi keppni ungra sýnenda á föstudagskvöldinu og sagði gæðin hafa verið mjög há í báðum flokkum og var að augljóst að það væri vel haldið utan um yngri kynslóðina. Hann hefur margsinnis dæmt unga sýnendur víða í heiminum og segir íslensku sýnendurna vera ofarlega á heimsvísu. Það kom honum verulega á óvart að sjá hve jöfn gæði voru.

GOTT SAMBAND

Þegar Kane er spurður hvað það væri sem hann horfir helst í þegar hann dæmir keppni ungra sýnanda er einhver sem er í góðu sambandi við hundinn sinn. Parið ætti að vinna saman líkt og þau þekki takt hvors annars. Sýnandi ætti að einbeita sér að hundinum sem hann er að sýna enda ætti hann alltaf að vera aðalatriðið í hringnum. Ef það er sýnandinn sem grípur auga hans en ekki hundurinn þá væri það ekki nægilega góður sýnandi því góðir sýnendur láta hundinn skína. Hann leitar að sýnanda sem er með góða þekkingu á tegund sinni og sýnir hana á réttum hraða. Þetta lýsti vel mörgum sýnendum sem hann sá í hringnum hjá sér og komu gæðin honum ekki á óvart eftir að hann fylgdist með þjálfara krakkanna sýna hundana sína yfir helgina með framúrskarandi árangri.

GÓÐ HEILDARMYND

Frank Kane átti í miklum erfiðleikum með að dæma eldri flokkinn enda gæðin verulega jöfn. Hann náði að minnka hópinn niður í níu sýnendur og fengu þeir aðilar allir skiptihunda. Hann fylgdist með því hvernig sýnendurnir unnu með ókunnugu hundunum og hvort þeir hefðu þekkingu á því hvernig þeir ættu að sýna aðrar tegundir. Honum þótti til mikils koma hjá einum sýnandanum sem sýndi skiptihund sinn jafnvel betur en upprunalegi sýnandinn. Allir sigurvegarar hans í eldri flokki voru með mjúkar hendur við hundana sína og sýndu þeim samúð. Þær hreyfðu þá á réttum hraða, hundarnir voru í góðu jafnvægi og þær mynduðu góða heildarmynd og voru það einungis lítil smáatriði sem skildu þær að. Það var ekki fyrr en á síðustu stundu sem honum tókst

loks að velja sigurvegara sinn.

Hann var einnig hrifinn af gæðunum í yngri flokki og taldi þau góð miðað við ungan aldur þeirra. Sýnendurnir voru í góðum samböndum við hundana sína og voru allir mjúkhentir við hundana sína sem skiptir miklu máli. Sigurvegari eldri flokks sem sýndi siberian husky var virkilega hæfileikaríkur og sýndi hundinn sinn með mikilli natni. Honum þykir framtíðin björt fyrir félagið miðað við það sem hann sá í hringnum.

HREYFA OF HRATT

Þegar Frank Kane var inntur eftir ábendingum eða ráðum fyrir ungu sýnendurna segir hann þau augljóslega á réttri braut en þau þurfi að vera meðvituð um réttan hraða hundsins. Margir sýnendur hreyfðu hundana of hratt sem kemur þeim í ójafnvægi. Sýnendurnir ættu að þekkja hundana sína vel og hvað þeir þurfi að gera til að fá það besta úr þeim. Mikilvægt er að einbeita sér að hundinum en ekki reyna að brosa til dómarans. Það heillar ef sýnandi getur skapað góða mynd af hundinum sem fyllir augu dómarans- að leyfa hundinum að standa náttúrulega í lausum taum býr til fallega heildarmynd að hans mati. Að lokum bryndi hann á því að ef það er sýnandinn sem grípur auga hans en ekki hundurinn, þá er það ekki nægilega góður sýnandi.

FRANK KANE - LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR
GÓÐIR FULLTRÚAR HENTUGIR Í VINNU

Frank Kane þótti gæðin í tegundahópi 7 mjög jöfn og góð þrátt fyrir fáar skráningar í hverri tegund. Sigurvegari hans var ungversk vizla sem var góður vinnuhundur í frábæru formi, hann var tegundartýpískur og af miklum gæðum.

Í öðru sæti var falleg írsk setter tík, í þriðja sæti var strýhærður vorsteh sem var kröftugur hundur með góðan feld. Í fjórða sæti var enskur setter sem var einnig góður vinnuhundur, mjög tegundartýpískur og sýndi frábærar hreyfingar.

Hápunkturinn í tegundahópi sjö var þegar hann verðlaunaði snögghærða vorsteh tík sem besta hund tegundar sem var nú þegar íslenskur veiðiprófsmeistari. Honum þykir það alltaf ánægjulegt að verðlauna hunda á sýningum sem geta gert allt sem tegundin á að gera eða eru “fit for function” eins og hann orðaði það.

Hann var ánægður með sigurvegara sína í tegundahópi sjö þrátt fyrir fámennar tegundir en hann vildi brýna á því hve mikilvægt það er að velja hundinn vel sem þú verðlaunar með alþjóðlegu meistarastigi, sérstaklega ef fáar skráningar eru í tegund. Að veita stigið er mikilvægt ábyrgð og á aðeins að veita það ef hundurinn á það skilið.

HUNDARNIR HÁÐIR VERÐLAUNABITUM

Á sunnudeginum dæmdi Frank Kane golden retriever og labrador retriever. Það var lítill hópur af golden retriever en þrátt fyrir það fallegir einstaklingar innan tegundarinnar. Hann dæmdi fallega tík í opnum flokki sem vann tíkurnar en var það rakki úr meistaraflokki sem vann tegundina. Hann var af miklum gæðum, bar sig vel og var mjög tegundartýpískur.

Hann dæmdi einnig fjölmennustu tegund helgarinnar, labrador retriever. Í heildina var hann ánægður með gæðin en þurfti þó að gefa mörg ‘very good’. Hann skrifaði langa dóma því ræktendur og eigendur hafa borgað mikinn pening til þess að fá að vita hvað þarf að bæta í tegundinni. Það helsta sem hann tók eftir var að hundarnir væru margir hverjir of langir sem skemmir jafnvægið. En það sem þyrfti helst að bæta væru sýnendurnir sem væru að beita hundana of mikið. Það ætti ekki að gefa þeim svona mikið nammi á sýningum og þegar þeir eru þjálfaðir því þeir verða háðir verðlaunabitunum og þegar dómarinn ætlar að koma að skoða hundana heldur hundurinn að dómarinn sé með verðlaunabita. Hundarnir eru of æstir sem gerir starf dómarans oft á tíðum erfitt. Labrador er tegund sem ætti að geta staðið rólega án verðlaunabita þegar dómarinn skoðar þá.

Gæðin í tíkunum voru betri og jafnari og var hann hæstánægður með val sitt á bestu fjórum tíkunum sínum, þar af voru þrjár þeirra af sömu kynslóð. Hann sagði ræktanda þeirra vera á réttri braut.

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 2. SÆTI
ISW-17 C.I.E. ISShCh NLM RW-14-15-16-17
Red Hot Chili V. Tum-Tums Vriendjes, IS18614/13
Petit basset griffon vendeen
Eigandi: Karen Ösp Guðbjartsdóttir
Ræktandi: G.M. Huikeshoven

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 3. SÆTI
ISCh ISJCh RW-16-17
Pom4you Greatest Lover Of All Time, IS21519/16
Pomeranian
Eigandi: Sigurlaug Sverrisdóttir
Ræktandi: Sigurlaug Sverrisdóttir

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 4. SÆTI
ISJCh Leifturs Platína, IS22037/16
Whippet
Eigandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir

BESTI ÖLDUNGUR SÝNINGAR 1. SÆTI
ISVW-16 ISCh ISVetCh RW-13 OB-1
Stefsstells Skrúður, IS09862/06
Íslenskur fjárhundur
Eigandi: Vigdís Elma Cates
Ræktandi: Stefanía Sigurðardóttir

BESTA UNGVIÐI SÝNINGAR 1. SÆTI
Pom4you Queen Of All Time, IS23626/17
Pomeranian
Eigandi: Sigurlaug Sverrisdóttir
Ræktandi: Sigurlaug Sverrisdóttir

BESTI HVOLPUR SÝNINGAR 1. SÆTI
Hrísnes Una, IS23320/17
Labrador retriever
Eigandi: Þuríður Hilmarsdóttir
Ræktandi: Þuríður Hilmarsdóttir

TEGUNDAHÓPUR 1: 1. SÆTI
C.I.B. ISCh VDHCh VDHJCh VA1 DEW-13 RW-17
Vajra Diamont of Haely's Future, IS21577/16
White swiss shepherd dog
Eigendur: Hjördís H. Ágústsdóttir & Anna Þórunn Björnsdóttir
Ræktandi: M.C. Dozeman

STERKIR HUNDAR KEPPTU UM BESTA HUND SÝNINGAR

Kane þótti þeir níu hundar sem kepptu um besta hund sýningar vera af miklum gæðum og að þetta væru hundar sem gætu unnið hvar sem er í heiminum. Hann var virkilega ánægður með efstu fjögur sætin sín en þá sérstaklega með irish soft coated wheaten tíkina sem hann verðlaunaði sem besta hund sýningar. Hann sagði hana vera gullfallega tík með virkilega góðan og réttan feld. Hún var virkilega tegundartýpísk og af miklum gæðum.

YNDISLEG GESTRISNI Á ÍSLANDI

Frank Kane var ánægður með dvöl sína á Íslandi eins og alltaf. Hann heimsótti Bláa Lónið en hann óskaði þess að hann gæti gert það á hverjum degi. Hann er mikill áhugamaður um íslenska hestinn og fékk hann að sjá nokkra fallega en gat því miður ekki farið á bak í þetta sinn. Honum þykir alltaf jafn skemmtilegt að vera boðinn til Íslands enda yndislegt andrúmsloft á sýningunum og gestrisnin góð.

MARIJA KAVCIC

OF ALGENGT AÐ SÝNENDUR BEITI HVOLPANA

Á föstudeginum dæmdi Marija Kavcic nokkra hvolpa og var almennt ánægð með gæðin en það sem truflaði hana helst var hve mikið sýnendur notuðu nammi á hvolpana. Hún sagði að sýnendur ættu ekki að byrja að þjálfa hvolpana með nammi og venja þá á það. Nammið á að nota til þess að hrósa fyrir rétta hegðun.

FEGURÐ Á HEIMSVÍSU

Á laugardeginum dæmdi Marija irish soft coated wheaten tíkina sem seinna varð besti hundur sýningar. Hún var virkilega stolt að hafa verðlaunað hana sem besta hund tegundar og besta hund í tegundahópi 3. Hún taldi tíkina vera framúrskarandi, ekki aðeins á þessari sýningu heldur gæti þessi tík unnið á hvaða stórsýningu sem er. Ungi ræktandi þessarar tíkar ætti að vera stolt og ætti hún bjarta framtíð fyrir sér.

TEGUNDARTÝPÍSKIR ENSKIR COCKER SPANIEL

Á sunnudeginum dæmdi Kavcic enskan cocker spaniel sem voru af miklum gæðum. Hundarnir voru allir með góða skapgerð og voru vel sýndir. Hún var ánægð að sjá hve tegundartýpískir allir hundarnir voru og að ræktendur væru að standa sig vel með tegundina. Það gladdi hana mikið að sjá hve vel enska cockernum gekk í úrslitum.

Hún dæmdi einnig st. bernharðs sem voru einnig af góðum gæðum. Þeir voru í góðu jafnvægi á hreyfingu og réttum hlutföllum en nokkrir voru aðeins of stuttfættir. Í heildina voru þetta frábærir hundar en ræktendur þyrftu að hafa í huga að augun væru of djúpt sett.

Marija var ánægð með gæðin í nova scotia duck tolling retriever, hundarnir voru týpískir með góðar hreyfingar og gott skap.

VINÁTTA Í HRINGNUM

Það sem Marija vill að Íslendingar haldi í er vináttan sem hún sá inni í hringjunum. Ræktendur og sýnendur sem óskuðu hvorum öðrum til hamingju og samglöddust hvorum öðrum. Starfsfólk sýningarinnar var til fyrirmyndar og andrúmsloftið gott.

MARIE THORPE

BJÖRT FRAMTÍÐ HVOLPA

Marie Thorpe dæmdi hvolpana á sunnudeginum og var einn sem stóð helst upp úr hjá henni en það var pomeranian hvolpurinn sem varð besta ungviði sýningarinnar. Hún var virkilega ánægð með hann og taldi hann eiga bjarta framtíð fyrir sér.

VONSVIKIN MEÐ EIGIN TEGUND

Thorpe var vonsvikin með gæði chihuahua en það er tegundin sem hún ræktar. Það voru fáir hundar sem hún gat verðlaunað 'excellent' og margir þeirra væru ekki efni í sýningahunda. Þeir voru flestir ekki með rétta eplalaga höfuðið sem þeir eiga að vera með. Hún var þó ánægð með sigurvegara sína í tegundinni.

BÝR YFIR ÖLLUM EIGINLEIKUM TEGUNDARINNAR

Marie Thorpe var yfir sig hrifin af bichon frise rakkanum sem hún dæmdi á laugardeginum. Hann var framúrskarandi, með fallegt höfuð og rétt svipbrigði.

Feldurinn var af miklum gæðum og litarhaftið gott. Hann bjó yfir öllum þeim eiginleikum sem tegundin á að bera. Hún var virkilega stolt að verðlauna hann með fyrsta sætinu í tegundahópi 9.

Hún var einnig ánægð með shih tzu tíkina og var hún með hana í huga í topp fjórum en því miður missti tíkin skottið. Lhasa apso tíkin sem hún dæmdi taldi hún vera af framúrskarandi gæðum og endaði hún í öðru sæti.

Papillon stóð einnig upp úr hjá henni en þar var gullfalleg og fíngerð tík sem hreppti þriðja sætið.

RÆKTENDUR GERA MIKIÐ FYRIR TEGUNDINA

Á sunnudeginum dæmdi Marie Thorpe meðal annars schnauzera sem hún taldi vera glæsilega. Það var augljóst að ræktendurnir væru að gera mikið fyrir tegundina, flytja inn góða einstaklinga til þess að bæta ræktun. Hún var virkilega ánægð með alla liti og stærðir en svart silfur rakkinn stóð upp úr hjá henni og endaði hann á því að vinna tegundarhópinn undir henni. Hún var ekki hissa þegar hún frétti eftir sýninguna að rakkinn væri stigahæsti schnauzer ársins.

Hún dæmdi einnig boxer, rottweiler og enskan bulldog sem henni þótti vera í lagi en hundarnir í þeim tegundum skorti meiri týpu.

MEÐ BESTU ÚRSLITUM SEM HÚN HEFUR SÉÐ

Að hennar mati voru þeir hundar sem kepptu um besta hund sýningar með þeim betri hundum sem hún hefur séð í heiminum og þá sérstaklega írska wheaten tíkin sem bar sigur úr býtum. Hún var virkilega ánægð með öll úrslit og með helgina yfir allt. Sýnendurnir voru kurteisir og var hún ánægð að sjá hve fúsir þeir voru til þess að læra.

NILS MOLIN

MINNISSTÆÐUR ÖLDUNGUR

Nils Molin dæmdi þjóðartegundina okkar, íslenska fjárhundinn, og var hæstánægður að sjá framför tegundarinnar. Hann hefur komið til landsins áður og dæmt íslenska fjárhundinn og því getað fylgst með þróun tegundarinnar hér á landi. Honum þótti tegundin hafa tekið miklum framförum en því miður var það ekki sama sagan með tegundina annars staðar í heiminum. Hann gat ekki annað en brosað þegar inn í hring kom til hans 12 ára öldungur sem hann hafði verðlaunað sem besta hund sýningar 10 árum áður, það var gott að sjá að hve góðu formi hann var enn í. Molin telur íslenska fjárhundinn vera í góðum höndum hérna heima.

VANDA VAL Á INNFLUTTUM HUNDUM

Á sunnudeginum dæmdi Nils petit basset griffon vandeen sem hann taldi vera af miklum gæðum. Rakkinn var af góðri stærð og var ekki með of stuttar lappir eins og tíðkast.

Hann dæmdi einnig þýska fjárhundinn en þótti ekki mikið til hans koma. Hann sagði ræktendur þurfa að velja val innfluttra hunda betur. Hann hafi dæmt eina tík sem var innflutt frá Þýskalandi sem engin ástæða væri að hafa hér því hún mun ekki hjálpa við bætingu stofnsins.

Hann naut dvalar sinnar á Íslandi vel eins og alltaf. Framkvæmd sýningarinnar var til fyrirmyndar sem og starfsfólkið sem var þarna allt í sjálfboðastarfi.

GERARD JIPPING

GÓÐUR FÖÐURBETRUNGUR

Gerard Jipping var virkilega ánægður með pomeranian hvolpinn sem varð besta ungviði sýningar en hann dæmdi hann í tegund. Á laugardeginum dæmdi hann svo fullorðnu pomeranian hundana og hann valdi rakka sem besta hund tegundar sem var af miklum gæðum. Seinna frétti hann að rakkinn væri faðir hvolpsins, þetta var hann ánægður að heyra enda ætti hvolpur ávallt að vera föðurbetrungur. Hann sagði ræktanda þeirra vera að gera góða hluti fyrir tegundina.

MISMUNANDI Í TÝPU OG GÆÐUM

Á sunnudeginum dæmdi Jipping unga bearded collie tík sem hann var hrifinn af. Hún hreyfði sig látlaust í hringnum og er viss um að hún verði framúrskarandi þegar hún hefur tekið út þroska.

TEGUNDAHÓPUR 2: 1. SÆTI
ISJCh RW-17
Skeggjastaða Bernhard Kolbeinn Jr., IS21710/16
Miniature schnauzer, black & silver
Eigandi: Lára Bjarney Kristinsdóttir
Ræktandi: Lára Bjarney Kristinsdóttir

TEGUNDAHÓPUR 7: 1. SÆTI
C.I.E ISShCh RW-15-17 NLM Loki, IS18969/13
Hungarian short-haired vizsla
Eigandi: Ragnar Már Þorgrímsson
Ræktandi: Árni Gunnar Gunnarsson

TEGUNDAHÓPUR 8: 1. SÆTI
ISShCh RW-15-17 Leirdals Sóley, IS19660/14
English cocker spaniel
Eigandi: Þórdís M. Hafsteinsdóttir
Ræktandi: Þórdís M. Hafsteinsdóttir

TEGUNDAHÓPUR 9: 1. SÆTI
ISCh RW-17 Royal Frise New Kid In Town, IS21572/16
Bichon frise
Eigendur: Sigrún Vilbergsdóttir &
Ásta María Guðbergsdóttir
Ræktandi: Lazar A. Diana

BESTI UNGLIÐI SÝNINGAR: 1. SÆTI
Whippet
Pendahr Preston
Eigandi: Selma Olsen
Ræktendur: Ingunn Ohrem & Hanne Thorkildsen

BESTI RÆKTUNARHÓPUR LAUGARDAGS: 1. SÆTI
Tibetan spaniel
Tíbráar Tinda – ræktun
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

BESTI AFKVÆMAHÓPUR LAUGARDAGS: 1.SÆTI
Tibetan spaniel
ISCh Toyway Tim-Bu & afkvæmi

BESTI RÆKTUNARHÓPUR SUNNUDAGS: 1.SÆTI
Nova scotia duck tolling retriever
Heimsenda – ræktun
Ræktandi: Lára Birgisdóttir & Björn Ólafsson

BESTI AFKVÆMAHÓPUR SUNNUDAGS: 1.SÆTI
English cocker spaniel
C.I.E. ISShCh RW-16-17 NLM
Cockergold So U Think U Can Dance & afkvæmi

Hann fékk í hringinn sinn stóran hóp af áströlskum fjárhundum en þar sagði hann gæði hundanna sem og týpuna vera mjög mismunandi. Hann ítrekaði að ræktendur þyrftu að hafa varann á í tegundinni. Það ætti að rækta til þess að bæta stofninn en ekki eftir sýningarniðurstöðum. Sama átti við um border collie-inn.

NIÐUR Á VIÐ Í GÆÐUM

Gerard hafði alltaf haft orð á því hve góðir siberian husky hundar væru á Íslandi þar sem hann hafði dæmt þá fyrir nokkrum árum áður. Hann varð þó fyrir vonbrigðum þegar hann sá hvernig gæðunum hafði farið niður á við. Það var enginn hundur sem bar yfir þessum x-factor sem allir leita af.

VIRÐING FYRIR DÓMARANUM

Gerard Jipping dæmdi einnig mjóhunda sem hann var í heildina ánægður með. Það var ung borzoi tík sem var falleg en hún vildi því miður ekki sýna sig. Whippet var af miklum gæðum og voru hundarnir þar með rétta topplínu og af réttri stærð.

Þegar hann var spurður um dvöl sína og upplifun sína á sýningunni gat hann ekki annað en hrósað starfsfólkinu. Allir sem unnu í hring hjá honum stóðu sig frábærlega, allt gekk smurt og vandamál voru leyst eins og skot. Einnig vildi hann hrósa sýnendum fyrir framkomu þeirra í hring. Þeir voru kurteisir og sýndu honum og öðrum dómurum mikla virðingu í hringnum. Það er dýrmætt að koma inn í andrúmsloft sem þetta enda tíðkast þetta því miður ekki alls staðar í heiminum.

UNGIR SÝNENDUR

UNGIR SÝNENDUR - YNGRI FLOKKUR: 1. SÆTI
Hrönn Valgeirsdóttir

UNGIR SÝNENDUR - ELDRI FLOKKUR: 1. SÆTI
Vaka Víðisdóttir

ISCH ISJCH RW-17

ARKENSTONE DRIVING MISS DAISY – „BLÍÐA“

Á Winter Wonderland sýningu HRFÍ í nóvember varð irish soft-coated wheaten terrier tíkin ISCh ISJCh RW-17 Arkenstone Driving Miss Daisy „Blíða“ besti hundur sýningar. Blíða er tveggja ára gömul og er í eigu Helgu K. Guðmundsdóttur en Hilda Björk Friðriksdóttir ræktaði hana. Blíða kemur úr fyrsta gotinu hjá Hildu Björk og er þetta alveg framúrskarandi árangur hjá þessum unga ræktanda en hún er aðeins tuttugu ára gömul. Sámur fékk að leggja nokkrar spurningar fyrir ræktanda Blíðu.

Besti hundur sýningar á WINTER WONDERLAND sýningu félagsins

TEXTI: HAFDÍS JÓNA ÞÓRARINSDÓTTIR

HAFÐIRÐU EINHVERJA HUGMYND UM AÐ HÚN YRÐI SVONA GOTT EINTAK?

Nei, í rauninni ekki. Hún var alltaf fallegur hvolpur en var ekki fyrsta valið mitt úr gotinu þar sem hún var ekki með eiginleika sem ég var að sækjast eftir. Hún varð þó alltaf betri og betri með hverri viku og þegar hún var orðin nokkurra mánaða gömul fór hún á sína fyrstu hvolpasýningu þar sem hún vann tegundina og endaði sem fjórða besta ungviði sýningar. Sá dómari nefndi einmitt þá að þetta væri tík sem gæti unnið hvar sem er í heiminum þegar hún yrði eldri.

SÁSTU GÆÐIN STRAX EÐA KOMU ÞAU FRAM SEINNA?

Hún var voða venjuleg sem hvolpur en alltaf falleg og bar ekkert meira af en hinir hvolparnir. Hún varð samt alltaf betri og þroskaðist ótrúlega vel, betur en ég átti von á. Ég tel að eigandi hennar, Helga, eigi stóran þátt í því. Hún hugsar frábærlega um hana.

HVAÐ TELUR ÞÚ ÞAÐ VERA SEM HEILLAR DÓMARANA?

Hún býr yfir einstaklega fallegum hreyfingum og hreinlega svífur um gólfið. Sýnandi hennar nefndi eitt sinn að það væri eins og að hlaupa með ekki neitt í taumi því hún er svo létt á sér. Hún er einnig með virkilega góðan feld sem þroskaðist mjög vel. Vanalega tekur það upp í þrjú ár að ná jafn góðum feldi og hún var komin með rúmlega ársgömul. Einnig heillar blíða skapið hennar alla dómara upp úr skónum.

HEFUR HENNI ALLTAF GENGIÐ VEL Á SÝNINGUM?

Henni byrjaði að ganga mjög vel á sýningum þegar hún var orðin rúmlega eins árs, búin að taka út þroska og komin með fínan feld. Hún hefur unnið tegundina núna fimm sinnum og þar af lent einu sinni í þriðja sæti, tvisvar sinnum í öðru sæti og tvisvar sinnum í fyrsta sæti í tegundahópnum sem er frábær árangur fyrir þennan unga hund. Hún hefur fengið magnaðar umsagnir þar sem dómarar hafa ekki gert annað en hæla henni. Yvonne Ladd-Cannon sem dæmdi hana rúmlega árs gamla vildi hana meira segja keypta og fékk tár í augun þegar hún dæmdi hana. Aldrei nokkurn tímann hefði mér þó dreymt að hún myndi verða besti hundur sýningar og hvað þá svona ung.

EN FORELDRAR HENNAR, HVERNIG GEKK ÞEIM Á SÝNINGUM?

Júlía, gotmóðir hennar, gekk yfirleitt mjög vel á sýningum, fékk góðar umsagnir og lenti yfirleitt í sæti í tegundarhópnum þrátt fyrir að leiðast sýningarnar. Hún kláraði bæði íslenska- og alþjóðlega meistaratitilinn sem og Reykjavík Winner 2016. Brian, gotfaðir hennar, var ekki sýndur oft en hann kláraði einnig íslenska- og alþjóðlegameistaratitilinn. Hann náði alltaf sæti í tegundahópnum þegar hann sigraði tegundina.

HVERNIG ER RÚTÍNAN Í SNYRTINGU OG HREYFINGU?

Ég hefði ekki getað beðið um betri eiganda fyrir Blíðu, Helga sinnir henni alveg upp á tíu. Hún hreyfir hana daglega og er Blíða ávallt við hennar hlið þegar hún er að dunda sér í garðinum eða annars staðar. Helga er einnig ótrúlega dugleg að sinna feldinum hennar með því að greiða henni reglulega, baða hana og næra hann vel. Árangur hennar væri aldrei svona mikill án allrar vinnunnar sem Helga leggur í Blíðu. Hún á stóran heiður í allri velgengni hennar.

Hver er stærsti kosturinn við Blíðu?

Án nokkurs vafa er skapið hennar stærsti kostur. Hún er ljúf sem lamb enda heitir hún Blíða. Hún er opinn karakter og tekur ávallt vel á móti öllum en þá sérstaklega þegar hún hittir sýnanda sinn, hana Hafdísi, en þá er yfirleitt hoppað og skoppað af kæti. Hún er auðveldur heimilishundur og veitir Helgu mikla ánægju í líf sitt og í raun öllum öðrum sem Blíða hittir.

HUNDATENGT STARF:
STÖRF Á SKRIFSTOFU HRFÍ

Í Sámi má reglulega finna kynningar á hinum ýmsu hundatengdu störfum en nýverið fór fulltrúi ritnefndar í heimsókn á skrifstofu Hundaræktarfélagsins og fékk að kynnast þar aðeins daglegu starfi.

TEXTI OG MYNDIR: ANJA BJÖRG KRISTINSDÓTTIR

Á skrifstofu Hundaræktarfélags Íslands starfa þrír starfsmenn. Guðný Rut Isaksen, sem er verkefnastjóri félagsins hefur yfirumsjón með daglegum rekstri svo sem greiðslu reikninga, skipulagningu og undirbúning viðburða, sem og hún sér um skráningu ræktunarnafna og fleiri tilfallandi verkefni.

Erna Sigríður Ómarsdóttir er starfsmaður skrifstofu og sér um umskráningar á erlendum hundum, hún sér einnig um tölvumálin þ.e.a.s. uppfærslu á hrfi.is og voff.is, vinnslu og gerð ættbóka, heilsufarsskráningar sem og gerð reikninga.

Hilda Björk Friðriksdóttir er svo nýjasti starfsmaðurinn sem sér um gerð reikninga, skráningu á viðburði, skráningarvinnu á borð við eigendaskipti, titlaumsóknir og vefsíður.

Þær vinna þó líka mikið saman og hjálpast að eftir því hvað er í gangi hverju sinni. Fyrir stærri viðburði eins og sýningar og augnskoðanir er í nægu að snúast og snýst megnið af daglegu starfi um að undirbúa og vinna úr þessum stærstu viðburðum félagsins.

Á skrifstofuna koma stundum einnig sjálfboðaliðar og hjálpa til við ýmis tilfallandi verkefni eins og að taka við skráningum á sýningar á mestu álagsdögum, undirbúa augnskoðanir eða klippa niður sýningaborða en þeir eru keyptir inn í metravís og þarf að klippa þá alla niður. Þegar greinarhöfund bar að garði var Silla einmitt að aðstoða við að klippa niður borða, en hún er einn dyggasti sjálfboðaliði skrifstofunnar.

Boss er einnig „starfsmaður“ en hann er ástralskur fjárhundur sem fylgir Guðnýju í vinnuna. Stundum koma félagsmenn með hunda eða hvolpa með sér sem vekur alltaf mikla lukku starfsmanna.

Að sögn stelpnanna er nokkuð mikil pappírsvinna fólgin í öllum viðfangsefnum félagsins en það er vegna þess að tölvukerfi félagsins tengjast ekki hverju öðru. Allt er því dálítið gamaldags en verið er að vinna í því að finna lausn varðandi tölvukerfi félagsins, eins og mörgum félagsmönnum er kunnugt um. En það er snúið mál að finna rétta kerfið, sem talar við önnur kerfi í notkun t.d. varðandi skráningar, heilsufar, úrslit hverskonar og einnig er það kostnaðarsamt.

Erna hefur verið upp á síðkastið að skipuleggja og taka til í geymslunum sem hafa að geyma gamlar ættbækur frá upphafi skráninga, niðurstöður heilsufarsprófa, Sámsblöð, dóma frá sýningum svo eitthvað sé nefnt. Öll þessi gögn eru á pappír, og gífurleg vinna felst í að færa það sem hægt er á rafrænt form, flokka það og merkja. Félagið byggir á upplýsingum og því er nauðsynlegt að upplýsingar séu skipulega geymdar og að auðvelt sé að finna þær þegar þarf.

Mikið af fyrirspurnum koma í gegnum síma af hinu ýmsu tagi, varðandi hunda almennt, félagsstarf, viðburði og allt þar á milli. Einnig er mismunandi milli daga hvort það kemur mikið af fólki á skrifstofuna. Stundum hringir síminn mikið, og fáir koma og svo öfugt. Starfsmönnum finnst alltaf skemmtileg að sjá andlitin þegar fólk kíkir við.

NÝR HEIÐURSFÉLAGI:
LILJA DÓRA HALLDÓRSDÓTTIR

Í nóvember síðastliðnum ákvað stjórn að útnefna nýjan heiðursfélaga í Hundaræktarfélagi Íslands en Lilja Dóra Halldórsdóttir var heiðruð með gullmerki þann 24. nóvember 2017.

TEXTI: HAFDÍS JÓNA ÞÓRARINSDÓTTIR ÁSAMT HERDÍSI HALLMARS OG ÞORSTEINI THORSTEINSON

Lilja Dóra hefur starfað í og fyrir félagið í kærkomin 30 ár og hefur hún lagt mikið af mörkum í þágu félagsins á nánast öllum sviðum. Skilyrði fyrir veitingu gullmerkis félagsins er að viðkomandi hafi lagt sérlega mikið af mörkum í þágu málefna félagsins og það á svo sannarlega við Lilju Dóru.

Lilja Dóra Halldórsdóttir hefur ávallt haft hund sér við hlið en hún ólst upp með þjóðarhundinum okkar, íslenskum fjárhundi. Seinna átti hún labrador retriever en árið 1998 eignaðist hún shetland sheepdog sem hefur átt hjarta hennar síðan. Í dag ræktar hún shetland sheepdog ásamt áströlskum fjárhundi undir ræktunarnafninu Undralands. Lilja hefur ávallt haft brennandi áhuga á öllu sem við kemur hundum og líður aldrei sá dagur sem lífið snýst ekki að einhverju leyti um hundana. Lilja Dóra lærði hundaþjálfun og var kennari við Hundaskóla Hundaræktarfélags Ísland og Hundaskólann á Bala í mörg ár. Hún hefur einnig réttindi sem sporaleitardómari og kennari sem og réttindi til að dæma hlýðni, stig I og II.

Í dag er Lilja Dóra einna helst sýnilegust hinum almenna félagsmanni sem sýningastjóri á sýningum félagsins og hefur verið ómissandi í því starfi, alltaf til taks þegar eitthvað kemur uppá eða ef eitthvað vantar. Hún hefur setið lengi í sýningastjórn félagsins og er nú einnig í sýninganefnd. Hún situr einnig í sýningadómaranefnd sem hefur haldið utan um og mótað menntun sýningadómara á Íslandi. Lilja Dóra er sjálf sýningadómari og hefur nú réttindi til að dæma sex hundakyn sem verða eflaust fleiri með tímanum. Kunnáttu sína á því sviði nýtir hún vel í ræktunar- og staðlanefnd félagsins.

Félagið er einstaklega heppið að eiga Lilju Dóru að en hún er menntuð sem lögfræðingur og útskrifaðist úr MBA-námi með hæstu einkunn frá Vlerick Leuven Gent Management School sem er byggður á grunni tveggja af virtustu háskólum Belgíu. Félagið hefur notið góðs af þekkingu hennar og hefur hún veitt stjórnum almenna lögfræðiráðgjöf, skrifað regluverk HRFÍ og aðstoðað við bréfaskriftir. Þekking hennar nýtist ekki einungis félaginu heldur er hún ötul baráttumanneskja fyrir réttindum allra hundaeigenda og hefur oft verið talsmaður Hundaræktarfélags Íslands fyrir málstaði hundaeigenda og situr hún nú í einungrunarteymi félagsins.

Flestir sem hafa tekið þátt í starfi félagsins okkar vita hver Lilja Dóra er, enda hefur hún mikilvæga rödd innan Hundaræktarfélagsins. Félagið er heppið að eiga jafn góðan bakhjarl og hún er og að geta leitað til hennar er ómetanlegt. Lilja Dóra er vel að heiðrinum komin eftir að hafa boðið fram krafta sína í áratugi. Fyrir hönd allra félagsmanna Hundaræktarfélags Íslands þökkum við Lilju Dóru fyrir ævinlega vel unnin störf og fyrir að halda vel utan um félagið sem og félagsmenn þess.

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 1. SÆTI
ANCh Maskarade's A Legend In My Own Time, AKCWS44074201
Siberian husky
Eigendur: Anthony & Adele M. Keyfel & Tiffanie E. Coe
Rækendur: Anthony & Adele M. Keyfel, Cindy & Gary Carnes

NORÐURLJÓSASÝNING HRFÍ

Helgina 2.-4. mars sl. fóru fram Norðurljósasýningar HRFÍ. Á föstudagskvöldinu fór fram hvolpasýning ásamt keppni ungra sýnenda en alls 145 hvolpar af 37 tegundum voru skráðir til leiks. Á laugardegi og sunnudegi voru skráðir 653 hundar af 100 hundategundum!

Dómarar sýningarinnar voru Göran Bodegård (Svíþjóð), Tiina Taulos (Finnland), Tuire Okkola (Finnland), Rui Oliveira (Portúgal) og Sóley Ragna Ragnarsdóttir (Ísland) sem dæmdu í fimm sýningarhringjum samtímis.

TEXTI: HAFDÍS JÓNA ÞÓRARINSDÓTTIR
LJÓSMYNDIR: ÓLÖF GYÐA RISTEN

DÓMARI: REBECCA GOVIK

UNGIR SÝNENDUR

Á föstudeginum fór fram keppni ungra sýnenda þar sem 17 ungmenni mættu til leiks. Keppt var í yngri flokki og eldri flokki og var dómari að þessu sinni Rebecca Govik frá Svíþjóð en hún er fyrrum ungur sýnandi.

EFNILEGIR UNGIR SÝNENDUR

Rebecca var virkilega hrifin af þeim ungu sýnendum sem kepptu á föstudagskvöldinu og þótti henni valið virkilega erfitt. Í yngri flokki var hún með mjög hæfileika unga krakka sem voru með góða nálgun við dómarann. Hún sagði að ef þau myndu halda áfram á sömu braut, æfa sig og læra að taka inn það sem er að gerast inni í hringnum þá ættu þau bjarta framtíð fyrir sér.

Í fyrsta sæti var ung stelpa með íslenskan fjárhund. Rebecca hreifst af því hve náttúrulega hún sýndi hundinn sinn, allt sem hún gerði hafði tilgang. Hún var með virkilega gott samband við hundinn sinn sem og dómarann. Í öðru sæti var einnig mjög hæfileikarík stelpa sem sýndi siberian husky. Hún þekkti tegundina sína vel og þá sérstaklega hvernig ætti að stilla honum upp og hver réttur hraði tegundarinnar er. Það eina sem hún ætti að hafa hugann á er að slaka örlítið á og treysta sjálfri sér svo hún verði betri bakgrunnur hundsins. Í þriðja sæti var stelpa sem sýndi tibetan spaniel. Hún vann vel með hundinum og hlustaði vel á dómarann. Hún mundi alltaf eftir því að byrja að hreyfa hundinn beint út frá dómaranum sem auðveldaði Rebeccu að sjá hreyfingar hundsins. Með ögn meiri æfingu hefði hún komist hærra. Fjórða sætið fór til ungrar stelpu með pug. Að sögn Rebeccu hafði hún besta andann í hringnum og greip hún augu hennar oft. Með meiri æfingu og betri tækni á hún bjarta framtíð fyrir sér.

Gæðin í eldri hópnum voru almennt mjög góð. Aftur, voru sýnendurnir með mjög góða nálgun við dómarann, við hundana og einnig við hina sýnendurna sem gladdi Rebeccu mjög. Að hennar mati er jafn mikilvægt að bera virðingu fyrir sjálfum þér og öðrum í hringnum.

Sigurvegari eldri flokks greip auga hennar frá upphafi en það var ung stelpa sem sýndi siberian husky. Hún var gott dæmi um góðan sýnanda – fullkominn bakgrunnur hundsins. Í öðru sæti var sýnandi sem sýndi whippet af mikilli ró og færni. Hún var með virkilega góða nálgun í hringnum og var einnig góður bakgrunnur hundsins. Í þriðja sæti var ung stelpa með strýhærðan vorsteh sem var með virkilega góða tækni. Hún hreyfði hundinn á réttum hraða og stillti honum rétt upp. Það voru aðeins smáatriði sem vantaði upp á hjá henni og telur Rebecca hana eiga virkilega bjarta framtíð fyrir sér. Í fjórða sæti var stelpa sem sýndi labrador sem var ekki sá auðveldasti. Henni tókst þrátt fyrir það að ná öllu því besta fram

úr honum og lét það virðast auðvelt. Það voru einnig smáatriði sem vantaði upp á hjá henni.

Þegar Rebecca var innt eftir ráðum eða ábendingum fyrir ungu sýnendurna segir hún þau vera á réttri braut með góða þjálfara en aðeins smáatriði sem vantar upp á. Hún nefndi meðal annars að passa alltaf upp á tímasetningar og reyna að vera tilbúin þegar þið eruð næst í röðinni, dómarinn ætti aldrei að þurfa að bíða of lengi. Einnig þarf að passa upp á það að byrja og enda ávallt fígúrur eins og 'fram og til baka hjá dómaranum.

Það er mikilvægt að sýnendur þekki tegundina sína vel ef ske kynni að dómarinn spyrji, sem og almenna þekkingu um hunda, til dæmis hvernig bit hundurinn er með.

Hún ráðlagði þeim einnig að fylgjast með öðrum sýnendum eða tegundum til þess að vera sem best undirbúin ef dómarinn skiptir um hunda í keppni. Það sýnir hæfni sýnanda ef hann getur sýnt aðrar tegundir.

TUIRE OKKOLA

GÓÐ GÆÐI HVOLPA

Á hvolpasýningunni dæmdi Tuire meðal annars þýska fjárhunda sem voru almennt af góðum gæðum. Golden retriever og labrador retriever hundarnir sem hún dæmdi voru tegundartýpískir og þeim gekk vel í úrslitunum. Í hringinn komu einnig nokkrir terrierhundar og var besti hvolpur tegundar í jack russel terrier tegundartýpískur.

EKKI NÆGILEGA STERKT SKAP

Á laugardeginum dæmdi Okkola miniature pinscher. Að hennar mati var skapið ekki nægilega sterkt í tegundinni og lyftu sumir þeirra ekki skotti. Hún valdi því rakkann sem var með besta skapið sem besta hund tegundar. Besta tíkin var ekki með góða undirlínu og aðrir voru ekki nógu búkstuttir eins og tegundin á að vera. Hún var einnig með boxer úr tegundahópi 2 sem voru af góðum gæðum og varð besti hundur tegundar hjá henni, seinna besti hundur tegundahóps undir dómaranum Rui Oliviera.

HREYFÐI SIG EINS OG DRAUMUR

Tuire dæmdi stærstu tegund helgarinnar, labrador retriever sem voru almennt af mjög góðum gæðum. Besti hundur tegundar var svört ungliðatík sem hreyfði sig eins og draumur í hringnum. Höfuðið hennar var ekki orðið fullþroskað en hreyfingarnar báru af. Í tegundahópnum var hún þó orðin heldur þreytt og sýndi sig ekki eins vel en Tuire verðlaunaði hana þó fyrsta sætinu. Hún dæmdi einnig golden retriever sem var af mismunandi týpu og valdi hún tík sem henni þótti vera tegundartýpískust.

GÓÐIR ÞÝSKIR FJÁRHUNDAR

Á sunnudeginum dæmdi Tuire meðal annars þýskan fjárhund. Henni þótti mikið til þeirra síðhærðu koma og voru þeir af góðum gæðum. Að hennar mati voru þeir síðhærðu almennt betri en þeir snögghærðu en þeir voru samt sem áður einnig af mjög góðum gæðum. Hún var ánægð með síðhærðu tíkina sem sigraði tegundina og varð seinna annar besti hundur í tegundahópi 1 sem og með snögghærða rakkann sem sigraði tegundarhópinn og varð fjórði besti hundur sýningar.

MISJÖFN GÆÐI TERRIERHUNDA

Tuire dæmdi allar tegundir í tegundarhópi 3. Dandie dinmont terrier rakkinn sem varð besti rakki var ekki verðlaunaður CACIB þar sem hann var ekki nægilega þroskaður en hinn rakkinn hafði ekki rétta feldgerð. Eina tíkin fékk einkunnina 'good' því hún var of lág á fótinn. Manchester terrier var fínn en glímdi því miður við húðvandamál og gat hún því ekki veitt meistaraefni. Silky terrier hafði ýmist ekki sterka topplínu eða ranga feldgerð. Meistaratíkin sigraði tegundina og var týpísk en einnig voru ágætir ungliðar sem gætu orðið sterkir í framtíðinni. Yorkshire terrier hundarnir voru af mismunandi týpu en þeim skorti stílinn sem tegundin á að búa yfir. Sigurvegari tegundarinnar var af réttum hlutföllum og með rétta feldgerð sem var í góðu ástandi.

Border terrier var af góðum gæðum. Tíkin sem varð þriðja besta tík var með besta höfuðið en var með of uppdregna undirlínu sem eyðilagði heildarmyndina og jafnvægi hennar. Besta tíkin var best á búkinn með ágætt höfuð en of stór eyru sem skemmdu svip hennar. Hún valdi þá tík því það þarf að velja þann hund sem lítur best út í heildina, að hennar mati. Cairn terrier hundarnir sem mættu til leiks þóttu ekki nægilega tegundartýpískir og voru ekki sýningareintök en voru með virkilega gott skap.

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 2. SÆTI
DKCh ISCh
Demetríu Bruce, IS18059/13
Tibetan spaniel
Eigandi: Guðrún Helga Harðardóttir
Ræktandi: Guðrún Helga Harðardóttir

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 3. SÆTI
C.I.B. ISCh NLM
Oogie Boogie Man, IS19213/14
Afghan hound
Eigandi: Hilda Björk Friðriksdóttir
Ræktendur: Sunníva Hrund Snorradóttir &
Svava Arnórsdóttir

BESTI HUNDUR SÝNINGAR 4. SÆTI
C.I.E. ISShCh NLM
Kolgrímu For Your Eyes OnlyHólm, IS16417/11
German shepherd dog, short-haired
Eigandi: Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Sirrý Halla Stefánsdóttir

BESTI ÖLDUNGUR SÝNINGAR 1. SÆTI
ISVetCh Allert's Custom-Made, IS14215/10
English cocker spaniel
Eigandi: Sigurbjörg Traustadóttir
Ræktendur: Börje & Theres Johansson

BESTA UNGVIÐI SÝNINGAR 1. SÆTI
Miðnætur Island Of Utopia, IS24279/18
Eigandi: Viktoriya Bobrova
Ræktandi: Stefán Arnarson

BESTI HVOLPUR SÝNINGAR 1. SÆTI
Mow-Zow Halina, IS24252/18
Eigendur: Auður Valgeirsdóttir & Helga Kolbeinsdóttir
Ræktandi: Katja Rita

TEGUNDAHÓPUR 2: 1. SÆTI
ISJCh ISShCh
Bjarkeyjar Last But Not Least, IS21942/16
Boxer
Eigandi: Inga Björk Gunnarsdóttir
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir

ÖÐRUVÍSI SNYRTING EN TÍÐKAST Í SKANDINAVÍU

Bedlington terrier tíkin sem vann tegundina var af mjög góðum gæðum og þá sérstaklega standandi, feldurinn var réttur en var enn að koma. Það skemmdi þó fyrir tíkinni hve hátt hún bar skottið á hreyfingu.

Irish soft coated wheaten terrier voru af góðum gæðum en þeir voru snyrtir á annan máta en hún er vön í Skandinavíu. Það hafði ekki verið skilið eftir neitt skegg á hundunum sem gerði það að verkum að höfuðið virtist vera úfið. Hún hefði viljað sjá lengra skegg og höfuðið betur mótað. Sigurvegari tegundarinnar var ungliðatík sem var mjög stutt í búk og var enn ung og snyrtingin ekki enn búin að spilla henni. Þrátt fyrir snyrtinguna var hún virkilega hrifin af tíkinni og vann hún seinna tegundarhópinn undir Tuire.

DÁSAMLEGIR ÖLDUNGAR

Tuire var virkilega hrifin af öldungunum sem komu inn í hring til hennar í úrslitum. Enska cocker spaniel tíkin sem bar sigur úr býtum var af háum gæðum en hún sagði þó úrslitin hafa getað verið allt önnur á öðrum degi.

RUI OLIVERA

ALGENGT VANDAMÁL SEM EYÐILEGGUR HEILDARMYNDINA

Rui Olivera dæmdi meðal annars schnauzer á hvolpasýningunni þar sem hann sá of algengan galla. Skott hundanna var almennt of lágt niðri á bakinu og hringað sem er ekki rétt fyrir tegundina. Þetta er vandamál sem ræktendur ættu að reyna að koma sér út úr því þetta skemmir heildarmynd hunds verulega. Einnig voru nokkrir með of mjúkan feld en annars voru þeir af góðri týpu. Hann dæmdi einnig papillon sem voru af góðum gæðum.

EKKI MÍN SÝN Á TEGUNDINNI EN HANN VAR SÁ BESTI

Rui dæmdi þó nokkrar tegundir úr tegundahópi tvö. Þar sagði hann stóra danann ekki vera af góðum gæðum sem og bernese mountain dog. Það hefði verið falleg tík en hún var mjög feimin en rakkinn var of mikið eins og st. bernhardshundur. Rui fékk í hringinn til sín allar stærðir og öll feldafbrigði af schnauzer og voru þeir almennt af góðri týpu en eins og fram kom áðan þá höfðu þeir tvö megin vandamál, skottið og feldgerðin. Það voru margir einstaklingar sem voru af góðri týpu en hringaða skottið þeirra skemmdi heildarmyndina. Þetta er vandamál sem unnt er að laga og ættu ræktendur að einbeita sér að því.

Hann dæmdi úrslit í tegundarhópi tvö og var þar boxer sem bar sigur úr býtum. Hann var af breskri týpu sem er ekki hans sýn á tegundinni en hann var sá besti af þeim öllum.

MEÐALGÆÐI Í TEGUNDARHÓPI 7

Tegundarhópur 7 er ekki sterkur í heiminum í dag að mati Olivera. Hann er sterkastur í Englandi og Ameríku þar sem hann er sameinaður með tegundarhópi 8. Hann sagði gæðin hér heima vera svipuð og erlendis. Hann var hrifinn af ungverska viszlu rakkanum sem sigraði einnig tegundarhópinn. Hann var í góðu jafnvægi og í réttum hlutföllum. Þar var einnig góður öldungur sem var með betra höfuð en ungi rakkinn en öldungurinn hefði þurft að vera í betra formi. Hann dæmdi einnig hund af tegundinni italian pointing dog sem honum þótti góður en með of stórt höfuð og of grófur. Hundarnir af setter-kynjum voru af meðalgæðum en voru flestir með léleg „pastern" (sbr. úlnliður) sem er ekki gott fyrir vinnuhunda. Restin af hundunum í tegundarhópi 7 voru einnig af meðalgæðum.

Hann dæmdi einnig hunda úr tegundarhópi 9. Þar á meðal papillon þar sem hann sagði gæðin vera góð. Tíkurnar voru almennt af mjög góðum gæðum en voru færri rakkar af jafn miklum gæðum. Hann var ánægður að heyra að fyrstu þrjár tíkurnar voru allar skyldar – besta tíkin var dóttir öldungatíkarinnar sem varð önnur besta tík. Rakkinn var einnig dásamlegur með góðan feld og rétta topplínu. Tíkin sýndi sig þó mun betur og hefði verið stöðugri í tegundarhópnum og valdi hann því hana. Rakkann vantaði meira sjálfsöryggi. Hann dæmdi einnig lhasa apso og var þar tík sem hann var virkilega hrifinn af.

FALLEGT AÐ SJÁ HEILBRIGÐAN ÖLDUNG

Rui dæmdi þó nokkra öldunga yfir helgina og þótti mikils til þeirra koma. Þá sérstaklega í papillon, welsh corgi pembroke og vizlu. Rui og Göran skiptust á nokkrum orðum varðandi góð gæði öldunga hér á landi og nefndi Göran hve yndisleg skapgerð öldunga er sem koma á sýningu, að þeir elski að sýna sig. Það er alltaf jafn fallegt að sjá heilbrigðan öldung.

TEGUNDAHÓPUR 4/6 VEIKUR

Rui dæmdi úrslit tegundarhóps 4/6 þar sem hann sagði hópinn vera veikan. Það hafði

verið erfitt að velja en miniature dachshund rakkinn var bestur af þeim. Tegundarhópur 7 var af meðalgæðum eins og fram kom áðan en hann dæmdi einnig besta ungliða sýningar þar sem hann fékk marga fallega unga hunda í hringinn sinn. Hann var virkilega ánægður með efstu fjögur sætin sín og þá sérstaklega íslenska fjárhundinn sem var gullfallegur.

MIKLAR BREYTINGAR

Rui var að dæma hér á landi í þriðja sinn. Hann dæmdi aðrar tegundir en hann hefur áður gert hér og gat því lítið sagt um hvort gæðum hafi farið fram eða ekki. Hann tók þó eftir miklum breytingum. Þegar hann dæmdi hér síðast var hann með stóran hóp af labrador og sagði hann gæðin framúrskarandi og tíkin sem sigraði þar var nánast gallalaus. Honum þótti ekki jafn mikið til þeirra labradora koma sem hann sá yfir helgina. Hann hafði einnig dæmt japanskan chin síðast sem voru af góðum gæðum en það hafði enginn hundur af því kyni mætt til leiks um helgina. Það eru því miklar breytingar að gerast á landinu en gæðin þó góð. Hann var virkilega ánægður með dvöl sína hér og þykir alltaf gaman að dæma á Íslandi.

SÓLEY RAGNA RAGNARSDÓTTIR
ÞRÖNGAR NASIR OG STUTTIR BRJÓSTKASSAR

Sóley Ragna Ragnarsdóttir dæmdi chihuahua á hvolpasýningunni og voru það mjög efnilegir hundar sem komu í hringinn til hennar. Rakkinn sem vann í síðhærða afbrigðinu var ofboðslega fínn, vel gerður og hreyfði sig vel. Hann var með virkilega fallegt höfuð og gott jafnvægi. Tíkin sem vann í snögghærða chihuahua var mjög sæt og efnileg tík en það vantaði aðeins upp á skapið. Hún á bjarta framtíð fyrir sér en það þarf að vinna í henni. Cavalier hvolparnir voru almennt af fínum gæðum.

Pug ræktendur þurfa að hafa varann á. Það þarf að fylgjast vel með nösunum sem eru að verða frekar þröngar þar sem það vantar meiri breidd í höfuðið – nef og trýni eiga að vera helmingur af höfðinu. Það þarf einnig að passa upp á of stutta brjóstkassa og stutt brjóstbein. Flestir hvolparnir voru með þessa galla sem gerir það að verkum að það er minna pláss fyrir mikilvæg líffæri.

LANGT SÍÐAN HÚN SÁ JAFN EFNILEGAN HUND

Á sunnudeginum dæmdi Sóley Ragna hunda úr tegundarhópi 9. Petit brabancon tíkin var ung og virkilega efnileg en átti helling inni í þroska og þyrfti að gefa henni tíma. Griffon bruxellois ungliða rakkinn sem varð besti hundur af gagnstæðu kyni var frábær. Það var langt síðan hún hafði séð jafn efnilegan hund. Hann var þó aðeins of ungur og átti inni mikinn þroska sem var ástæðan fyrir því að hann tók ekki tegundina. Tíkin sem vann var einnig ofboðslega falleg og rétt á allan hátt. Hún var þó einnig ung og vantaði upp á þroska í feld og haus.

EKKI ÝKTUR EN SAMT FULLUR AF TÝPU

Sóley dæmdi einnig fullorðnu chihuahua hundana. Snögghærði var yfir heildina mjög fínn og gæðin almennt betri en þegar hún dæmdi þá fyrir tveimur eða þremur árum síðan. Þeir voru með betri afturparta og þar af leiðandi betri afturspyrnu á hreyfingu. Hundarnir voru vel gerðir en það þarf að fylgjast með stuttum brjóstkössum. Heilbrigði hundanna var gott og ekki mikið af of stuttum trýnum eða útstæðum augum. Hún var virkilega hrifin af rakkanum sem tók tegundina, hann var virkilega flottur fulltrúi sinnar tegundar, ekki ýktur á neinn hátt en samt fullur af týpu. Tíkin sem vann var virkilega góð tík, aðeins of löng og stór en unun að horfa á hana á hreyfingu. Hún var svo rétt virkandi. Síðhærði chihuahua var einnig mjög fínn yfir heildina. Margir góðir hausar og hundarnir hreyfðu sig almennt vel. Eina vandamálið sem hún tók almennt eftir voru of stuttir brjóstkassar. Hún var virkilega ánægð með skapið; hundarnir voru opnir, hressir og sýndu sig virkilega vel. Þeir bökkuðu ekki frá dómara eða glefsuðu sem er algengt í tegundinni.

„SJÁÐU MIG, HORFÐU Á MIG“ FRAMKOMA

Sóley dæmdi nokkuð stóran hóp af cavalier sem var almennt af góðum gæðum en af frekar ólíkum týpum og fékk hún allan skalann á þeim í hringinn til sín. Hundarnir sem unnu voru virkilega góðir fulltrúar sinnar tegundar. Rakkinn sem sigraði tegundina átti hringinn með sitt „sjáðu mig, horfðu á mig“ framkomu. Hann var í mjög góðu jafnvægi og með guðdómlegt höfuð. Tíkin sem varð besti hundur af gagnstæðu kyni var einnig dásamleg og full af gæðum en hún hefði viljað hafa aðeins meiri framkomu í henni, ef

TEGUNDAHÓPUR 3: 1. SÆTI
Arkenstone A Girl Worth Fighting For, IS23472/17
Irish soft coated wheaten terrier
Eigandi: Hilda Björk Friðriksdóttir
Ræktandi: Hilda Björk Friðriksdóttir

TEGUNDAHÓPUR 4/6: 1. SÆTI
ISShCh Luna Caprese Hip Hop Hurrah, IS22476/16
Dachshund, miniature, long-haired
Eigandi: Rafn Karlsson
Ræktandi: Francesco Lamarca

TEGUNDAHÓPUR 7: 1. SÆTI
C.I.E ISShCh RW-15-17 NLM Loki, IS18969/13
Hungarian short-haired vizsla
Eigandi: Ragnar Már Þorgrímsson
Ræktandi: Árni Gunnar Gunnarsson

TEGUNDAHÓPUR 8: 1. SÆTI
Hrísnes Ugla II, IS23257/17
Labrador retriever
Eigandi: Anna Ingvarsdóttir
Ræktandi: Þuríður Hilmarsdóttir

BESTU RÆKTUNARHÓPAR LAUGARDAGS: 1.SÆTI
English cocker spaniel
Leirdals – ræktun
Ræktandi: Þórdís M. Hafsteinsdóttir

BESTI AFKVÆMAHÓPUR LAUGARDAGS: 1. SÆTI
English cocker spaniel
C.I.E. ISShCh RW-16-17 NLM Cockergold So U Think U Can Dance & afkvæmi

BESTI RÆKTUNARHÓPUR SUNNUDAGS: 1. SÆTI
German shepherd dog, short-haired
Gjósku – ræktun
Rækendur: Arna Rúnarsdóttir & Rúna Helgadóttir

BESTI AFKVÆMAHÓPUR SUNNUDAGS: 1. SÆTI
German shepherd dog, short-haired
RW-14 Gjósku Mylla & afkvæmi

hún hefði mætt inn með sama viðhorf og rakkinn þá hefðu úrslitin getað breyst. Almennt voru hundarnir af góðum gæðum og með góða brjóstkassa en hún hefði viljað sjá betur fyllta hausa. Trýnið var stundum of mjótt og vantaði fyllingu undir augun og djúpt stop sem skemmir ljúfu svipbrigðin þeirra.

Það var algengt að hundarnir hafi verið frekar feitir, bæði í cavalier og chihuahua. Hundar eiga alltaf að vera í formi, þrátt fyrir að það sé vetur.

Í SKÝJUNUM MEÐ STARFSFÓLKIÐ

Sóley var í skýjunum með starfsfólkið sem vann í hringnum hennar sem og á sýningunni. Þau létu hlutina ganga vel og nutu þess að vera inni í hringnum. Hún nefndi að við erum í þessu því við höfum áhuga en ekki vegna þess að við höfum þetta að atvinnu og þá skiptir það svo miklu máli að njóta áhugamálsins. Sóley skemmti sér konunglega bæði á hvolpasýningunni og á alþjóðlegu sýningunni. Umgjörð sýningarinnar var til fyrirmyndar og mórallinn virkilega góður – það var fleira fólk í úrslitum og var frábært að hafa beina útsendingu af sýningunni og þá sérstaklega með þuli!

TIINA TAULOS
ÓÞEKKIR HVOLPAR

Dachshund hvolpurinn sem Tiina dæmdi á föstudeginum var með mjög góða topplínu, góðar hreyfingar og góð bein. Kassinn var frekar djúpur miðað við FCI standard en hann var samt sem áður dásamlegur. Siberian husky hvolparnir voru af mjög góðum gæðum og var tíkin sem varð seinna besti hvolpur sýningar með framúrskarandi hreyfingar. Hún hafði vænst meira af pomeranian en þeir voru frekar óþekkir sem gerði henni erfitt að skoða þá og dæma. Ensku cocker spaniel hvolparnir voru ekki af nægilega góðum gæðum en henni til mikillar hamingju var einn hvolpur í eldri flokki sem var mjög tegundartýpískur og af góðum gæðum og með rétta feldgerð.

Standard poodle tíkin var mjög tíguleg en hún hefði snyrt hana öðruvísi. Hún hefði skilið eftir meiri feld undir maganum að framanverðu því hún var í aðeins of stuttum hlutföllum. En hún var með dásamlegt skap og hreyfði sig vel um hringinn. Russian toy hvolpurinn var góður og af mun betri gæðum en fullorðnu hundarnir sem komu í hringinn seinna um helgina. Havanese hvolparnir voru ekki tegundartýpískir og vægast sagt erfitt að sjá að þetta hafi verið havanese. Rakkinn var af betri gæðum en hún sendi tíkina áfram í úrslitin því hún hafði hagað sér mun betur í hringnum. Bichon frise hvolparnir hefðu þurft meiri fyllingu í líkamann og voru örlítið of langir og háir.

KOMU VEL Á ÓVART

Enskur cocker spaniel þarf að vera með góðan, ávalan líkama og góða framparta að mati Tiinu. Fullorðnu hundarnir komu henni verulega á óvart á jákvæðan máta. Þeir voru með rétta feldgerð sem var í góðu ástandi og stærðin var hárrétt sem var dásamlegt að sjá. Í heildina voru gæðin virkilega góð. Eina vandamálið var höfuðið, hlutföllin voru ekki alltaf rétt og stundum voru þeir með of ávalar kúpur. Hún var virkilega hrifin af öldungatíkinni en undir lokin var hún byrjuð að þreytast og láta aldurinn bera á sér. Hún sagði ræktendur vera að gera góða hluti hér. Að hennar mati er alltaf frekar erfitt að dæma ameríska cocker spaniel þar sem þeir þurfa að búa yfir mörgum kostum til að teljast vera góðir. Marga skorti betri framparta og teygju í framhreyfingum. Öldungatíkin sem sigraði var dásamleg og af réttri stærð. Rakkinn sem varð besti hundur af gagnstæðu kyni var einnig af góðum gæðum en of hár á fótinn.

VÁ, ÞEIR LÍTA ÚT EINS OG TOLLERAR

Flat-coated retriever hundarnir komu einnig vel á óvart. Hún þurfti ekki að hugsa hvort þetta væri flatti eða einhver önnur tegund, þeir voru svo tegundartýpískir. Þeir voru með falleg höfuð og hreyfðu sig vel. En það sem kom henni mest á óvart voru nova scotia duck tolling retriever hundarnir. Hún var ekki viss um hvað hún myndi fá í hringinn þar sem gæðin eru mjög misjöfn erlendis. Það fyrsta sem kom upp í huga hennar þegar fyrsti hundurinn kom í hringinn var ‘Vá, þeir líta út eins og tollerar!’ Þeir voru af mjög góðum gæðum, réttri stærð og með góðan lit.

Enska springer spaniel tíkin var með rétt höfuð, góða topplínu og réttan afturpart en hún var með lélegan frampart sem spillti hreyfingum hennar. Springerar eiga að hreyfa sig á mjög einkennandi máta þar sem þeir henda framlöppunum áfram sem þeir geta ekki gert ef þeir eru með of beinan upphandlegg.

NAUT ÞESS AÐ HORFA Á ÞÁ HREYFA SIG, ÞVÍ ÞEIR GÁTU ÞAÐ

Tiina naut þess að dæma siberian husky hundana og horfa á þá hreyfa sig því þeir gátu það allflestir. Hún lét sýnendurna hreyfa hundana virkilega mikið því þeir eiga að geta hreyft sig til lengri tíma án þess að þreytast. Hún tók fljótt eftir því ef hundarnir voru ekki nægilega góðir því þá byrjuðu þeir fljótlega að missa bakið á hreyfingu og opna hæklana. Það þarf að gefa husky lausan taum, ekki draga þá og leyfa þeim að leggja höfuðið niður því það er týpísk hreyfing fyrir þá. Rakkinn sem vann tegundina og varð seinna besti hundur sýningar bjó yfir þessum eftirsótta 'wow factor'. Það var einn ræktandi með góða husky hunda af réttum hlutföllum og með góðar hreyfingar en höfuðlagið var undarlegt, með of lítið stop og mjóleit höfuð.

EKKI AF SÝNINGARGÆÐUM

Chow chow hundurinn sem kom í hringinn til hennar var ekki af sýningargæðum. Hlutföllin voru röng, feldurinn of mjúkur og langur og hundurinn of feitur. Samoyed var af ágætum gæðum en skorti feld og vantaði dæmigerða samoyed brosið – svo þeir minntu frekar á stóran hvítan spitz. German miniature spitz var í réttum hlutföllum og leit vel út standandi en vandamálið var í hreyfingunum og gat hún því ekki hleypt honum áfram. Pomeranian var af misjöfnum gæðum, margir of stórir og grófir en þeir eiga að vera fínbeinóttir. Eyrun voru ekki rétt sett og of stór og margir með of stutt trýni. Það var falleg tík sem varð besti hundur af gagnstæðu kyni en þar sem hún var ekki í feld lét hún rakkann vinna. Alaskan malamute rakkinn var af réttum hlutföllum og með ágætar hreyfingar en hann var ekki í feld og hefðu eyrun getað verið betri.

GÓÐAR 'ORIENTAL' TEGUNDIR

Að sögn Tiinu voru tibetan spaniel hundarnir af góðum gæðum og þá sérstaklega í tíkunum. Þeir voru með rétta feldgerð og í góðri stærð. Stærstu vandamálin sem hún tók eftir voru of hringlótt augu sem eyðileggja svipbrigði þeirra. Þeir skuli vera með sporöskjulaga augu sem gefur þeim sitt einkennandi austurlenska útlit. Það voru einnig margir með lélegan munn, rangt bit og veikan kjálka. Hún var virkilega ánægð með sigurvegarana sína. Hún vill þó brýna á því til sýnenda að vera ekki að hengja hundana og reyna að fá hálsinn upp því tibetan spaniel á aldrei að vera með langan háls og skal því sýna þá í lausum taumi.

Tiinu þótti pekingese rakkinn vera af mjög góðum gæðum, þetta var ungur hundur og var hægt að sjá það á feldgerðinni. Þeir eiga að vera með grófari yfirfeld en mjúkan undirfeld. Hann var með rétt höfuðlag, sterkan líkama, háa skottstöðu og mun vera enn betri þegar feldurinn kemur.

Shih tzu var almennt af góðum gæðum en af misjafnri týpu. Rakkinn sem vann var með mjög fallegt höfuð en hún hefði viljað hann örlítið styttri á líkamann. En hann var með góð bein og gott jafnvægi á höfði og skotti. Hefði hann verið styttri hefði hann fengið sæti í tegundarhópnum að hennar sögn.

VONSVIKIN MEÐ FRANSKAN BULLDOG OG PUG

Púðlurnar voru af ágætum gæðum en Tiina ræktar sjálf poodle með góðum árangri. Toy poodle var mjög tegundartýpísk en hún hefði viljað sjá hana hreyfa sig betur því hún leit út fyrir að vera að hjóla. Dverg púðlur voru af góðum gæðum, þær voru ungar og enn með mjúkan feld en af góðri týpu. Standard púðlan var af góðum gæðum en með veikan undirkjálka. En virkilega falleg og þrátt fyrir að vera öldungur enn í góðu sýningarformi og bar sig vel.

Tiina Taulos var vonsvikin með franskan bulldog. Þar var höfuðið stærsta vandamálið. Þeir voru tiltölulega heilbrigðir en gætu hafa haft stærri nasir og breiðari kjálka. Afturpartar voru einnig ekki nægilega góðir og hreyfðu þeir sig því ekki rétt.

Að hennar sögn voru pug hundar einnig vonbrigði. Margir voru með of miklar andlitshrukkur sem huldu andlitið og lítinn undirkjálka. Lág skottstaða var einnig vandamál og sá hún jafnvel hund sem var ekki með hringað skott. Tíkin sem varð besti hundur tegundar var ung og því ekki fullþroskuð en með rétt ávalt höfuð, rétta topplínu og góða skottstöðu. Besti rakkinn var svartur hundur af góðum gæðum og hreyfði sig vel en hefði mátt vera styttri í lendina.

FEITIR DACHSHUND

Tiinu þótti tibetan terrier of stór en af ágætri týpu. Boston terrier var ekki með nægilega góðan frampart og topplínu. Eyrun hefðu getað verið betri og spilltu þau svipbrigðunum. Einnig voru litamerkingarnar ekki heppilegar. Dachshund voru almennt af góðum gæðum en sumir með of háa skottstöðu, stutt rif eða hnúð á skottinu. Þeir voru ekki sterkasta tegundin en það var einn ræktandi sem sigraði jafnframt tegundarhópinn sem var með nokkra af góðum gæðum en sumir þeirra voru of feitir. Rakkinn sem vann tegundarhópinn var af háum gæðum, með góða topplínu og flottar hreyfingar en kassinn var dýpri en tíðkast í FCI.

GÆTI EKKI VERIÐ ÁNÆGÐARI MEÐ ÚRSLITIN

Tiina var virkilega ánægð með hundana sem hún valdi í tegundarhópnum. Unga pug tíkin var af góðum gæðum en leit út eins og hvolpur með hinum hundunum í hópnum en hún var viss um að hún yrði góð í framtíðinni. Hún var ánægð með tibetan spaniel rakkann sem sigraði tegundarhópinn undir henni og varð seinna annar besti hundur sýningar. Einnig var hún hrifin af lhasa apso tíkinni sem varð önnur. Hún var með réttan prófíl, virkilega góð feldgæði og rétta topplínu en trýnið hefði getað verið örlítið lengra og var hún ánægð að gefa henni annað sætið. Bichon frise tíkin var einnig af góðum gæðum en hefði getað verið snyrt betur því snyrtingin lét hana virðast langa í lendina og var of ýkt. Pekingese var einnig auðvelt val þar sem hann var af góðum gæðum.

Hún sagðist ekki geta verið ánægðari með úrslitin sín en hún dæmdi bæði besta hund sýningar og annan besta hund sýningar. Hundarnir sem kepptu um besta hund sýningar voru af háum gæðum. Þrátt fyrir að gæðin voru ekki alltaf góð í tegundunum þá voru sigurvegar tegundahópanna góðir og var þetta erfitt val.

VONANDI EKKI SÍÐASTA SÝNINGIN

Tiina var virkilega ánægð með umgjörð sýningarinnar, stóru hringina og góðu teppin. Starfsfólkið var frábært. Hún var ánægð með reynslu sína og vonar innilega að þetta hafi verið fyrsta en ekki síðasta sýningin sín hér á landi.

GÖRAN BODEGÅRD BJÓ YFIR ÖLLUM MIKILVÆGU KOSTUM TEGUNDARINNAR

Göran Bodegård var almennt ánægður með gæði hvolpanna sem hann dæmdi á föstudeginum. Þeir voru í góðu formi og mjög lofandi. Hann var virkilega ánægður með tibetan terrier hvolpana sem voru fallegir hundar af réttri stærð og með týpískt höfuð. Tibetan spaniel tíkin sem varð besti hvolpur sýningar var af mjög háum gæðum og bjó yfir öllum mikilvægu kostunum sem tegundin á að vera með.

KLASSÍSKIR AFGHAN HOUND

Á laugardeginum dæmdi Göran mjóhundana og bar afghanin af í þeim hópi. Rakkinn sem vann var lofandi hundur af réttri stærð,

BESTI UNGLIÐI SÝNINGAR: 1. SÆTI
Snætinda Klettur, IS23269/17
Íslenskur fjárhundur
Eigandi: Elsa Ingjaldsdóttir
Ræktendur: Sunna Líf Hafþórsdóttir, Hafþór Snæbjörnsson & Unnur Sveinsdóttir

UNGIR SÝNENDUR - YNGRI FLOKKUR: 1. SÆTI
Freyja Guðmundsdóttir

UNGIR SÝNENDUR - ELDRI FLOKKUR: 1. SÆTI
Vaka Víðisdóttir

með týpískar hreyfingar. Tíkin sem var besti hundur af gagnstæðu kyni var einnig mjög týpísk og "gamaldags" eða klassísk. Hún var í góðu jafnvægi og með betri teygju í framhreyfingum en rakkinn. Hann varð þó að gefa rakkanum sigurinn þar sem hann sýndi sig betur.

Whippet var af góðri týpu og í heildina af jöfnum gæðum. Það voru nokkrir sem voru stórir en hann refsaði þeim ekki fyrir það ef þeir voru af réttri týpu.

Göran dæmdi bæði feldafbrigði st. bernhardshunda og sagði hann snöggu tíkina sem vann tegundina geta unnið hvar sem er í heiminum, hún var af miklum gæðum. Sumir þeirra höfðu þó ekki nægilega sterkt skap. Bein og hlutföll voru almennt rétt. Helsta vandamálið sem hann tók eftir í tegundinni voru augun en þau voru of djúpt sett og augnlokin ekki rétt en þar sem þau voru ekki að hrjá hundana þá lækkaði hann ekki einkunn þeirra hunda sem voru með þann galla.

LÍFLEGAR UMRÆÐUR UM ÞJÓÐARHUNDINN

Göran var þess heiðurs aðnjótandi að dæma þjóðarhund okkar, íslenska fjárhundinn. Hann var virkilega hrifinn af þeim og þá sérstaklega af skapinu en flestir hundarnir vildu koma og setjast í kjöltuna hjá honum. Gæðin voru mjög há og jöfn og enginn hundur með áberandi alvarlegan galla. Hlutföllin voru rétt og greinilegur munur var á rökkum og tíkum. Sóley Ragna var dómaranemi hjá honum og átti hann með henni líflegar umræður um tegundina og þar sem hann er ekki reyndur dómari á íslenska fjárhundinn mat hann það mikils að hafa stuðning í hringnum.

EKKI HVÍTUR SCHÄFER

Göran sagði shetland sheepdog vera af góðum gæðum og ungliðarnir sem sigruðu tegundina voru góðir fulltrúar. Sumir voru þó aðeins of litilr og aðrir of stórir. Göran hældi ræktanda white swiss shepherd vel og sagði þær vera að standa sig vel. Hann segir white swiss shepherd ekki eiga að líta út eins og hvítur schäfer heldur eigi tegundin af hafa sín eigin einkenni. Öldungatíkin sem sigraði tegundina var gott dæmi um það. Einnig var afkvæmi hennar þar mjög lofandi þá sérstaklega ein tík en hún var því miður ekki í feld.

MISMUNANDI TÝPUR

Göran telur border collie oft vera vandamál þar sem það er ekki alltaf augljós munur á milli border collie og ástralsk fjárhunds. Border collie á að vera vinnusamur hundur og virkur. Margir voru ekki með nægilega góðan haus og það voru mismunandi týpur sem komu í hringinn en hann sætti sig við það þar sem tegundin var samþykkt seint. Þeir border collie sem þóttu bestir voru oft of langt gengnir að aussie útlitinu.

Briard var einnig af mismunandi týpu. Það var virkilega lofandi, ungur rakki sem kom í hringinn en hann var ekki fullþroskaður en á bjarta framtíð að mati Göran. Tíkin sem sigraði tegundina var ekki enn fullþroskuð en hlutföll hennar voru þau bestu og hún á bjarta framtíð.

Þeir bestu í ástralska fjárhundinum voru dásamlegir að sögn Göran. Aðrir voru ekki nægilega stuttir og hreinir í línum eins og á að leita eftir því það er það sem skilur þá að við border collie. Ástralski fjárhundurinn á að vera styttri. Flestir hundarnir hreyfðu sig vel og voru virkir en helsti gallinn var að þeir voru of langir.

HANN VAR ÓSIGRANDI

Siberian husky rakkinn sem sigraði tegundarhóp 5 undir Göran var framúrskarandi hundur að hans mati. Fullkominn millivegur af vinnuhundatýpu og sýningarhundi. Mest aðlaðandi gæði sem husky býr yfir er feldurinn og var hann hárréttur í hans tilfelli. Þessi hundur var sá rétti og það var svo augljóst í skrefum hans að hann væri ósigrandi.

Göran gerði husky rakkann seinna að besta hundi sýningar sem fullur af týpu. Hann var einnig virkilega hrifinn af tíbet spaníel rakkanum sem var mjög tegundartýpískur og með mikla framkomu. Afghan hound rakkinn var nútímalegur og með frábært skap. Hann hefði getað verið með betri teygju í framhreyfingunum en hafði samt sem áður alla mikilvæga kosti í tegundinni.

EFNILEGT UNGT FÓLK

Göran vildi brýna á því að minnka nammigjafir í hring. Sýnendur ættu að treysta hundunum sínum og að hundar eigi að vera viljugir til þess að vinna fyrir nammibitanum í nokkrar mínútur og fá hann eftir að dómi lýkur. Hann var virkilega ánægður að sjá hve mikið af ungu og efnilegu fólki er á Íslandi og að framtíðin væri björt.

Besti hundur sýningar á NORÐURLJÓSA sýningu félagsins

BIS MBISS AMCH CANCH ISCH

MASKARADE'S A LEGEND IN MY OWN TIME – „LEGEND"

Legend er frá Maskarade ræktun í Bandaríkjunum, en ræktendur hans eru Anthony og Adele Keyfel, og Cindy og Gary Carnes. Hann er í eigu ræktenda sinna, þeirra Anthony og Adele, ásamt Tiffanie E. Coe. Hér á Íslandi er hann í umsjá Ólafar Gyðu Risten Svansdóttur, í fóstri hjá Erlu Vilhelmínu Vignisdóttur, og sýndur af Vöku Víðisdóttur.

TEXTI OG MYND: ÓLÖF GYÐA RISTEN

Legend er útkoma fjögurra ára leitar af lánsrakka sem uppfyllti þær kröfur sem ég setti við leit mína af rakka til að para við tíkina mína. Ég sá Legend fyrst á mynd á Facebook og var samstundis seld. Ég hóf strax þá rannsóknarvinnu sem fylgir ræktun og endaði með að hafa samband við eigendur hans. Til að gera langa sögu stutta þá kom Legend til landsins ári seinna og kom úr einangrun á Valentínusardeginum sjálfum, þann 14. febrúar 2018.

Legend kom frábærlega út úr einangruninni og var mættur á sína fyrstu sýningu á Íslandi tveimur og hálfri viku seinna. Þrátt fyrir að vita hvað ég var með í höndunum átti ég aldrei von á útkomu sýningarinnar og að Legend myndi taka þetta alla leið og verða Besti Hundur Sýningar! Allir aðilar voru alveg í skýjunum og var þetta frábær byrjun á vist Legend á Íslandi.

Legend er „solid" byggður hundur með heillandi skapgerð og útgeislun. Hann velur sér einstakling á heimilinu til að elta eins og skuggi, og elskar að stela prjónadóti af fólki. Sérstaklega ef um alvöru ull er að ræða! Ekki nóg með það að hann hreyfi sig eins og enginn sé morgundagurinn, þá er hann heilbrigður og allt sem ég hafði getað óskað mér í lánsrakka. Ættbók hans er engu síðri og inniheldur marga þekkta hunda í gegnum sögu tegundarinnar sem hafa sýnt sig og sannað á sýningum og í ræktun. Sjálfum hefur Legend gengið mjög vel á sýningum bæði í Bandaríkjunum og Kanada og ber titla frá báðum löndum ásamt því að vera aðeins örfáum stigum frá því að verða „Silver Grand Champion" í Bandaríkjunum. Hann hefur svo tvisvar orðið Besti Hundur Sýningar á sérsýningum í Bandaríkjunum. Var ég því mjög heppin að fá þennan gullmola til landsins og er spennt fyrir framtíðinni. Ég vona að Legend skilji eftir sig hágæða hvolpa hér á landi sem munu veita eigendum sínum gleði og vonandi feta í fótspor foreldra sinna á sýningum.

Heimsendaræktun

Ræktendur ársins hjá HRFÍ

HEIMSENDA
TOP #1 BREEDER

Björn og Lára hafa í áratugi helgað sig ræktun og þjálfun hunda. Heimsendaræktun þeirra hefur náð frábærum árangri og gefið af sér tugi alþjóðlega og íslenska meistara. Undanfarin 16 ár hafa þau eingöngu fóðrað sína hunda á Pedigree hundafóðri.

Pedigree

Notaðu skynsemina
Pedigree fyrir hundinn Þinn!